



ML í lögfræði

Undanþága fjármálafyrirtækja frá virðisaukaskatti

Túlkun skattyfirvalda á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr.
50/1988 um virðisaukaskatt, með áherslu á greiðslumiðlun

Júní, 2020

Nafn nemanda: Eva Rós Haraldsdóttir

Kennitala: 170893 – 3369

Leiðbeinandi: Páll Jóhannesson

Útdráttur

Undanþága fjármálafyrirtækja frá virðisaukaskatti: túlkun skattyfirvalda á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með áherslu á greiðslumiðlun.

Allt frá setningu laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt hefur ákveðin starfsemi verið undanþegin virðisaukaskatti. Hefur ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sem kveður á um undanþágu fjármálafyrirtækja frá virðisaukaskatti, ekki verið breytt frá því að lögin tóku gildi. Er meginmarkmið þessarar ritgerðar að varpa ljósi á það hvernig túlkun skattyfirvalda á undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt hefur þróast í gegnum árin og er sérstök áhersla lögð á túlkun skattyfirvalda á ákvæðinu er varðar greiðslumiðlun. Enn fremur er stefnt að því að fjalla um þau vandamál sem núverandi lagaákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt hefur í för með sér.

Í ritgerðinni verður fjallað almennt um virðisaukaskatt, undanþágur frá virðisaukaskatti og alþjóðlegar skuldbindingar hvað hann varðar. Þá verður gerð grein fyrir inntaki undanþáguákvæðis 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og þeim vandamálum er tengjast virðisaukaskattsmeðferð fyrirtækja sem veita greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011. Jafnframt verður túlkun skattyfirvalda á ákvæðinu í gegnum árin skoðuð og hún borin saman við framkvæmd Evrópudómstólsins. Að lokum verður litið til sambærilegra undanþáguákvæða í dönskum og norskum rétti.

Helstu niðurstöður höfundar eru þær að ákveðið misræmi hefur verið í túlkun skattyfirvalda á undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt í gegnum árin. Stafar þetta misræmi meðal annars út frá tilkomu nýrrar tækni á fjármálamarkaði sem virðisaukaskattslögin ná ekki yfir. Þykir þessi staða óheppileg og telur höfundur að nauðsynlegt sé að breyta umræddu ákvæði svo að íslensk fjármálafyrirtæki standi ekki höllum fæti í samkeppni við veitendur greiðsluþjónustu sem heimilisfastir eru í nágrennaríkjum.

Abstract

Exemption of financial institutions from value added tax: tax authorities' interpretation of the provisions in Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on value added tax, with emphasis on payment intermediation.

From the enactment of Act no. 50/1988 on value added tax, certain activities have been exempt from value added tax. The provisions of Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on VAT, which provides for the exemption of financial institutions from VAT, has not been amended since the law came into force. The main objective of this thesis is to highlight how the tax authorities' interpretation of the exemption clause in Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on VAT, has evolved over the years, with a special emphasis on payment intermediation. Furthermore, the objective is to address the problems of the current legal provision in Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on VAT.

In this thesis the author will discuss VAT in general, exemptions from VAT and international obligations in that respect. The scope of the exemption clause in Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on VAT will be explained and the problems related to the VAT treatment of companies providing payment services within the meaning of Act no. 120/2011 will be examined as well. Furthermore, the interpretation of the provision over the years will be examined and compared with the interpretation of the European Court of Justice. Finally, similar exemption provisions in Danish and Norwegian law will be reviewed.

The main findings are that there has been a certain discrepancy in the interpretation of the exemption clause in Point 10 of paragraph 3 of Art. 2 of Act no. 50/1988 on VAT over the years. This is due, in part, to the introduction of new technology in the financial market that the VAT Act does not cover. This position is unfortunate and the author considers it necessary to amend the provisions in question so that Icelandic financial institutions do not suffer in competition with other payment service providers that are resident in neighboring countries.

Formáli

Ritgerð þessi er unnin sem lokaverkefni til meistaraþrófs í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík og er vægi hennar 30 einingar. Varð höfundur fljótt ljóst í laganáminu að skattaréttur væri eitt helsta áhugasvið hennar og því lág beinast við að skrifa meistararitgerð á því sviði. Leiðbeinandi verksins var Páll Jóhannesson, lögmaður og sérfræðingur í innlendum og alþjóðlegum skattarétti. Kann ég honum mínar allra bestu þakkir fyrir aðstoðina í gegnum skrifin sem og góða leiðsögn. Að lokum færi ég fjölskyldu minni og vinum kærar þakkir fyrir stuðninginn og hvatningu í gegnum laganámið.

Efnisyfirlit

Lagaskrá	vii
Dómaskrá.....	x
1. Inngangur	1
2. Skattframkvæmd á Íslandi	3
2.1 Almennt um skattframkvæmd á Íslandi.....	3
2.2 Skattaleg stjórnarsýsla	4
2.2.1 Málsmeðferðarreglur.....	5
2.2.2 Alþjóðlegar skuldbindingar	6
2.2.3 Skattyfirvöld hér á landi.....	7
3. Virðisaukaskattur	8
3.1 Almennt um virðisaukaskatt.....	8
3.2 Undanþágur í virðisaukaskatti	10
3.2.1 Undanþegin starfsemi	11
3.2.2 Undanþegnir aðilar.....	11
3.2.3 Undanþegin velta	12
4. Ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt	12
4.1 Almennt um 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.	12
4.2 Fjármálafyrirtæki	14
4.2.1 Markmið löggjafar um fjármálafyrirtæki.....	14
4.2.2 Hvað felst í hugtakinu fjármálafyrirtæki?.....	15
4.2.2.1 Viðskiptabankar og sparisjóðir.....	16
4.2.2.2 Aðrar lánastofnanir.....	17
4.2.2.3 Verðbréfamiðlun	17
4.2.2.4 Rekstur verðbréfasjóða.....	19
4.2.2.5 Rafeyrisfyrirtæki	19
4.3 Beiting virðisaukaskatts á fjármálafyrirtæki.....	20
4.3.1 Skattskyld starfsemi fjármálafyrirtækja.....	21
4.3.2 Eigin not.....	22
4.4 Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.....	23
5. Greiðslumiðlun og greiðsluþjónusta	23
5.1 Almennt um greiðslumiðlun og greiðsluþjónustu	23
5.2 Fjártækni.....	25
5.2.1 Hugtakið fjártækni	25
5.2.2 Fjártækniyrirtæki	26

5.3	Tilskipanir Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu og persónuvernd.....	27
5.3.1	PSD1	28
5.3.2	PSD2	29
5.3.3	GDPR.....	31
5.4	Samantekt	32
6.	Evrópusambandið og virðisaukaskattur	34
6.1	Almennt um virðisaukaskatt innan Evrópusambandsins.....	34
6.1.1	Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/112/EC	35
6.1.2	Undanþágur samkvæmt tilskipuninni	36
6.2	Túlkun Evrópudómstólsins á undanþágum frá virðisaukaskatti.....	37
6.2.1	Sparekassernes Datacenter (SDC)	38
6.2.2	AXA.....	39
6.2.3	Bookit.....	40
6.2.4	National Exhibition Centre	42
6.2.5	DPAS	43
6.3	Samantekt	44
7.	Túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.....	45
7.1	Almennt	45
7.2	Ákvarðandi bréf.....	45
7.2.1	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 5/90	45
7.2.2	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 480/93	46
7.2.3	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 712/96	47
7.2.4	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 937/00	48
7.2.5	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 943/00	49
7.2.6	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015	49
7.2.7	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1096/2015	51
7.2.8	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2017	52
7.2.9	Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2017	53
7.3	Bindandi álit	54
7.3.1	Óbirt bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 05/17	54
7.3.2	Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/17.....	55
7.4	Úrskurðir yfirskattanefndar	56
7.4.1	Úrskurður yfirskattanefndar nr. 321/2009	56
7.4.2	Úrskurður yfirskattanefndar nr. 153/2016	57
7.5	Hæstaréttardómar.....	58
7.5.1	Hrd. 16. október 2008 í máli nr.106/2008	58
7.6	Samantekt	58
8.	Samanburður á réttarreglum í nágrannaríkjum.....	62

8.1	Almennt	62
8.2	Réttarreglur í Danmörku.....	63
8.3	Réttarreglur í Noregi.....	64
8.4	Samantekt	64
9.	Lokaorð.....	65
	Heimildaskrá	69

Lagaskrá

Íslensk lög:

Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 119/2018

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um yfirskattanevnd nr. 30/1992

Lög um bindandi álit í skattamálum nr. 91/1998

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007

Lög um fjársýsluskatt nr. 165/2011

Lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011

Lög um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011

Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011

Lög um útgáfu og meðferð rafeyris nr. 17/2013

Lög nr. 33/2015 um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um búnaðargjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum (samræming og einföldun).

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Tollalög nr. 88/2005

Brottfallin íslensk lög:

Lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði

Lög nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti

Lög nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði

Lög nr. 37/2002 um rafeyrisfyrirtæki

Reglugerðir:

Reglugerð nr. 562/1989 um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana

Reglugerð nr. 192/1993 um innskatt

Lögskýringargögn:

Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál

Alþt. 1992-1993, A-deild, 3277

Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 218 - 215. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál

Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 198 – 193. mál

Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 719 – 356. mál

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 963 – 589. mál

Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 1029 – 622. mál

Dönsk lög:

Momsloven nr. 1021 af 26.09.2019

Norsk lög:

Lov om merverdiavgift (merverdiavgiftsloven) 19. júní 2009 nr. 58

Evrópureglur:

Commission Implementing Regulation (EU) 2020/194 of 12 February 2020 Laying down Detailed Rules for the Application of Council Regulation (EU) No 904/2010 as Regards the Special Schemes for Taxable Persons Supplying Services to Non-Taxable Persons, Making Distance Sales of Goods and Certain Domestic Supplies of Goods [2020] OJ L40/114 2020

Council Directive 95/46/EC of 24 October 1995 on the Protection of Individuals with Regard to the Processing of Personal Data and on the Free Movement of Such Data [1995] OJ L281/31

Council Directive EC 2006/112 of 28 November 2006 on the Common System of Value Added Tax [2006] OJ L347/1

Council Directive (EC) 2007/64 of 13 November 2007 on Payment Services in the Internal Market Amending Directives 97/7/EC, 2002/65/EC, 2005/60/EC and 2006/48/EC and Repealing Directive 97/5/EC [2007] OJ L319/1. 2007 (319)

Council Directive (EU) 2015/2366 of 25 November 2015 on Payment Services in the Internal Market, Amending Directives 2002/65/EC, 2009/110/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010, and Repealing Directive 2007/64/EC [2015] OJ L337/35 2015 (337)

Council Regulation (EU) 2016/679 of 27 April 2016 on the Protection of Natural Persons with Regard to the Processing of Personal Data and on the Free Movement of Such Data, and Repealing Directive 95/46/EC (General Data Protection Regulation) [2016] OJ L119/1

Sixth Council Directive 77/388/EEC of 17 May 1977 on the harmonization of the laws of the Member States relating to turnover taxes - Common system of value added tax: uniform basis of assessment [1977] OJ L145/1

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar Íslands:

Hrd. 19. desember 1996 í máli nr. 432/1995

Hrd. 25. janúar 2001 í máli nr. 202/2000

Hrd. 16. október 2018 í máli nr. 106/2008

Úrskurðir yfirskattanefndar:

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 321/2009

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 153/2016

Bindandi álit ríkisskattstjóra:

Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 01/08, 4. febrúar 2008

Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/08, óbirt.

Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 05/17, óbirt.

Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/17, 31. mars 2017

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra:

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 05/90, 17. janúar 1990.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 480/93, 4. júní 1993.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 712/96, 12. janúar 1996.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 937/00, 15. mars 2000.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 943/00, 10. maí 2000.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1096/2015, 1. september 2015.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 02/2017, 5. desember 2017.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 03/2017, 5. desember 2017.

Dómar Evrópudómstólsins:

Mál C-2/95 *Sparekassernes Datacenter (SDC) g. Skatteministeriet* [1997] ECR I-3017

Mál C-5/17 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. DPAS Limited* [2018] EU:C:2018:592

Mál C-130/15 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. National Exhibition Centre Limited* [2016] EU:C:2016:357

Mál C-175/09 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. AXA UK PLC* [2010]
EU:C:2010:646

Mál C-348/87 *Stichting Uitvoering Financiële Acties g. Staatssecretaris van Financiën* [1989]
ECR 1737

Mál C-455/05 *Velvet & Steel Immobilien* [2007] ECR I-03225

Mál C-607/14 *Bookit, Ltd g. Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs* [2016]
EU:C:2016:355

1. Inngangur

Í heimi, sem er í stöðugri þróun, er nauðsynlegt fyrir okkur mannkynið að vera meðvituð um þær hröðu tæknibreytingar sem eru að eiga sér stað á hverjum tíma. Það sem var nýtt fyrir nokkrum árum þykir jafnvel gamalt og úrelt í dag. Það hefur lengi verið talað um þær tæknilegu áskoranir sem lögfræðin sem fræðigreinin og lögfræðingarnir sjálfir munu þurfa að standa frammi fyrir einn daginn. Það má með sanni segja að sá dagur sé í garð genginn. Að því sögðu er ljóst að við mannfólkið þurfum að laga okkur að þessum hröðu breytingum til þess að halda í við tæknina. Í þessu samhengi er vert að benda á orð sem Halldór Laxness ritaði árið 1972:

Ef maður fylgir ekki breytilegum heimi, og neitar að endurskoða hugmyndir sínar, þó ný þekking hafi komið fram, þá er maður ekki upp á marga fiska, nema kannski sem flokkspólítikus.¹

Þetta eru orð að sönnu og er auðveldlega hægt að heimfæra þau yfir á þann raunveruleika sem blasir við okkur í dag. Þessi raunveruleiki er einfaldlega sá að löggjöfin, sem er í gildi á hverjum tíma, geymir aðeins viðbrögð við aðstæðum sem upp hafa komið áður. Enda er líf laganna ekki byggt á rökfræði heldur reynslu.² Löggjöfin veitir því ekki alltaf skýr svör við því hvernig leyst verður úr sambærilegum málum í framtíðinni. Þar af leiðandi veitir hún aðeins brotarkennda sýn á veruleikann eins og hann birtist á hverjum tíma. Því mætti segja að erfitt gæti reynst að festa hönd á þann veruleika sem við búum við þar sem löggjöfin þarf á sífelldri endurskoðun að halda. Þá kemur til skoðunar hvort flest, þar á meðal löggjöfin, sé breytingum háð á hverfanda hveli.³

Frá upphafi innheimtu virðisaukaskatts hér á landi hefur skattskyldusvið virðisaukaskattsins verið skilgreint með fremur víðtækum hætti í 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.⁴ Nær skattskyldan til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Hefur ákveðin vinna og þjónusta hins vegar verið sérstaklega undanþegin frá þessari skattskyldu í 3. mgr. 2. gr. vskl. Er í tíunda tölulíð þessa ákvæðis undanþegin frá virðisaukaskatti vinna og þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, sem og verðbréfamiðlun. Er þessi tiltekna þjónusta undanþegin virðisaukaskatti af tæknilegum ástæðum.⁵ Í gegnum árin hefur það fallið

¹ Matthías Johannessen, Halldór Laxness, *Skeggræður gegnum tíðina* (Helgafell 1972) 67.

² Oliver Wendell Holmes, *The Common Law* (Echo Library 2007) 3.

³ Arnar Þór Jónsson, *Lög og samfélag* (Háskólinn í Reykjavík 2016) 20.

⁴ Hér eftir vísað til „vskl.“

⁵ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, um 2. gr., mgr. 13.

í hlut skattyfirvalda að túlka ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Þar sem ekki er að finna nánari skýringar á undanþáguákvæðinu í lögskýringargögnum hafa þau þurft að styðjast við þær réttarreglur sem í gildi eru á hverjum tíma um viðkomandi stofnun. Aftur á móti hefur aukin tæknivæðing í starfsemi þessa aðila ásamt almennt orðuðu ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. leitt til þess að ákveðin óvissa hefur myndast varðandi beitingu ákvæðisins.

Í þessari ritgerð verður leitast við að útskýra hvernig túlkun ákvæðis 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., með áherslu á greiðslumiðlun, hefur þróast í gegnum árin og greint frá því hvaða vandamál núverandi lagaákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. hefur í för með sér. Fyrst verður farið yfir skattframkvæmd á Íslandi, málsmeðferðarreglur í skattamálum, gerð grein fyrir skattyfirvöldum á Íslandi og jafnframt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland er bundið af í skattamálum.

Því næst verður fjallað almennt um virðisaukaskatt, gerð grein fyrir hugtakinu ásamt því að skýra út hvert markmið hans sé. Verða undanþágum í virðisaukaskatti einnig gerð góð skil, sér í lagi hvaða mismunur sé þeirra á milli og hver áhrif þeirra séu. Í kafla fjögur verður rýnt í þau hugtök er máli skipta við túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Þar að auki verða áform stjórnvalda varðandi mögulega breytingu á lögum um virðisaukaskatt skoðuð. Þar sem lögð verður áhersla á túlkun undanþáguákvæða virðisaukaskattslaga með tilliti til greiðslumiðlunar verður fjallað um greiðslumiðlun, greiðsluþjónustu og fjártæknifyrirtæki í fimmta kafla ritgerðarinnar. Enn fremur verður gerð grein fyrir þeim tæknilegu áskorunum sem skattalöggjöfin stendur frammi fyrir að því er þessi hugtök varðar og ný regluverk í þeim efnunum skoðuð.

Jafnframt verður þróun og framkvæmd Evrópusambandsins í þessum efnunum skoðuð og athugað hvaða þættir teljast skipta sköpum í túlkun Evrópudómstólsins á sambærilegu undanþáguákvæði í evrópskri virðisaukaskattstilskipun. Í sjöunda kafla verður túlkun skattyfirvalda yfir árin, á því hvort að greiðslumiðlun falli undir undanþáguna frá virðisaukaskatti, samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., skoðuð nánar. Því næst verður fjallað lítillega um norskar og danskar réttarreglur varðandi sambærilegar undanþágur frá virðisaukaskatti. Samhengisins vegna verða dregnar ályktanir varðandi ákveðin efnisatriði í lok einstaka kafla ritgerðarinnar. Verða því niðurstöður og ályktanir að finna í meginmáli ritgerðarinnar sem og í lokaorðum.

2. Skattframkvæmd á Íslandi

2.1 Almennt um skattframkvæmd á Íslandi

Réttarreglur mæla fyrir um skipulagshætti manna í þjóðfélaginu og eru þær nauðsynlegar í þjóðarstarfseminni.⁶ Ármann Snævarr fjallar nánar um nauðsyn réttarins í riti sínu *Almenn lögfræði* og segir þar meðal annars:

Það er ein örlagaríkasta reynsla mannkyns, að við samlíf manna í þjóðfélagi sé hætta á ýmiskonar árekstrum. Valda því bæði eðlislestir manna, sem menningin hefir ekki megnað að bæla, og sérstaklega keppni manna um efnisleg gæði, er fullnægja mannlegum þörfum, en þau eru til í takmörkuðum mæli. Rétturinn er andsvar við slíkum árekstrum. Eitt meginhlutverk hans er að setja mönnum leikreglur í þjóðfélagi og greiða úr árekstrum manna í samræmi við slíkar leikreglur.⁷

Kenningar franska stjórnspekingsins Charles Louis de Secondat de Montesquieu um þriggreiningu ríkisvaldsins, sem eiga rætur sínar að rekja allt til 18. og 19. aldar, skipta sköpum er kemur að skipulagi og eftirfylgni leikreglna í þjóðfélaginu. Innblástur sinn sótti Montesquieu mikið í hugmyndafræði heimspekingsins John Locke.⁸ Kenningar Montesquieu eru grunnstoðir þeirrar þriggreiningar ríkisvalds sem fyrirfinnst í lýðveldi okkar í dag. Í 2. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944⁹ segir:

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.¹⁰

Markmiðið með þessu ákvæði um þriggreiningu ríkisvaldsins er að tryggja öryggi borgaranna gegn ofríki ríkisvaldsins. Því hefur svo verið talið í aldanna rás að með þessu móti sé hægt að tempra vald og koma í veg fyrir kúgun af hálfu ríkisins.¹¹ Einn af lykilþáttum réttaröryggis er að hver og ein stoð ríkisvaldsins sé sjálfstæð og óvilhöll í störfum sínum og stjónskipan. Því er

⁶ Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Bókaútgáfa Orators 1989) 30.

⁷ sama heimild 28.

⁸ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: undirstöður og handhafar ríkisvalds* (Codex 2015) 105.

⁹ Hér eftir vísað til „stjskr.“

¹⁰ 2. gr. laga nr. 33/1944 um Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

¹¹ Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon, „Kaflar í Réttarheimspeki“ (2016) 12 (1) Stjórnsmál og Stjórnslá 1, 227.

vert að ítreka að það er í höndum löggjafarvaldsins að setja lög, framkvæmdarvaldsins að framfylgja vilja löggjafans og dómstóla að dæma eftir lögnum, sbr. 61. gr. stjkskr.

Kveðið er á um það í 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjkskr. að skattamálum hér á landi skal skipað með lögum. Gefur það því augaleið að lagaheimild þarf að vera fyrir hendi til þess að leggja megi skatta á aðila eða fella þá brott,¹² sbr. 77. gr. stjkskr. Í flestum ágreiningsmálum í skattarétti reynir á þá réttarvernd sem einstaklingum og lögaðilum er tryggð gagnvart hinu opinbera. Ástæða þess er sú að mikill aðstöðumunur er fyrir hendi þegar aðilar standa einir á móti ríkisvaldinu og því þurfa stjórnskipuleg skilyrði skattlagningar að standast skoðun.

Þykir því nauðsynlegt að fjalla lítillega um þær réttarreglur sem koma til skoðunar í riti þessu sem og þeim alþjóðlegu skuldbindingum íslenskra stjórnvalda sem koma til álita í skattamálum. Jafnframt verður gerð stuttlega grein fyrir þeim embættum sem koma að ákvörðunartöku varðandi þau ágreiningsmál sem tengjast virðisaukaskatti.

2.2 Skattaleg stjórnsýsla

Til þess að hægt sé að halda uppi opinberri starfrækslu innan ríkis er nauðsynlegt að krefja borgara þess um gjöld til opinberra sjóða. Starfræksla slíkra sjóða er byggð á víðtækri löggjöf sem snýr að innheimtu opinberra gjalda. Urmull af lagabálkum er í gildi er fylgir gjaldheimtu þessari eftir og má í því ljósi nefna lög nr. 90/2003 um tekjuskatt,¹³ lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, tollalög nr. 88/2005, lög nr. 138/2013 um stimpilgjald og þar fram eftir götunum.¹⁴

Skattaréttur er eitt af þeim réttarsviðum sem á rætur sínar að rekja til stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar og fellur þar af leiðandi undir opinberan rétt. Við álagningu skatta á þann afrakstur, sem verður til í lögskiptum skattgreiðenda á milli, á sér stað eins konar samruni einkaréttar og opinbers réttar.¹⁵ Því má segja að órjúfanleg tengsl séu á milli skattaréttarins og einkaréttarins þar sem stjórnvöld leggja mat á einkaréttarlegar ráðstafanir aðila í skattarétti. Aftur á móti getur ákveðinn árekstur á milli reglna átt sér stað þegar reglur einkaréttarins og skattaréttarins rekast hvorar á aðrar. Orsök þessa áreksturs stafar meðal annars af mismunandi forsendum hvors réttarsviðsins fyrir sig. Reglur skattaréttarins byggja að meginstefnu til á

¹² Kristján Gunnar Valdimarsson, „Skattasniðganga“ (1999) 49 (3) Tímarit Lögfræðinga 219, 222.

¹³ Hér eftir vísað til „tsl.“

¹⁴ Ármann Snævarr (n. 6) 31.

¹⁵ Kristján Gunnar Valdimarsson (n. 12) 222.

fjárþörfum ríkisins á meðan einkarétturinn byggist að mestu leyti á hagsmunum og vilja borgaranna.¹⁶

2.2.1 Málsmeðferðarreglur

Í IX. kafla sem og í XII. kafla vskl. er að finna málsmeðferðarreglur er varða virðisaukaskatt. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 gilda til fyllingar þar sem lög um virðisaukaskatt gera ekki strangari kröfur. Gildissvið stjórnsýslulaganna er aftur á móti afar víðtækt þar sem þau geyma aðeins mikilvægustu meginreglur varðandi málsmeðferð stjórnvalda.¹⁷ Þegar stjórnsýslulögin voru sett voru því sett ákveðin takmörk hversu ítarleg löggin gátu verið vegna fjölbreytileika þeirrar starfsemi sem þau áttu að ná yfir.¹⁸ Þetta fyrirkomulag hefur staðist tímans tönn þar sem stjórnsýslulögin snerta einna helst réttarstöðu borgaranna í samskiptum sínum við ríkisvaldið og því einkar mikilvægt að hafa löggin skýr og aðgengileg fremur en ítarleg og nákvæm.¹⁹

Meginmarkmið málsmeðferðarreglna er að tryggja fyrirsjáanleika, lögmæti, jafnræði og réttaröryggi. Enda er það forsenda réttaröryggis að ekki sé gert upp á milli skattaðila. Skattaðili á að geta fundið út eða séð fyrir niðurstöðu ákveðins máls þar sem alla jafna er verið að taka íþyngjandi ákvörðun er varðar réttindi hans eða skyldur.²⁰ Jafnframt eiga skattgreiðendur að geta litið til fyrri úrlausna skattyfirvalda, til dæmis varðandi ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., þegar atvik eru af sambærilegum meiði. Þarf þó að hafa í huga varðandi þessi tilvik að atvik, sem um ræðir, þarf að vera hægt að leggja að jöfnu við þau atvik sem uppi voru í tilteknu fordæmi. Engu að síður, ef atvik, aðstæður og lagareglur eru þær sömu, eiga skattaðilar að geta krafist sambærilegrar skattmeðferðar á grundvelli jafnræðissjónarmiða.²¹

Af þessum sökum hefur verið talið eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt að gera strangar kröfur til málsmeðferðar í skattamálum til þess að vernda hagsmuni einstaklinga og lögaðila gagnvart hinu opinbera. Einnig auka málsmeðferðarreglurnar líkurnar á því að niðurstaðan, sem fæst í hverju máli fyrir sig, sé efnislega rétt og sú ákvörðun, sem tekin er, sé tekin á grundvelli réttra

¹⁶ sama heimild.

¹⁷ Páll Hreinsson, *Málsmeðferð stjórnvalda* (Fons Juris 2019) 17.

¹⁸ sama heimild 16.

¹⁹ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3277, kafli 1, mgr. 6.

²⁰ Forsætisráðuneytið, „Starfsskilyrði stjórnvalda: skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stórsýslu.“ (Forsætisráðuneytið 1999) 36.

²¹ sama heimild 36-38.

upplýsinga og gagna. Verða þessi sjónarmið því höfð til hliðsjónar þegar túlkun skattfirvalda á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., með tilliti til greiðslumiðlunar, verður skoðuð í kafla 7.

2.2.2 *Alþjóðlegar skuldbindingar*

Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og með lögum nr. 2/1993²² öðlaðist meginmál EES-samningsins lagagildi hér á landi. Aðild að slíkum samningi hefur ákveðnar afleiðingar í för með sér og felur jafnframt í sér tiltekin réttindi og skyldur. Markmið EES-samningsins er að skapa sterk efnahagstengsl á milli aðildarríkjanna ásamt því að greiða fyrir viðskiptum og þjónustu. Þar að auki á samningurinn að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum.²³

Þrátt fyrir að engar sérstakar reglur sé að finna í EES-samningnum varðandi samræmingu á skattareglum í samningsríkjum skipta hin almennu ákvæði samningsins og reglur, sem á þeim byggja, máli við framkvæmd hans.²⁴ Hefur þetta meðal annars verið staðfest í framkvæmd EFTA-dómstólsins.²⁵ Er í þessu sambandi vert að taka fram að fjármálaþjónusta hefur verið talin afar mikilvægur þáttur í efnahagsstarfsemi EES-ríkjanna. Ákvæði 36. og 37. gr. EES-samningsins fjalla um þjónustu og gilda þau þar af leiðandi um starfsemi fjármálafyrirtækja eins og til dæmis lánastofnanir, verðbréfasjóði, verðbréfafyrirtæki og váttryggingafélög.²⁶

Þrjár meginreglur skulu vera í hávegum hafðar er kemur að þessari starfsemi innan EES. Í fyrsta lagi skal fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi í aðildarríki, hafa heimild til þess að opna útibú í hverju aðildarríki sem er, án sérstaks leyfis stjórnvalda í því ríki. Í öðru lagi er eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækis í höndum eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækisins. Í þriðja lagi skal samræma reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja í aðildarríkjunum svo að starfsumhverfi þeirra verði sambærilegt.²⁷ Í þessu sambandi er vert að benda á að samkvæmt 3. og 6. gr. EES-samningsins skuldbinda EES-ríkin sig til þess skýra og túlka EES-samninginn í samræmi við dóma og úrskurði Dómstóls Evrópusambandsins (e. *Court of Justice of the*

²² Hér eftir vísað til „EES-samningurinn“

²³ Alþt. 1992-1993, A-deild, 1, um 1. gr., mgr. 1.

²⁴ Ásmundur G. Vilhjálmsson, *EES-samningurinn og íslenskur skattaréttur* (SkattVís 2014) 19.

²⁵ Sjá til dæmis mál *E-6/98 Ríkisstjórn Noregs gegn Eftirlitsstofnun EFTA* þar sem dómstólinn áréttar að í ákveðnum tilvikum geta skattkerfi haft slík áhrif að þau falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem kveður á um bann við mismunun. Ennfremur hefur Evrópudómstóllinn talið að ekki sé gerður greinarmunur á ákvörðun ríkja er varða örsök og markmið lagasetningar heldur er litið til þess hvaða afleiðingar hún hefur í raun sbr. mál *C-173/73 Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*.

²⁶ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 218 - 215. mál, kafla 8, a-liður.

²⁷ sama heimild, kafla 8, a-liður.

European Union (CJEU)). Aftur á móti hafa íslensk skattýfirvöld verið fremur tvístígandi hvað þetta varðar í gegnum tíðina, sbr. *bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 1/2008*²⁸ en þar segir:

Telja verður að þrátt fyrir að yfirsattanefnd hafi í úrskurðarfordæmum sínum undirstrikað að meginreglan sé ótvíræð varðandi það að skýra beri lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja, *þá munu skattýfirvöld áfram sýna varfærni við túlkun einstakra ákvæða skattalaga með hliðsjón af samningsskuldbindingum íslenska ríkisins eða dómum EFTA eða Evrópudómstólsins. Þessi afstaða skattýfirvalda byggir á því að skattlagning byggir almennt á innbyrðis samræmi skyldna og ívilnana og að telja verður að meira þurfi til en lögskýringu stjórnvalds eins saman við að hnika til hliðar því einstaka ákvæði, sem steyta kann á hverju sinni.*²⁹ (áherslubr. höf.)

Af þessu má ráða að skattýfirvöld á Íslandi fara mjög varlega þegar það kemur að því að túlka lög og reglur í samræmi við dómafordæmi CJEU, þrátt fyrir alþjóðlegar skuldbindingar. Þótt svo að aðildarríki EES-samningsins hafi heimild til að haga skattamálum eftir sínu höfði eru þau samt sem áður búin að skuldbinda sig til þess að tryggja að ákveðin réttindi séu í hávegum höfð í löggjöf sinni. Verður litið nánar til þessara sjónarmiða við skoðun á túlkun skattýfirvalda á 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. í kafla 7.

2.2.3 Skattýfirvöld hér á landi

Æðsta skattýfirvald hér á landi er fjármálaráðherra þar sem hann fer með mál er varða skatta og tolla, sbr. 4. tölul. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórn málaefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.³⁰ Fjármálaráðherra hefur eftirlit með öðrum skattýfirvöldum og sér til þess að þau ræki skyldur sínar.³¹ Stofnað var til embættis ríkisskattstjóra með lögum nr. 70/1962 til þess að hafa yfirumsjón með skattframkvæmd hér á landi.³² Var fyrst um skeið stofnað níu skattumdæmi og var einn skattstjóri í hverju umdæmi. Hafði ríkisskattstjóri yfirumsjón með umdæmunum og var hans helsta hlutverk að hafa eftirlit með störfum skattstjóra í hverjum skattumdæmi til þess að tryggja samræmingu í framkvæmd.³³ Árið 2010 voru öll

²⁸ *Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 1/08, 4. febrúar 2008.* Sjá til hliðsjónar sambærilega túlkun yfirsattanefndar í úrskurði nefndarinnar nr. 300/2005 og túlkun ríkisskattstjóra í *ákvarðandi bréfi nr. 1075/2008, 22. febrúar 2008.*

²⁹ sama heimild.

³⁰ Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálaefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 119/2018.

³¹ Ásmundur G. Vilhjálmsson, *Skattaréttur 4* (Ásmundur G Vilhjálmsson 1996) 861.

³² sama heimild 860.

³³ Ríkisskattstjóri, „Annáll nútíma skattasögu“ (*Skatturinn - skattar og gjöld*) <<https://www.rsk.is/um-rsk/saga-skatta/annall/1841-fyrirsogn>> skoðað 12. mars 2020.

skattumdæmin sameinuð í eitt skattaumdæmi. Leiddi þessi breyting til þess að ríkisskattstjóri annast nú alla framkvæmd skattalaga og gömlu skattaumdæmin breyttust í starfstöðvar hans.³⁴ Er eitt helsta verkefni ríkisskattstjóra að tryggja samræmingu í túlkun og framkvæmd skattalaga.³⁵

Í XI. kafla tekjuskattslaga er að finna nokkur ákvæði varðandi skattyfirvöld. Er þar kveðið á um það að ríkisskattstjóri annast álagningu skatta og gjalda hér á landi og ber honum að setja svokallaðar framkvæmdar- og starfsreglur sem og leiðbeiningar og verklagsreglur, sbr. 1. mgr. 101. gr. tsl. Reglur þessar eru eins konar viðmiðunarreglur sem tryggja eiga samræmi í skattákvörðunum almennt. Samkvæmt 102. gr. tsl. fer ríkisskattstjóri með skatteftirlit á landinu öllu og er hugtakið skatteftirlit talið taka til:

[...] hvers konar könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu manna og lögaðila.³⁶

Virðisaukaskattur, sem fellur til vegna viðskipta innanlands, heyrir undir svokallað almennt skattkerfi. Eftirlit með því er í höndum ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra og er yfirsattanefnd, sem starfar á grundvelli laga nr. 30/1992,³⁷ óháður úrskurðaraðili í því kerfi. Sá virðisaukaskattur, sem er tilkominn vegna innflutnings, fellur hins vegar undir eftirlitssvið tollstjóra, sbr. tollalög nr. 88/2015, og yfirsattanefndar.³⁸ Eins og að ofan greinir er það í höndum skattyfirvalda að tryggja það að í skattamálum sé jafnræðis gætt innan stjórnarsýslunnar.

3. Virðisaukaskattur

3.1 Almennt um virðisaukaskatt

Í eðli sínu skiptist skattlagning í beina skattlagningu og óbeina skattlagningu. Bein skattlagning lýsir sér sem svo að greiðandi skattsins innir hann sjálfur af hendi eins og þegar aðilar greiða tekjuskatt. Hvað varðar óbeina skattheimtu er sá aðili, sem innir skattinn af hendi, ekki

³⁴ sama heimild.

³⁵ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n. 31) 863.

³⁶ 2. máls. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

³⁷ Lög um yfirsattanefnd nr. 30/1992.

³⁸ Ríkisskattstjóri, „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ Ríkisskattstjóri janúar 2019 5 <https://www.rsk.is/media/baeklingar/rsk_1119.is.pdf> skoðað 15. febrúar 2020.

greiðandi eins og í tilfalli neysluskatts á borð við virðisaukaskatt. Markmið skattlagningar í hverju ríki fyrir sig er í raun og veru tvíþætt. Annars vegar er markmið hennar að afla ríkinu fjármagns til þess að standa straum af kostnaði varðandi velferðarþjónustu og samneyslu. Hins vegar er reynt að stuðla að því að jafna tekjur í samfélaginu með það að leiðarljósi að auka réttlæti einstaklinga og jafna aðstöðumun þeirra.³⁹ Verður í kafla þessum gerð nánari grein fyrir hugtakinu virðisaukaskattur, markmiði hans og þeim undanþágum sem í gildi eru hvað hann varðar.

Árið 1990 tóku gildi hér á landi lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Lög þessi voru sett eftir margra ára umræðu um upptöku virðisaukaskattkerfis hér á landi líkt og tekið hafði verið upp í flestum löndum Vestur-Evrópu.⁴⁰ Virðisaukaskattslögin leystu af hólmi lög um söluskatt sem höfðu verið í gildi frá árinu 1960. Mikil vinna fór í undirbúning upptöku virðisaukaskattsins bæði hjá embætti ríkisskattstjóra og skattstjórum þar sem um var að ræða eina af umfangsmestu breytingum á skattkerfinu sem áttu sér stað á þessum tíma.⁴¹ Meðal þeirra ástæðna, sem lágu að baki þessum breytingum, voru aukin milliríkjavíðskipti og var söluskatturinn talinn hamla gegn heilbrigðri þróun atvinnu- og viðskiptalífs.⁴² Það sem greinir virðisaukaskatt frá söluskattskerfinu er aðallega það að virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum stigum innlendra viðskipta. Samkvæmt söluskattskerfinu var einungis innheimtur skattur á síðasta stigi viðskipta.⁴³ Virðisaukaskattur er jafnframt innheimtur við innflutning á vöru og þjónustu.

Virðisaukaskatturinn á að stuðla að skynsamlegri nýtingu framleiðsluþátta þar sem hann hvorki ívilnar né íþyngir einstökum greinum atvinnulífsins. Hann á því að vera hlutlaus í atvinnulífinu og draga úr mismun á vöruverði landshluta á milli.⁴⁴ Virðisaukaskattur er svokallaður fjölstigaskattur því aðilum er gert að innheimta hann á öllum stigum viðskipta eins og áður segir. Samt sem áður er sama afurðin ekki margsköttuð þar sem skatturinn leggst aðeins einu sinni á sama verðmætið. Þetta leiðir af því fyrirkomulagi að hver skattaðili skilar einungis skatti af þeim virðisauka sem myndast hjá honum hverju sinni. Virðisaukinn eða verðmætisaukningin er í raun mismunur þess skatts, sem skattaðilinn hefur greitt öðrum aðilum

³⁹ Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir, „Spurningar og svör um skattkerfið“ (Alþýðusamband Íslands 1999) 4 <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/5465/skattar.pdf?sequence=1>> skoðað 6. febrúar 2020.

⁴⁰ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, kafli 1, mgr. 1.

⁴¹ Ríkisskattstjóri, „Annáll nútíma skattasögu“ (n. 33).

⁴² Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, kafli 2.1, mgr. 1.

⁴³ Ríkisskattstjóri, *Handbók um virðisaukaskatt 1998* (Ríkisskattstjóri 1998) 15.

⁴⁴ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, kafli 2.2, mgr. 2.

fyrir vörur og aðföng (innskattur), og þess skatts sem skattaðilinn innheimtir sjálfur af sinni sölu (útskattur).⁴⁵ Skattur, þar á meðal virðisaukaskattur, er helsta tekjuöflun ríkisins. Öll grunnþjónusta og útgjöld hins opinbera grundvallast því á skattkerfinu.⁴⁶

Þrátt fyrir að byrði virðisaukaskattsins ætti ekki að hvíla á viðskiptum dregur fjölstiga innheimtufurli hans fyrirtæki inn í virðisaukaskattskerfið. Ástæða þess er sú að fyrirtæki starfa sem skattgreiðendur og skattinnheimtumenn í millistigsviðskiptum við aðra lögaðila og í viðskiptum við endanlega neytendur.⁴⁷ Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil vinna hjá alþjóðastofnunum á borð við Efnahags- og framfarastofnunina (e. *Organization for Economic Cooperation and Development (OECD)*) og einnig hjá helstu viðskiptalöndum Íslands í Evrópu hvað varðar hlutverk virðisaukaskatts í milliríkjaviðskiptum. Greining þessara aðila á alþjóðlegu umhverfi virðisaukaskatts hefur leitt það í ljós að þróun skattalöggjafar hefur ekki náð að halda í við þá öru tækniþróun sem á sér stað í heiminum í dag. Í þessari tækniþróun felast meðal annars fullkomnari hugbúnaður, snjallsímar, spjaldtölvur, rafeyrir og fleira.⁴⁸ Þessar tæknilegu áskoranir koma iðulega til skoðunar við beitingu tiltekinna ákvæða virðisaukaskattslaga og þá sérstaklega 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., vegna mikillar framþróunar í fjármálastarfsemi.

3.2 Undanþágur í virðisaukaskatti

Samkvæmt 2. gr. vskl. nær skattskyldusviðið til allra vara og verðmæta, bæði nýrra og notaðra. Í 2. mgr. 2. gr. vskl. kemur fram að skattskyldan nær jafnframt til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, fyrir utan þá sem er sérstaklega undanþegin. Sú vinna og þjónusta, sem sérstaklega er undanþegin, er talin upp í 13 töluliðum í 3. mgr. 2. gr. vskl. Þessi undanþága tekur í grófum dráttum aðallega til félagslegrar þjónustu, heilbrigðis- og menntamála og banka- og tryggingastarfsemi. Undantekningarnar, sem tilgreindar eru í 3. mgr. 2. gr. vskl., ber að túlka þröngt samkvæmt almennri lögskýringu þar sem þær eru frávik frá meginreglunni um skattskyldu, sbr. *Hrd. 16. október 2018 í máli nr. 106/2008*.⁴⁹ Þegar lög um virðisaukaskatt eru

⁴⁵ Ríkisskattstjóri, *Handbók um virðisaukaskatt 1998* (n. 43) 15.

⁴⁶ Rohatgi, Roy, *Basic International Taxation* (Kluwer Law International 2002) 517.

⁴⁷ Hellerstein, Walter, „An Introduction to the OECD’s International VAT/GST Guidelines“ (2016) 125 (6) *Journal of Taxation*; New York 256, 257.

⁴⁸ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 885 – 562. mál, kafli 2.1, mgr. 2.

⁴⁹ *Hrd. 16. október 2018 í máli nr. 106/2008* þar sem ágreiningur aðila laut að því hvort að málsaðila hefði verði heimilt að halda utan skattverðs sölu á viðbótartryggingum. Samkvæmt 9. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um

virt í heild sinni má sjá ákveðinn vilja löggjafans til þess að undanþiggja ákveðnar vörur og þjónustu frá virðisaukaskatti. Undanþágum þessum er komið að með mismunandi aðferðum og leiða þær til undanþegins virðisaukaskatts, ýmist að öllu leyti eða að hluta til. Skattaðilar geta aðallega fallið undir eftirfarandi þrjú hugtök, þ.e. að vera í undanþeginni starfsemi, teljast til undanþeginna aðila eða teljast vera með undanþegna veltu. Þessum hugtökum verða nú gerð frekari skil.

3.2.1 *Undanþegin starfsemi*

Þeir aðilar, sem stunda þá vinnu eða veita þá þjónustu sem fellur undir gildissvið 3. mgr. 2. gr. vskl., eru í svokallaðri undanþeginni starfsemi. Það sama gildir um góðgerðastarfsemi samkvæmt 5. mgr. 2. gr. vskl. Í undanþágu þessari felst að þeir aðilar, sem selja eingöngu vöru eða þjónustu sem fellur undir ofangreind ákvæði, eru ekki skráningarskyldir samkvæmt 5. gr. vskl. Af þeim sökum innheimta þessir aðilar ekki virðisaukaskatt af vöru og þjónustu sem þeir selja. Ásamt því eiga þessir aðilar ekki möguleika á að fá endurgreiddan þann virðisauka sem þeir hafa greitt við kaup á efni og aðföngum vegna starfsemi sinnar. Stundi þessir aðilar starfsemi í samkeppni við önnur fyrirtæki er hún aftur á móti skattskyld.⁵⁰ Að teknu tilliti til þessa má segja að sú vara og þjónusta, sem þessir aðilar selja, sé einungis undanþegin virðisaukaskatti að hluta til.⁵¹

3.2.2 *Undanþegnir aðilar*

Samkvæmt 1. tölul. 4. gr. vskl. eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 3. gr. vskl. þeir aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti. Jafnframt er í 2. – 4. tölul. 4. gr. vskl. kveðið á um þá aðila sem undanþegnir eru skráningarskyldu þrátt fyrir að selja vörur eða þjónustu sem fellur undir skattskyldusviðið. Þeir aðilar, sem falla undir þessa töluliði, eru tilteknir listamenn, aðilar, sem eru með veltu undir ákveðnu tekjulágmarki, og skólamötuneyti. Áhrif þessa ákvæðis eru sambærileg og þau er varða undanþegna starfsemi, þ.e. þessir aðilar eru ekki skráningarskyldir samkvæmt 5. gr. vskl. ásamt því að þær vörur og sú þjónustua, sem þeir selja, er að hluta til undanþegin.⁵²

virðisaukaskatt er váttryggingastarfsemi undanþegin virðisaukaskatti. Hæstiréttur taldi að túlka ætti þá undanþágu þröngt frá þeirri meginreglu laganna að öll almenn sala á vöru og þjónustu skyldi skattskyld.

⁵⁰ Ríkisskattstjóri, „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (n. 38) 7.

⁵¹ Ríkisskattstjóri, *Handbók um virðisaukaskatt 1998* (n. 43) 18.

⁵² sama heimild 19.

3.2.3 Undanþegin velta

Þrátt fyrir að aðilar séu skráðir á virðisaukaskattsskrá samkvæmt 5. gr. vskl. getur tiltekin sala þeirra á skattskyldri vöru og þjónustu verið undanþegin virðisaukaskatti, sbr. 12. gr. vskl. Ákvæði 12. gr. vskl. taka aðallega til útflutnings vöru og þjónustu ásamt sölu og viðgerðarvinnu varðandi skip og loftför. Áhrif undanþágunnar eru einna helst þau að þeir aðilar, sem falla þar undir, innheimta ekki virðisaukaskatt af tiltekinni veltu. Þessir aðilar hafa hins vegar frádráttarheimild er varðar þann innskatt sem þeir hafa greitt vegna þeirra aðfanga sem varða þessi viðskipti.⁵³ Þar sem virðisaukaskattslögin tóku gildi fyrir rúmlega þrjátíu árum þótti nauðsynlegt í kjölfar alþjóðlegrar þróunar á sviði virðisaukaskatts að gera breytingar á þeim að því er þetta ákvæði varðar. Ákvæðið tekur til þjónustuviðskipta á milli Íslands og annarra landa og því þótti tímabært að taka mið af leiðbeiningum frá OECD.⁵⁴ Með lögum nr. 59/2018 voru lögfestar breytingar á ákvæðum virðisaukaskattslaga er snúa að þjónustuviðskiptum yfir landamæri.⁵⁵

4. Ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

4.1 Almennt um 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

Eins og að framan greinir eru tilteknar undanþágur frá virðisaukaskatti taldar upp í lögum um virðisaukaskatt. Í 3. mgr. 2. gr. vskl. er kveðið á um ákveðna starfsemi sem undanþegin er skattlagningu. Ákvæði 10. tölulíðar lagaákvæðisins undanskilur þjónustu banka, sparisjóða og annarra lánastofnana og verðbréfamiðlun frá virðisaukaskatti. Engar breytingar hafa átt sér stað á umræddu lagaákvæði frá setningu virðisaukaskattslaganna árið 1988 og er ákvæðið enn sem stendur svohljóðandi: „Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti [...] þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlun“.

Grundvallaratriði í löggjöf um virðisaukaskatt er að hún sé skilvirk, hlutlaus og sanngjörn og hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni milli aðila í sambærilegri stöðu. Því þykir nauðsynlegt að hafa það í huga við túlkun löggjafar um virðisaukaskatt hér á landi að hún hefur ekki

⁵³ sama heimild.

⁵⁴ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 885 – 562. mál, kafli 2.1, mgr. 1.

⁵⁵ Lög nr. 59/2018 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (kaup og sala þjónustu milli landa, áskriftir og sala fréttablaða o.fl.)

fyllilega fylgt alþjóðlegri þróun á sviði virðisaukaskatts eftir.⁵⁶ Samkvæmt frumvarpi laga um virðisaukaskatt er ljóst að upptalningin í 3. mgr. 2. gr. laganna er tæmandi talin og ekki er gert ráð fyrir því að önnur starfsemi en sem þar kemur fram, falli undir undanþáguna.⁵⁷ Framangreind undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. vskl. fela í sér undantekningar frá meginreglu um skattskyldu og ber samkvæmt lögskýringarvenju að skýra þröngri skýringu og aldrei rýmri en orðalag þeirra gefur beinlínis tilefni til, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.

Frá því að virðisaukaskatturinn var tekinn upp hafa fræðimenn og stjórnámamenn reynt að sníða reglur hans að sérstöku einkenni fjármálaþjónustufyrirtækja.⁵⁸ Fjármálafyrirtæki mynda stóran og mikilvægan hluta af hagkerfinu og af þeim sökum ætti að taka þau inn í skattstofn almenns neysluskatts, eins og virðisaukaskatts. Aftur á móti er engum blöðum um það að fletta að beiting virðisaukaskatts á vinnu og þjónustu fjármálafyrirtækja er einstaklega snúin og hefur sú beiting leitt af sér margvísleg vandamál.

Meðal þeirra vandamála, sem snerta beitingu virðisaukaskatts á þjónustu fjármálafyrirtækja, er skilgreining á því hvað nákvæmlega fellur undir hugtakið fjármálafyrirtæki og þar af leiðandi undir undantekninguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Aukin tækniþróun á þessu sviði hefur jafnframt gert aðilum erfiðara fyrir hvað þetta varðar. Eins og áður segir er ljóst af frumvarpi til laga um virðisaukaskatt að undanþágunni er eingöngu ætlað að ná til eiginlegrar banka- og lánastarfsemi.⁵⁹ Samkvæmt orðalagi þessu skiptir í raun engu máli hver stundar þessa eiginlegu starfsemi. Túlkun skattyfirvalda á þessu atriði hefur aftur á móti stangast á við þessa túlkun í gegnum tíðina og hefur verið talið að undanþágan nái aðeins til þeirra stofnana sem starfa samkvæmt leyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015.⁶⁰ Stundi þessir aðilar, sem veita eiginlega banka- og lánþjónustu, hins vegar stafsemi, sem er í samkeppni við önnur fyrirtæki, fellur sú starfsemi utan gildissviðs undanþágunnar í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.⁶¹ Þykir því nauðsynlegt að

⁵⁶ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 885 – 562. mál, kafla 2.1, mgr. 1

⁵⁷ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, um 2. gr., mgr. 17.

⁵⁸ Robert F van Brederode og Richard E Krever, „Current and Recurring Issues with Taxing Financial Services under VAT“ (2019) 73 (6/7) Bulletin for International Taxation 1 <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/Bulletin-for-International-Taxation/collections/bit/html/bit_2019_06_int_3.html> skoðað 17. febrúar 2020.

⁵⁹ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, um 2. gr., mgr. 13.

⁶⁰ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

⁶¹ sama heimild.

útskýra nánar í kafla þessum, hvaða fyrirtæki hafa verið talin falla undir hugtakið fjármálafyrirtæki og hvernig virðisaukaskattsmeðferð þeirra er háttað.

4.2 Fjármálafyrirtæki

Með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,⁶² var sameiginleg löggjöf um fjármálafyrirtæki sett á laggirnar hér á landi. Löggjöfin sameinaði lög nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002 um rafeyrisfyrirtæki og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti, í eina heildarlöggjöf.⁶³

Fyrri löggjöf, sem í gildi var um fyrirtæki sem höfðu starfsleyfi frá stjórnvöldum á fjármálamarkaði, var frá þeim tíma er Ísland varð aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Fengu íslensk fjármálafyrirtæki því aðgang að innri markaðnum á sviði fjármálaþjónustu með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.⁶⁴ Jafnframt sköpuðust auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi með umræddri aðild. Hefur aukin alþjóðavæðing, samkeppni og frekari opnun markaða leitt til mikillar framþróunar löggjafar á þessu sviði í gegnum árin. Einnig hefur verið talið að skilin á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja séu að einhverju leyti orðin óljósari en áður þar sem fjármálamarkaðnum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðastliðnum árum.⁶⁵ Verður fjallað nánar um tækninýjungar á fjármálamarkaði sem og regluverki henni tengdri í kafla 5.

4.2.1 Markmið löggjafar um fjármálafyrirtæki

Helstu sjónarmiðin, sem lágu að baki samræmingu og breytingu löggjafar á þessu sviði, voru þau að gera löggjöfina sjálfa á fjármálamarkaðnum skýrari og einfaldari en hún hafði áður verið. Þar að auki var talið nauðsynlegt að endurbæta löggjöfina til þess að tryggja jafnræði og virka samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Einnig hafði mikilvægi þess að tryggja samkeppnishæfi íslensks fjármagnsmarkaðar mikið að segja í breytingunum ásamt sjónarmiðum er varða öryggi og trúverðugleika í starfsemi fjármálafyrirtækja.

⁶² Hér eftir vísað til „fftl.“

⁶³ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 218 - 215. mál, kafli 1, mgr. 2.

⁶⁴ sama heimild, kafli 1, mgr. 1.

⁶⁵ sama heimild, kafli 1, mgr. 1.

Þróað samfélag þrífst ekki án aðgengis að fjármagni en aðgangurinn að því fæst á fjármagnsmarkaði. Með fjármagnsmarkaði er átt við þann markað sem veitir til að mynda ríkinu, fyrirtækjum, stofnanafjárfestum og almenningi aðgengi að fjármagni.⁶⁶ Á fjármagnsmarkaði hafa fjármálafyrirtæki það mikilvæga hlutverk að annast milligöngu varðandi aðgang að fjármagni sem og að veita ýmsa aðra þjónustu sem tengist tilgreindri milligöngu. Hlutverk fjármálafyrirtækja er því að tengja saman þá aðila sem annars vegar hafa fjármagn til ráðstöfunar og hins vegar þá sem vantar fjármagn.⁶⁷ Þykir í þessu ljósi nauðsynlegt að rýna betur í hugtakið fjármálafyrirtæki og hvað fellur þar undir.

4.2.2 *Hvað felst í hugtakinu fjármálafyrirtæki?*

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki tekur hugtakið fjármálafyrirtæki til viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja, verðbréfafyrirtækja eða rekstrarfélags verðbréfasjóða sem hefur fengið starfsleyfi samkvæmt 6. gr. ffl., sbr. 4. gr. ffl. Hugtakið fjármálafyrirtæki var nýjung í íslenskri löggjöf og kom til með setningu laga um fjármálafyrirtæki árið 2002. Er hugtakið jafnframt talið vera samheiti yfir flestar tegundir starfsleyfa, sbr. 4. gr. ffl., að undanskildum einstökum tegundum sem sérákvæði gilda um, svo sem starfsheimildir og stofnfé.⁶⁸ Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. ffl. er fjármálafyrirtækjum ætlað að sinna, meðal annars, eftirfarandi starfsemi: móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi, útlánastarfsemi, greiðsluþjónustu skv. lögum nr. 120/2011, veitingu ábyrgða og trygginga, viðskiptum fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með tiltekna fjármálagerninga, peningamiðlun o.fl. Í eldri lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. umfjöllun í kafla 4.2, var hins vegar kveðið á um það í 4. tölul. 44. gr. laganna að í starfsemi slíkra stofnana fælist greiðslumiðlun. Var því vísað með mjög almennum hætti til greiðslumiðlunar og var engin frekari skilgreining á því hugtaki í lögnum né lögskýringargögnum. Í núgildandi lögum er því vísað til greiðsluþjónustu samkvæmt lögum nr. 120/2011. Verður nánar fjallað um greiðslumiðlun og greiðsluþjónustu í kafla 5.

Engin nákvæm efnahagsleg skilgreining er til á þeim viðskiptum sem falla undir hugtakið fjármálaþjónusta og sum þeirra, svo sem viðskipti með rafeyri, telst ekki sem vara eða þjónusta

⁶⁶ Aðalsteinn Egill Jónasson, *Viðskipti með fjármálagerninga* (Codex 2009) 25.

⁶⁷ sama heimild.

⁶⁸ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 218 - 215. mál, kafla 5, mgr. 1.

sem eingöngu er seld af fjármálafyrirtækjum.⁶⁹ Í grófum dráttum samanstendur fjármálaþjónusta af sammingsbundnu fyrirkomulagi varðandi milligöngu um peninga, oftast í ákveðinn tíma og með sameiginlegri áhættu. Slík viðskipti eru til í óendanlegri fjölbreytni þar sem þau eru auðveld í framleiðslu og þurfa alla jafna ekki háþróaða tækni til sem vernduð er með einkaleyfum.⁷⁰ Verður nú fjallað nánar um hvaða fyrirtæki, félög og stofnanir falla undir hugtakið fjármálafyrirtæki.

4.2.2.1 Viðskiptabankar og sparisjóðir

Lagaleg umgjörð viðskiptabanka og sparisjóða hefur tekið stakkaskiptum í gegnum tíðina og á löggjöf þeirra sér langa sögu hér á landi. Sinn hvor lagabálkurinn var í gildi um hvora einingu fyrir sig allt til ársins 1993 þegar lágaákvæðum um viðskiptabanka annars vegar og sparisjóði hins vegar var steipt saman í eina heildstæða löggjöf með lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.⁷¹ Var lögum þessum síðan breytt árið 1996 með tilkomu nýrra tilskipana Evrópusambandsins og því næst leystu lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 hin eldri af hólmi.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa verið hluti af samfélögum manna og hagkerfum þeirra í aldir. Felst starfsemi þeirra meðal annars í því að móttaka innlán og aðra endurgreiðanlega fjármuni frá almenningi, fyrirtækjum og opinberum aðilum og á móti veita útlán til lögaðila jafnt sem einstaklinga.⁷² Mikil þróun hefur átt sér stað í starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða í gegnum árin og veita þessi fjármálafyrirtæki nú mun fjölbreyttari þjónustu en áður. Í starfsleyfi þeirra felast meðal annars veiting ábyrgða og trygginga, umsjón og þátttaka í verðbréfaútboðum ásamt þeim þjónustuviðskiptum sem þeim fylgja, viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini, starfsemi á sviði fjármögnunarleigu, greiðslumiðlun, útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta,

⁶⁹ Amand, Christian, „EU VAT and Financial Services: Which Rules, What Consequences and Which Possible Solutions?“ (2019) 30 (5) International VAT Monitor 191–192 <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/International-VAT-Monitor/collections/ivm/html/ivm_2019_05_e2_3.html> skoðað 18. febrúar 2020.

⁷⁰ Amand, Christian (n. 69).

⁷¹ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 218 - 215. mál, kafli 2, a-liður, mgr. 2.

⁷² Giorgio Beretta, „VAT on Financial and Insurance Services at the Dawn of the Fourth Industrial Revolution“ (2018) 29 (4) International VAT Monitor 142, 142.

rafeyris, ferðatékka og víxla), peningamiðlun, ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga, varsla og ávöxtun verðbréfa o.fl.,⁷³ sbr. 1. mgr. 3. gr. ffl.

Í þessu samhengi er vert að nefna að ýmsar sérreglur gilda um starfsemi sparisjóða, sbr. VIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hér á landi eru stærstu viðskiptabankarnir með stórt og fjölbreytt starfssvið sem tekur til flestra af ofangreindum þjónustuliðum. Hvað varðar sparisjóðina hafa þeir hins vegar verið að takmarka sína starfsemi við afmarkaða þætti.⁷⁴

4.2.2.2 Aðrar lánastofnanir

Eins og fram kemur í kafla 4.2 sameinaði löggjöf um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 fjölmarga lagabálka og voru þar á meðal lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. ffl. telst það fyrirtæki vera lánastofnun sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning.

Aukinheldur kemur fram í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. ffl. að þau fjármálafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi samkvæmt 1. – 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. ffl., teljast til lánastofnana. Er þar að finna ákvæði er varða umrædda viðskiptabanka og sparisjóði í 1. – 2. tölul. greinarinnar. Aftur á móti er í 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. ffl. kveðið á um tiltekin lánafyrirtæki. Lánafyrirtæki hafa heimild til þess að kalla sig fjárfestingarbanka og tekur starfsemi þeirra í stórum dráttum til sömu þátta og starfsemi viðskiptabanka, að undanskildu því að þeim er óheimilt að veita innlánnum viðtöku.⁷⁵ Sem dæmi um lánafyrirtæki á Íslandi má nefna Borgun hf., Lánasjóð sveitarfélaga ohf., Valitor hf., Íbúðalánasjóð o.fl.⁷⁶

4.2.2.3 Verðbréfamiðlun

Í ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. er kveðið á um það að verðbréfamiðlun sé ein þeirrar starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Verðbréfamiðlun var samkvæmt áður gildandi 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. ffl. ein af þeim sjö starfsleyfum sem fjármálafyrirtæki gátu fengið. Aftur á móti var með a-lið 2. gr. laga nr. 96/2016 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr.

⁷³ Samtök Fjármálafyrirtækja, „Bankastarfsemi“ <<https://www.sff.is/malaflokkar/bankastarfsemi>> skoðað 21. apríl 2020.

⁷⁴ sama heimild.

⁷⁵ sama heimild.

⁷⁶ Fjármálaeftirlitið, „Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2018“ (13. júní 2019) <<https://www.fme.is/utgefing-efni/tolulegar-upplýsingar/lanastofnanir/>> skoðað 18. apríl 2020.

161/2002 fellt úr gildi umrætt ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. ffl. Þar af leiðandi er ekki lengur kveðið á um verðbréfamiðlun í lögum um fjármálafyrirtæki. Með þessari breytingu var stefnt að því að samræma hugtakanotkun í lögum um fjármálafyrirtæki við hugtakanotkunina í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.⁷⁷ Því var lagt til að hugtakið verðbréfamiðlun væri ekki lengur notað heldur yrði talað um verðbréfafyrirtæki sem bera þá takmarkaðar starfsskyldur.⁷⁸

Kveðið er á um verðbréfafyrirtæki í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. ffl. Enga sérstaka skilgreiningu á hugtakinu verðbréfafyrirtæki er að finna í íslenskum lögum en telja verður að hugtakið nái til víðskipta og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. ffl.⁷⁹ Upptalningin á þeim þjónustubáttum, sem eru starfsleyfisskyldir samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. ffl., er sú sama og finna má í 1. mgr. 1. gr. laga um verðbréfavíðskipti, að undanskildum víðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning þar sem þau eru ekki starfsleyfisskyld.⁸⁰ Hafa því umrædd verðbréfafyrirtæki heimild til að móttaka og miðla fyrirmælum frá víðskiptavinum sínum er varða fjármálagerninga, framkvæma fyrirmæli fyrir hönd víðskiptavina, eignastýra, veita fjárfestingarráðgjöf, veita sölutryggingu í tengslum við útgáfu eða útboð á fjármálagerningum, sjá um útboð fjármálagerninga án sölutryggingar ásamt heimild til að reka markaðstorg fjármálagerninga, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. ffl.

Þykir nauðsynlegt í þessu samhengi, með tilliti til ofangreindrar þjónustu sem fjármálafyrirtæki hafa heimild til að veita, að líta til þess að heimildir verðbréfamiðlunar til verðbréfavíðskipta voru á sínum tíma mun þrengri en heimildir verðbréfafyrirtækja.⁸¹ Höfðu verðbréfamiðlanir einungis heimild til þess að hafa milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og fjárfestingarráðgjafar um verðbréfavíðskipti þar sem endurgjald kom fyrir. Jafnframt var þeim ekki heimilt að eiga víðskipti fyrir eigin reikning og var aðeins heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum víðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma enda væri slíkt nauðsynlegt til að ljúka þeim víðskiptum sem fyrirtækið hafði annast milligöngu um.⁸² Af þessu er ljóst að takmörkuð starfsemi verðbréfamiðlunar fellur sjálfkrafa undir

⁷⁷ Hér eftir vísað til „vvl.“

⁷⁸ Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 963 – 589. mál, kafli 3.6, mgr. 1.

⁷⁹ Samtök Fjármálafyrirtækja, „Verðbréfastarfsemi“ <<https://www.sff.is/malaflokkar/verdbrefastarfsemi>> skoðað 21. apríl 2020.

⁸⁰ Aðalsteinn Egill Jónasson (n. 66) 133.

⁸¹ sama heimild 137.

⁸² Sbr. áðurgildandi 26. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, um starfsheimildir verðbréfamiðlunar.

starfsemi verðbréfafyrirtækja.⁸³ Hins vegar felur starfsemi verðbréfafyrirtækja í sér víðtækari heimildir en starfsemi verðbréfamiðlunar eins og að ofan er lýst. Engu að síður er enn þann dag í dag einungis kveðið á um verðbréfamiðlun í ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

4.2.2.4 Rekstur verðbréfasjóða

Eins og fram kemur í kafla 4.2.2 fellur rekstur verðbréfasjóða einnig undir hugtakið fjármálafyrirtæki, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. ffl. Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem háð eru starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 3. gr. ffl. Starfa þau jafnframt á grundvelli laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Starfsemi verðbréfasjóða takmarkast við það að veita fé frá almenningi viðtöku til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum o.fl. á grundvelli áhættudreifingar eftir fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 128/2011. Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um starfsheimildir rekstrarfélags í 27. gr. laganna og segir þar að ásamt því að stunda rekstur sjóða geti slíkt félag einnig sótt um heimild til að sjá um eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og umsýslu fjármálagerninga sem eru í sameiginlegri fjárfestingu.

Ríkisskattstjóri hefur við túlkun sína á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. sótt skilgreiningu á hugtakinu fjármálafyrirtæki í þau lög sem um þau gilda, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki o.fl. Samkvæmt þessari túlkun ríkisskattstjóra tekur undanþágan því aðeins til eiginlegrar, skilgreindrar þjónustu banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem starfa samkvæmt leyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 2. gr. ffl.⁸⁴ Á þessum grundvelli hefur rekstur verðbréfasjóða jafnframt verið talinn falla undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., sbr. bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/17 en nánar verður fjallað um það álit í kafla 7.3.1.

4.2.2.5 Rafeyrisfyrirtæki

Samkvæmt lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris er hugtakið rafeyrir skilgreint sem peningaleg verðmæti í rafrænum miðli sem gefin eru út í skiptum fyrir fjármuni, sbr. 5. tölul. 4. gr. þeirra laga. Rafeyrisfyrirtæki eru þau fyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi til þess

⁸³ Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 963 – 589. mál, kafli 3.6, mgr. 2.

⁸⁴ Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1095/2015 sem og í bindandi áliti ríkisskattstjóra nr. 06/17 kemur fram að við nánari túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. sækir ríkisskattstjóri skilgreiningu á þjónustu fjármálafyrirtækja til þeirra lagaákvæða sem um þau gilda hverju sinni.

að gefa út slíkan rafeyri í samræmi við III. kafla umræddra laga. Í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 165/2011 um fjársýsluskatt eru taldir upp þeir aðilar sem falla undir gildissvið laganna. Var ákvæði þessu breytt með lögum nr. 33/2015⁸⁵ með þeim hætti að rafeyrisfyrirtæki voru látin falla undir fjársýsluskattskylduna. Segir nú í ákvæðinu að skattskyldir séu eftirtaldir aðilar:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða, svo og önnur fjármálaþyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálaþyrirtæki, *rafeyrisþyrirtæki samkvæmt lögum nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og aðrir þeir aðilar*, sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni inna af hendi vinnu eða þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.⁸⁶ (áherslubl. höf.)

Var ákvæðið, eins og það var fyrir þessa breytingu, ekki talið ná til allra þeirra aðila sem taldir hafa verið undanþegnir virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Þar af leiðandi voru aðilar, sem inna af hendi vinnu sem myndi teljast fyllilega sambærileg og starfsemi lánastofnana ásamt þeim aðilum sem stunda þá vinnu sem telst vera eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfsemi fjármálaþyrirtækja, taldir falla utan skilgreiningar ákvæðisins. Í þessu ljósi var ákveðið að víkka gildissvið ákvæðis 2. tölul. 2. gr. laga um fjársýsluskatt svo að umræddir aðilar, sem teljast þá vera undanþegnir virðisaukaskatti á grundvelli 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., yrðu ekki undanþegnir fjársýsluskatti líka og þar með vanskattaðir af þessum hluta starfsemi sinnar.⁸⁷

Ríkisskattstjóri vísar meðal annars í fyrrnefnda umfjöllun máli sínu til stuðnings í bindandi álitni embættisins nr. 06/17. Verður því að telja að skattyfirvöld horfi meðal annars til 2. tölul. 2. gr. laga nr. 165/2011 um fjársýsluskatt við afmörkun undanþáguákvæðis 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

4.3 Beiting virðisaukaskatts á fjármálaþyrirtæki

Skattskyld upphæð tekur iðulega mið af því endurgjaldi sem aðilar fá fyrir sérhver viðskipti sín. Þetta á einnig við um fjármálaþjónustu sem veitt er í skiptum fyrir ákveðna þóknun. En

⁸⁵ Lög nr. 33/2015 um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um búnaðargjald, lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum (samræming og einföldun).

⁸⁶ 2. tölul. 2. gr. laga nr. 165/2011 um fjársýsluskatt.

⁸⁷ Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 719 – 356. mál.

fyrir ákveðna fjármálaþjónustu, svo sem viðskipti sem fela í sér gjaldtöku á vöxtum, tekjur af gjaldeyrisviðskiptum eða tekjur af verðbréfum, skilar milligönguþjónusta fjármálafyrirtækja tekjum í formi framlegðar. Til að mynda er endurgjaldið fyrir milligönguþjónustu, er varðar innlán og útlán, mismunur á milli þeirra vaxta, sem eru innheimtir af útlánnum, og vaxta sem greiddir eru af innlánnum. Öfugt við aðrar milligönguþjónustur eru þættir framboðsins og endurgjaldið, sem greitt er fyrir þetta framboð, annaðhvort reiðufé eða jafngildi þess. Örðugleikinn varðandi virðisaukaskatt á þjónustu fjármálafyrirtækja samkvæmt þessu fyrirkomulagi er sá að sú framlegð, sem er náð, er yfirleitt á alþjóðlegum, samsettum mælikvarða varðandi milligönguþjónustu og er engin nákvæm leið til þess að sundurliða hana niður á sérhver viðskipti fyrir sig.⁸⁸ Af þessum sökum hefur ákveðin þjónusta fjármálafyrirtækja verið undanþegin virðisaukaskatti því erfitt eða jafnvel ómögulegt er að finna út skattstofn fjármálaviðskipta.

4.3.1 Skattskyld starfsemi fjármálafyrirtækja

Eins og áður er rakið er banka- og lánastarfsemi fjármálafyrirtækja undanþegin virðisaukaskatti, sbr. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Engu að síður eru þessi fyrirtæki oft á tíðum einnig í starfsemi sem er virðisaukaskattskyld samkvæmt meginreglu 1. mgr. 2. gr. vskl. Í 3. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt er kveðið á um það að aðilar, sem stunda starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. vskl., teljast vera í blandaðri starfsemi. Aðilar í blandaðri starfsemi hafa fullan innskattsrétt samkvæmt 1. mgr. 16. gr. vskl. að því er varðar vöru og þjónustu sem eingöngu er keypt til nota við skattskylda hluta starfseminnar, sbr. 4. gr. innskattsreglugerðarinnar. Aftur á móti er aðilum í blandaðri starfsemi ekki heimilt að telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur til vegna vöru og þjónustu sem einungis varðar hinn undanþegna hluta starfseminnar.

Stundi aðili blandaða starfsemi er sennilegt að hluti aðfanga hans varði bæði þann skattskylda og þann undanþegna þátt starfsemi hans.⁸⁹ Aðilar í blandaðri starfsemi hafa innskattsrétt af innkaupum til blandaðra nota, skv. 5. gr. innskattsreglugerðarinnar, í því hlutfalli sem sala skattskyldrar vöru og þjónustu viðkomandi reikningsárs er af heildarveltu ársins. Hugtakið blönduð not tekur til þeirra aðfanga er varða báða þætti starfseminnar, þann skattskylda og þann undanþegna.⁹⁰ Heildarvelta aðila er fundin með því að leggja saman veltu

⁸⁸ Amand, Christian (n. 69) 192.

⁸⁹ Ríkisskattstjóri, *Handbók um virðisaukaskatt 1998* (n. 43) 134.

⁹⁰ sama heimild.

skattskylda og óskattskylda hluta starfseminnar. Í þessu ljósi hefur þótt mikilvægt að greina á milli undanþeginnar starfsemi fjármálafyrirtækja og þeirrar sem skattskyld er því það væri í andstöðu við markmið laganna að undanþiggja starfsemi fjármálafyrirtækja sem skattskyld væri hjá öðrum aðilum.⁹¹ Undir skattskylda starfsemi fjármálafyrirtækja fellur til að mynda fjármálaráðgjöf, bókhaldsþjónusta, innheimta á vanskilakröfum, rekstrarleiga, leiga lausafjármuna, sala á seðlaveskjum o.fl.⁹²

4.3.2 Eigin not

Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 3. gr. vskl. er aðilum, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. vskl., gert skylt að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu sem framleidd er eða innt af hendi til eigin nota og í samkeppni við aðra skattskylda aðila. Grundvöllur þessa ákvæðis er að fyrirbyggja það að virðisaukaskattur hafi áhrif á ákvörðunartöku aðila varðandi það hvort þjónusta sé keypt af öðrum aðila eða leitað sé innan vébanda fyrirtækja sem eru í undanþeginni starfsemi.⁹³ Aftur á móti var gerð sú breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með 18. gr. laga nr. 165/2011 um fjársýsluskatt, að við 2. mgr. 3. gr. vskl. bættist málsliður sem undanskilur aðila, sem falla undir 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., frá skattskyldunni í 1. másl. 2. mgr. 3. gr. vskl. Þar af leiðandi eru aðilar, sem stunda undanþegna starfsemi, m.a. fjármálafyrirtæki, ekki skattskyldir af vinnu til eigin nota og í samkeppni við aðra skattskylda aðila.⁹⁴ Þess í stað greiða þessir aðilar fjársýsluskatt, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 165/2011 um fjársýsluskatt. Í ákvæðinu eru talin upp þau fjármálafyrirtæki sem skylt er að greiða fjársýsluskatt og nær skattskyldan meðal annars til viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rafeyrisfyrirtækja og fleiri fjármálafyrirtækja sem talin eru falla þar undir samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.⁹⁵

⁹¹ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

⁹² sama heimild.

⁹³ sama heimild.

⁹⁴ Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 198 – 193. mál.

⁹⁵ Af athugasemdum við ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. má sjá þann skýringarkost að skýra skuli undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. vskl. með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 3. gr. vskl. (og reglugerðar nr. 562/1989 um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana). Aðkeypt þjónusta verður ekki felld undir viðkomandi undanþáguákvæði ef kaupanda bæri að reikna og greiða virðisaukaskatt af eigin slíkri þjónustu, eða fjársýsluskatt. Ef honum ber á hinn bóginn ekki að reikna og greiða

4.4 Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Þann 20. desember 2019 birti Fjármála – og efnahagsráðuneytið mál nr. 319/2019, áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.,⁹⁶ inni á Samráðsgátt. Eru þar lagðar til ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þar á meðal nokkrar er tengjast fjármálastarfsemi. Breytingarnar eiga að leiða til frekari skýrleika varðandi það hvað fellur undir fjármálastarfsemi og þar af leiðandi undir undanþágu 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Jafnframt er áréttað að ákveðin vandamál hafa fylgt í kjölfar lagalegra og tæknilegra breytinga á sviði fjármálastarfsemi á undanförunum árum. Er einnig tekið fram í áformum þessum þau álitamál sem upp hafa komið er snúa að skattlagningu hvað varðar þjónustu milliliða er snýr að færsluhirðingu sem og þjónustu milli höfuðstöðva og útibúa innan EES-svæðisins. Er því ljóst að núverandi undanþáguákvæði er óljóst og úr sér gengið. Hafa niðurstöður samráðsins ekki verið birtar þegar þetta er ritað, en stefnt er á að leggja frumvarpið fram á haustþingi 2020.⁹⁷

5. Greiðslumiðlun og greiðsluþjónusta

5.1 Almennt um greiðslumiðlun og greiðsluþjónustu

Fjallað hefur verið, með almennum hætti, um fjármálafyrirtæki í fyrri köflum og jafnframt um hvers konar starfsemi slík fyrirtæki stunda. Er greiðslumiðlun einn angi af þeirri fjölbreyttu þjónustu sem slík fyrirtæki veita. Greiðslumiðlun er skilgreind í 10. tölul. 8. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu sem hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli. Eins og kveðið er á um í kafla 4.1 hafa komið upp ákveðin

virðisaukaskatt af eigin þjónustu, verður almennt að telja slíka aðkeypta þjónustu undanþegna virðisaukaskatt, að því gefnu að hún sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í undanþeginni starfsemi kaupandans.

⁹⁶ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.)“ <[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2577](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2577)> skoðað 14. apríl 2020.

⁹⁷ Höfundur sendi fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi áform þessi og fékk eftirfarandi svar: „Stefnt er á að frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, sem felur m.a. í sér breytingar á ákvæðum laganna er varða undanþágu fjármálastarfsemi frá virðisaukaskatti, verði lagt fram á haustþingi.“

álitamál í skattframkvæmd við beitingu undanþáguákvæða virðisaukaskattslaga, þar á meðal vegna mikillar tækniþróunar á þessu sviði. Í þessum kafla verður því gerð nánari grein fyrir hugtökum sem tengjast umræddri þjónustu eins og til dæmis greiðslumiðlun, greiðsluþjónusta, fjártækni, fjártækniyrirtækjum.

Notkun rafrænna greiðslumiðla er orðin fremur útbreidd og er aðeins lítill hluti greiðslumiðlunar hér á landi sem fer fram í reiðufé. Greiðslumiðlun er í raun flutningur og afhending fjármuna frá greiðanda til móttakanda. Töluverð breyting hefur átt sér stað á vettvangi greiðslumiðlunar á síðastliðnum áratugum í kjölfar þróunar í upplýsingatækni.⁹⁸ Þessi breyting felst meðal annars í sérhæfðum hugbúnaðarlausnum sem gegna lykilhlutverki í greiðslumiðlun milli fjármálafyrirtækja, atvinnulífs og einstaklinga. Slíkar hugbúnaðarlausnir teljast til svokallaðra fjármálainnviða sem eru marghliða kerfi sem nýtt eru til skráningar og millifærslu fjármuna á milli greiðanda og móttakanda. Fjármálavinnviðir eru í raun öll þau kerfi sem nýtt eru til greiðslumiðlunar, skráningar og uppgjörs. Kröftugir fjármálainnviðir eru nauðsynlegir til þess að fjármálafyrirtæki geti starfað á fjármálamarkaði.⁹⁹ Þar af leiðandi eru fjármálainnviðir ásamt fjármálastofnunum og fjármálamörkuðum grunnstoðir íslensks fjármálakerfis.

Eins og áður segir er notkun rafrænna greiðslumiðla orðin víðtæk og er hún byggð á notkun greiðslu- og uppgjörskerfa sem yfirleitt tengjast saman innbyrðis. Greiðslukerfi þessi fela í sér fjármálainnviði, verðbréf sem og afleiður. Til þess að geta innt af hendi og móttekið greiðslur, meðal annars vegna kaupa eða sölu á vöru og þjónustu, verðbréfavíðskipta, launagreiðslna o.fl., þurfa lögaðilar og einstaklingar skilvirkar og hagkvæmar leiðir. Til þess að mæta þessari þörf um hagkvæmar leiðir skipta góðir fjármálainnviðir sköpum og þá kemur veiting greiðsluþjónustu til sögunnar.¹⁰⁰ Veiting greiðsluþjónustu er starfsleyfisskyld og þann 1. desember 2011 tóku gildi hér á landi lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu. Samkvæmt 5. gr. laga um greiðsluþjónustu er greiðsluþjónustuveitendum einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi og þurfa þeir sérstakt leyfi til þess frá stjórnvöldum hérlendis eða í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálafyrirtæki eru umsvifamestu veitendur greiðsluþjónustu hér á landi. Hugtakið greiðsluþjónusta er nánar skilgreint í 4. gr. laga nr.

⁹⁸ Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2013) 7 <<https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnviðir%202013%20ritið%20%C3%AD%20heild.pdf>> skoðað 1. mars 2020.

⁹⁹ sama heimild.

¹⁰⁰ sama heimild.

120/2011 um greiðsluþjónustu og nær meðal annars yfir notkun greiðslukorta og færsluhirðingu. Þar að auki nær hugtakið jafnframt yfir þær greiðslur sem framkvæmdar eru í heimabönkum og einnig munu svokallaðar peningasendingar (e. *money remittance*) teljast falla undir gildissvið laganna.¹⁰¹

Líkt og að ofan greinir eru ýmis vandamál sem tengjast virðisaukaskattsmeðferð fyrirtækja sem veita greiðsluþjónustu. Snýr eitt þeirra vandamála til að mynda að því hvort að þjónusta milliliða varðandi færsluhirðingu teljist falla undir eiginlega og nauðsynlega starfsemi fjármálafyrirtækja og þar af leiðandi undir undanþágu 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.¹⁰² Hefur tilkoma nýrrar tækni á fjármálamarkaði leitt til þess að svarið við þeirri spurningu liggur ekki beint í augum uppi. Því verður í næstu köflum gerð grein fyrir þeim tækninýjungum sem rutt hafa sér til rúms á þessu sviði. Þar að auki verður fjallað lítillega um evrópskt regluverk varðandi greiðsluþjónustu og samspil þess við reglur varðandi persónuvernd og jafnframt kannað hvaða áhrif innleiðing þess myndi hafa á virðisaukaskattsskyldu fyrirtækja sem veita þess háttar þjónustu hér á landi.

5.2 Fjártækni

5.2.1 Hugtakið fjártækni

Það hefur reynst torvelt að skilgreina hugtakið fjártækni (e. *FinTech*) nákvæmlega í gegnum tíðina þar sem það þykir fremur víðtækt. En hugtakið hefur verið skilgreint á tvo mismunandi vegu af Seðlabanka Íslands. Fyrri skilgreiningin gengur út frá því að fjártækni sé samheiti yfir mismunandi beitingu tæknilausna í fjármálum fyrirtækja og einstaklinga. Seinni skilgreiningin telur hana vera hugtak yfir samspil fjármálaþjónustu og ýmissa tækninýjunga. Hugtakið fjártækni hefur þar að auki verið talið ná yfir allar nýjungar og uppfinningar á fjármálamarkaði.¹⁰³ Þrátt fyrir mismunandi skilgreiningar á hugtakinu er ljóst að fjártækni felur í sér hvers konar tæknilega nýsköpun sem hefur áhrif á fjármálastofnanir og fjármálamarkaði. Nýsköpun þessi leiðir yfirleitt til nýrra smáforrita, ferla eða viðskiptaaðferða sem gerir fjártæknifyrirtækjum kleift að standa í samkeppni við önnur fjármálafyrirtæki. Með gífurlegri

¹⁰¹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál, almennar athugasemdir, mgr. 4, másl. 1.

¹⁰² Sjá til hliðsjónar skilyrði sem skattýfirvöld telja að þurfa vera uppfyllt til þess að þjónusta teljist vera fyllilega sambærileg starfsemi lánastofnana sem er undanþegin virðisaukaskatti í *ákvarðandi bréfi rikisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.*

¹⁰³ Hildigunnur Hafsteinsdóttir, „FinTech - framtíð fjármálagerna“ (2017) 1 Fjármál 5, 5.

tækniþróun á þessu sviði og vegna aukinnar notkunar snjalltækja hefur bankaþjónusta, eins og hún hefur verið í gegnum tíðina, tekið stakkaskiptum.¹⁰⁴

Viðskiptavinir gera nú til dags ríkari kröfu um hraða og rafræna þjónustu og hefur ferðum þeirra í eiginleg bankaútibú fækkað verulega á undanförunum árum. Þetta stafar aðallega af því að viðskiptavinir hafa nú aðgang að helstu bankaþjónustu í snjalltækjunum sínum hvar sem þeir eru staddir. Þessi þróun hefur jafnframt leitt til aukinnar kröfu til viðskiptabanka um að dragast ekki aftur úr þeirri tækniþróun sem nú er að eiga sér stað varðandi þjónustu á fjármáلامarkaði. Fjárfestingar á þessu sviði hafa aukist gífurlega í gegnum árin og eru tækni framfarirnar einnig miklar.¹⁰⁵ Þessi nýja tækni mun gagnast bæði neytendum og fyrirtækjum þar sem fjármálaþjónusta verður bæði aðgengilegri og skilvirkari. Hefur þetta leitt til þess að fjölmörg fjártæknifyrirtæki hafa komið fram á sjónarsviðið á síðustu árum.

5.2.2 Fjártæknifyrirtæki

Þau fyrirtæki, sem sérhæfa sig í fjártæknilausnum, kallast fjártæknifyrirtæki. Þetta eru oftast nær ung sprotafyrirtæki sem stefna að því að þróa skilvirkar og tæknilegar lausnir á sviði fjármálaþjónustu. Fjártæknifyrirtækin hafa verið hvað duglegust við það að finna upp tæknilausnir er varða greiðslumiðlun, persónulega fjármálaþjónustu og lánastarfsemi.¹⁰⁶ Skipta má fjártækni sviðinu niður í eftirfarandi þrjú svið sem fjártæknifyrirtækin sérhæfa sig í, þ.e. þjónustumiðað, gagnamiðað og ferlamiðað svið. Þjónustumiðað svið tekur einkum til þróunar tækni sem varðar þjónustu sem að jafnaði er veitt af fjármálastofnunum, svo sem kortagreiðslur, millifærslur, útlán, fjárfestingar, gjaldeyrisviðskipti o.fl. Með gagnamiððu sviði er átt við lausnir og tækni sem notuð er til söfnunar, vinnslu og greiningar upplýsinga (e. *big data*). Ferlamiðað svið snýr meðal annars að því hvernig hægt er að endurskilgreina rekstrarlíkön fjármálastofnana og auka skil- og sjálfvirkni þeirra.¹⁰⁷ Þrátt fyrir þessa skiptingu eru mörg fjártæknifyrirtæki sem einblína á öll sviðin.

Það sem er jákvætt fyrir íslensk fjártæknifyrirtæki er að þau hafa fengið aðstoð frá bönkum landsins við þróun lausna sinna. Þetta hefur leitt til þess að fjártæknifyrirtækin hafa

¹⁰⁴ sama heimild.

¹⁰⁵ Helena Pálsdóttir, „Tæknin, internetið og fjármálaþjónusta“ (2017) 2 Fjármál 2, 6.

¹⁰⁶ Andrés Magnússon, „Bankar Framtíðar“ *Viðskiptablaðið* (Reykjavík, 3. september 2017) <<http://www.vb.is/frettir/bankar-framtidar/141013/>> skoðað 31. mars 2020.

¹⁰⁷ Vasiljeva, Tatjana, „Commercial Banks and FinTech Companies in the digital transformation: Challenges for the future“ (2016) 11 Journal of Business Management 25, 26.

fengið aðgang að innviðum, reynslu og lagalegri þekkingu bankanna. Að sama skapi hafa svo bankarnir fengið aðgang að tækniþekkingu og drifkrafti fjártæknifyrirtækjanna.¹⁰⁸ Sem dæmi um íslensk fjártæknifyrirtæki má meðal annars nefna Aur, Meniga, Kass og Netgíró. Þar að auki er talið að fjártæknin verði sýnilegri með árunum í váttryggingastarfsemi, inn- og útlánastarfsemi, fjárfestingarráðgjöf og hóp fjármögnun.¹⁰⁹

Það sem hefur gert fjártæknifyrirtækjum erfitt fyrir síðastliðin ár er strangt regluverk sem gildir um veitingu fjármálaþjónustu. Mismunandi virðisaukaskattsmeðferð varðandi fjártæknifyrirtæki annars vegar og viðskiptabanka og lánastofnanir hins vegar hefur einnig haft áhrif. Endurskoðuð Evrópulöggjöf um greiðsluþjónustu hefur aftur á móti auðveldað nýjum leikmönnum að komast inn á fjármálamarkaðinn og var tekið tillit til tæknibreytinga við endurskoðun hennar. Samt sem áður er gríðarlega mikilvægt að nýir leikmenn á markaðnum geri sér grein fyrir því að um hann gilda strangar reglur. Ástæðan er einna helst sú að gallar í tækninýjungum þeirra geta haft mun áhrifameiri og varanlegri afleiðingar í för með sér heldur en gallar hjá fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum. Því er öryggi nýrra lausna, sem fjártæknifyrirtæki innleiða, hvað mikilvægast. Með nýjum tímum fylgja nýjar áskoranir og þar af leiðandi geta fyrirtæki, sem þróa nýja tækni, verið auðveld skotmörk tölvuþrjóta. Hins vegar eru þessi fyrirtæki alla jafna mjög tæknisinnuð og meðvituð um þær áhættur sem fylgja rekstri sínum.¹¹⁰

5.3 Tilskipanir Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu og persónuvernd

Í kjölfar mikillar tækniþróunar á sviði greiðslumiðlunar, eins og fjallað hefur verið um í fyrri köflum, hefur regluverki á því sviði verið talið ábótavant. Evrópuþingið og ráðherraráðið samþykktu árið 2015 að endurskoða reglur á sviði greiðsluþjónustu. Tilgangurinn með endurskoðun þessari var að auka samkeppni með það að leiðarljósi að auðvelda nýjum markaðsaðilum, eins og til dæmis fjártæknifyrirtækjum, aðgengi að markaði fyrir greiðsluþjónustu.¹¹¹ Hefur tómarúm hvað varðar regluverk í kringum þessa þjónustu leitt til mismunandi virðisaukaskattsmeðferðar mismunandi aðila sem slíka þjónustu veita, sbr. túlkun

¹⁰⁸ Helena Pálsdóttir (n. 105) 2.

¹⁰⁹ Hildigunnur Hafsteinsdóttir (n. 103) 5.

¹¹⁰ Helena Pálsdóttir (n. 105) 3.

¹¹¹ Margrét Einarsdóttir og Diljá Helgadóttir, „Þáttaskil í löggjöf á greiðsluþjónustumarkaði: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/2366/EB (PSD II)“ <https://www.ru.is/media/logretta/Thattaski_i_loggjof_a_greidsluthjonustumarkadi.pdf> skoðað 7. mars 2020.

skattyfirvalda á undanþáguákvæðum virðisaukaskattslaga í kafla 7. Verður nú fjallað nánar um það regluverk sem tengist greiðsluþjónustu sem og samspil þess við reglur um persónuvernd.

5.3.1 PSD1

Með setningu laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu var tilskipun 2007/64/EC,¹¹² betur þekkt sem PSD1(e. *Payment Services Directive 1*), innleidd hér á landi. Markmið tilskipunarinnar var að skapa samræmda löggjöf og framkvæmd varðandi greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Mikil vinna hefur átt sér stað undanfarin ár innan framkvæmdastjórnar ESB við að koma á fót samevrópskum markaði fyrir greiðsluþjónustu. Heildstæð og samræmd nútímalöggjöf á þessu sviði var talin nauðsynleg til þess að stuðla að frjálsum flæði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns.¹¹³ Löggjöfin átti einnig að leiða til þess að leikreglur yrðu skýrari innan Evrópska efnahagssvæðisins varðandi greiðsluþjónustu og efla þar með stöðu neytenda.¹¹⁴

PSD1-tilskipunin hafði afskaplega jákvæð áhrif á samkeppni með því að einfalda nýjum markaðsaðilum og greiðslustofnunum aðgang að fjármálamarkaðnum. Þessi þróun hafði því einnig jákvæð áhrif á evrópsk efnahagsmál ásamt því að neytendum buðust fyrir vikið fleiri og fjölbreyttari valmöguleikar. Tilskipunin leiddi þar að auki til frekari gagnsæis á þær upplýsingar sem voru hagkvæmar fyrir neytendur, eins og upplýsingar varðandi framkvæmdartíma og gjöld. Á þeim tíma, sem PSD1-tilskipunin var innleidd í aðildarríkjum ESB, var talið að kostnaður við greiðslumiðlun í hverju aðildarríki fyrir sig væri næstum því 2-3% af vergri landsframleiðslu. Því voru væntingar um lækkun kostnaðar með tilkomu nýju löggjafarinnar um allt að 28 milljarða evra.¹¹⁵

¹¹² Council Directive (EC) 2007/64 of 13 November 2007 on Payment Services in the Internal Market Amending Directives 97/7/EC, 2002/65/EC, 2005/60/EC and 2006/48/EC and Repealing Directive 97/5/EC [2007] OJ L319/1. 2007 (319).

¹¹³ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1190 – 673. mál, almennar athugasemdir, mgr. 1, másl. 3-4.

¹¹⁴ sama heimild, almennar athugasemdir, mgr. 3, másl. 4.

¹¹⁵ Friðrik Þór Snorrason, „Ísland - Ekki Lengur Eyland á Fjármálamarkaði“ (*rb.is*, 29. ágúst 2017) <<http://www.rb.is/frett/island-ekki-lengur-eyland-a-fjarmalamarkadi>> skoðað 15. mars 2020.

5.3.2 PSD2

Árið 2015 var ný tilskipun um greiðsluþjónustu, (ESB) 2015/2366¹¹⁶ einnig þekkt sem PSD2 (e. *Payment Services Directive 2*), samþykkt. Tilskipun þessi tók gildi í janúar 2018 og felldi þar með úr gildi eldri tilskipun, 2007/64/EC eða PSD1. Markmið Evrópusambandsins með þessari nýju tilskipun er að leggja lagalegan grunn fyrir breytt landslag í smágreiðslumiðlun og betri samþættingu á innri markaðnum fyrir rafrænar greiðslur innan ESB. Fyrri lagaramminn varðandi greiðsluþjónustu, þ.e. PSD1, náði ekki utan um þessar breytingar vegna þeirrar öru þróunar sem var að eiga sér stað í tækniheiminum.¹¹⁷

Samkvæmt formála PSD2-tilskipunarinnar felur hún í sér heildstæða löggjöf um greiðsluþjónustu með það að leiðarljósi að gera alþjóðlegar greiðslur innan ESB eins auðveldar, öruggar og skilvirkar og þær greiðslur sem eiga sér stað innan eins og sama landsins. Með þessu er leitast við að opna greiðslumarkaði fyrir nýjum markaðsaðilum sem leiðir til frekari samkeppni, meira úrvals og betra verðs fyrir neytendur.¹¹⁸

Tilskipunin veitir enn fremur lagalegan vettvang fyrir SEPA (e. *Single Euro Payment Area*) sem samræmir reglur varðandi rafrænar greiðslur í evrum um alla Evrópu. SEPA gerir neytendum og fyrirtækjum kleift að greiða og taka við greiðslum á milli landa á jafn einfaldan og öruggan hátt og ef um innanlands greiðslu væri að ræða. Sendandi og viðtakandi greiðslunnar skipta síðan færslukostnaðinum jafnt á milli sín. Rafrænu greiðslurnar sjálfar eru síðan millifærðar inn á reikning móttakanda næsta virka dag eftir afgreiðslu. SEPA nær til allra landa innan ESB og á einnig við um greiðslur í evrum í öðrum Evrópulöndum, eins og Andorra, Íslandi, Noregi, Sviss, Liechtenstein, Mónakó, San Marínó og Vatíkanborg.¹¹⁹

Þrátt fyrir að PSD1-tilskipunin hafi leitt til ákveðinna breytinga var tilskipunin talin hamla eðlilegri framþróun fjármálamarkaðarins ásamt því að henni tókst ekki að afmá einstök landamæri í smágreiðslumiðlun, aðallega í greiðslukortþjónustu, farsímagreiðslum og

¹¹⁶ Council Directive (EU) 2015/2366 of 25 November 2015 on Payment Services in the Internal Market, Amending Directives 2002/65/EC, 2009/110/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010, and Repealing Directive 2007/64/EC [2015] OJ L337/35 2015 (337).

¹¹⁷ Friðrik Þór Snorrason (n. 115).

¹¹⁸ Council Directive (EU) 2015/2366 of 25 November 2015 on Payment Services in the Internal Market, Amending Directives 2002/65/EC, 2009/110/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010, and Repealing Directive 2007/64/EC [2015] OJ L337/35, aðfararorð 2. -4. gr.

¹¹⁹ Rose, Charlotte, „Single Euro Payment Area - Are You Ready?“ (*Credit Management*, maí 2013) <<https://hrproxy.hir.is:2125/docview/1371848664/12F41172BA2F4401PQ/2?accountid=28419>> skoðað 7. mars 2020.

vefverslun.¹²⁰ Því lagði ESB mikla vinnu í að koma á laggirnar betrubættari tilskipun, þ.e. PSD2, til þess að auka samkeppni í greiðsluþjónustu, mynda sameiginlegan markað innan EES fyrir greiðsluþjónustu, stuðla að nýsköpun og bæta neytendavernd og eignarhald neytenda á gögnum sínum.¹²¹ PSD2-tilskipunin hefur víðtæk áhrif á starfsemi viðskiptabanka þar sem hún leiðir til opinnar bankastarfsemi (e. *open banking*). Hugtakið opin bankastarfsemi hefur enn ekki verið skilgreint í íslenskum lögum en það felur í sér að fleiri aðilar en einungis bankar hafa heimild til að sinna þeirri starfsemi sem aðeins bankar hafa sinnt í gegnum árin. Með þessu er bönkum gert skylt að opna fyrir aðgengi þriðju aðila að greiðsluupplýsingum neytenda, að tilskildu samþykki neytenda.¹²² Þessum breytingum varðandi opið aðgengi þriðju aðila að greiðsluupplýsingum neytenda, eins og til dæmis spari- og veltureikningum, fylgja meðal annars tvö ný þjónustuhlutverk. Þjónustuhlutverkin skiptast í greiðsluvirkjanda (e. *Payment Initiation Service Providers (PISP)*) annars vegar og upplýsingaþjónustuveitanda (e. *Account Information Service Provider (AISP)*) hins vegar.¹²³ Greiðsluvirkjandi telst vera sá aðili sem framkvæmir greiðslur beint af innlánareikningi neytenda yfir á annan reikning, með fyrirfram samþykki neytenda.¹²⁴ Upplýsingaþjónustuveitandi safnar, með samþykki neytenda, fjárhagsupplýsingum um viðkomandi neytendur.¹²⁵

Með PSD2-tilskipuninni og opinni bankastarfsemi er viðskiptabönkum gert skylt að veita nýjum markaðsaðilum óhindrað aðgengi að greiðsluupplýsingum neytenda án þess að sérstakt samningssamband sé á milli markaðsaðilans og viðskiptabankans. Það eitt að þjónustuveitandi hafi samþykki eiganda reiknings dugir til þess að veita honum aðgengi að innlánareikningi sem viðskiptavinurinn geymir hjá viðskiptabankanum.¹²⁶ Viðskiptabankar hafa ekki heimild til þess að innheimta viðbótargjöld fyrir millifærslur sem þjónustuveitandinn sinnir. Fyrir PSD2-tilskipunina var fyrirkomulagið varðandi notkun greiðslukorta með þeim hætti að færslubeiðni var send til færsluhirðis, sá færsluhirðir er með samning við kortaskema, til dæmis Visa eða MasterCard, sem sækir staðfestingu um heimild til viðeigandi banka sem

¹²⁰ Friðrik Þór Snorrason (n. 115).

¹²¹ sama heimild.

¹²² Hjálmar Stefán Brynjólfsson, „Hvenær öðlast PSD2 gildi hér á landi?“ (2018) 1 Fjármál 15, 15.

¹²³ Friðrik Þór Snorrason (n. 115).

¹²⁴ Council Directive (EU) 2015/2366 of 25 November 2015 on Payment Services in the Internal Market, Amending Directives 2002/65/EC, 2009/110/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010, and Repealing Directive 2007/64/EC [2015] OJ L337/35, aðfararorð 29. - 32. gr.

¹²⁵ sama heimild, aðfararorð 28. gr.

¹²⁶ Friðrik Þór Snorrason (n. 115).

gaf út greiðslukortið.¹²⁷ Með tilkomu nýrra reglna í kjölfar PSD2 er mögulegt að einfalda ferlið við hverja færslu með því að greiðsluvirkjandi nái beint í færsluheimild til viðeigandi banka viðskiptavinarins. PSD2-tilskipunin hefur því það í för með sér að færri aðilar koma að hverri færslu og þar með lækkar kostnaður. Jafnframt felur tilskipunin í sér hagkvæmni fyrir smásala þar sem þeir geta stýtt uppgjörstíma sinn þar sem færsluhirðirinn er tekinn út úr myndinni.¹²⁸ Með fjölgun fjártæknifyrirtækja hefur þjónusta milliliða aukist gífurlega og þar sem þeim verður heimilt að veita neytendum sambærilega þjónustu og viðskiptabankar verður að telja að sömu reglur þurfi að gilda um þessa aðila og að ekki verður gerður greinarmunur á milli þeirra.

Þegar þetta er ritað hefur PSD2-tilskipunin ekki enn verið innleidd í íslenskan rétt. Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra, sem birt var þann 10. október 2019 og varðar framkvæmd EES-samningsins, er tekið fram að stefnt sé að því að PSD2-tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt á næsta löggjafarþingi, þ.e. haustið 2020 til vors 2021.¹²⁹

5.3.3 GDPR

Árið 2016 samþykkti Evrópuþingið og ráðið reglugerð (ESB) 2016/679¹³⁰ frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga eins og hún hafði verið aðlöguð að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einnig þekkt sem GDPR (e. *General Data Protection Regulation*). Reglugerð þessi leysti af hólmi fyrri tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins 95/46/EB¹³¹ frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og kom hún til framkvæmda innan Evrópusambandsins þann 25. maí 2018.¹³² Í kjölfarið voru sett ný lög hér á landi nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ástæðan að baki þess að setja þurfti ný lög í kjölfar GDPR-reglugerðarinnar er sú að samkvæmt 7. gr.

¹²⁷ Friðrik Þór Snorrason, „Fjármálamarkaðurinn Fyrir Og Eftir Ný Lög Um Greiðsluþjónustu“ (*rb.is*) <<http://www.rb.is/frett/fjarmalamarkadurinn-fyrir-og-efir-ny-log-um-greidsluthjonustu>> skoðað 16. mars 2020.

¹²⁸ sama heimild.

¹²⁹ Benedikt Egill Árnason og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, „Staða á Innleiðingu PSD2“ (*LOGOS lögmansþjónusta*) <<http://www.logos.is/frettir/frett/stada-a-innleiingu-psd2>> skoðað 6. apríl 2020.

¹³⁰ Council Regulation (EU) 2016/679 of 27 April 2016 on the Protection of Natural Persons with Regard to the Processing of Personal Data and on the Free Movement of Such Data, and Repealing Directive 95/46/EC (General Data Protection Regulation) [2016] OJ L119/1.

¹³¹ Council Directive 95/46/EC of 24 October 1995 on the Protection of Individuals with Regard to the Processing of Personal Data and on the Free Movement of Such Data [1995] OJ L281/31.

¹³² Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 1029 – 622. mál, kafli 1, mgr. 1.

laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið skulu reglugerðir sem slíkar innleiddar í landsrétt sammingsaðila. Því höfðu íslensk stjórnvöld ekki val um form né aðferð við innleiðingu reglugerðarinnar og því varð að lögfesta reglugerðina í heild sinni.¹³³ Við setningu áður gildandi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga var mun meira svigrúm til staðar þar sem um var að ræða innleiðingu á tilskipun ESB frá árinu 1995.¹³⁴

Ein af forsendum þess að PSD2-tilskipunin nái markmiði sínu hér á landi er að búið sé að innleiða GDPR-reglugerðina í íslenskan rétt. Ástæða þess er sú að þau fjártækifyrirtæki, sem stefna að því að nota upplýsingar úr viðskiptabönkum einstaklinga á grundvelli PSD2-löggjafarinnar, verða að uppfylla þær kröfur sem GDPR setur um persónuvernd og gagnaöryggi, það er skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.¹³⁵ Þar af leiðandi þurfa fjártækifyrirtæki að vera sérstaklega meðvituð um þær kröfur og þau skilyrði sem nýju persónuverndarlögin gera til þeirra svo að þau geti tekið á móti upplýsingum frá bönkunum.¹³⁶

Jafnframt má í þessu samhengi benda á að þessar tvær gerðir, þ.e. GDPR og PSD2, stangast á vissan hátt á við hvor aðra. Er það aðallega vegna þess að GDPR-reglugerðin setur gífurlega áherslu á persónuverndarrétt einstaklinga og að einstaklingar eigi allar upplýsingar sem um þá eru skráðar. Á sama tíma er markmið PSD2-tilskipunarinnar að opna aðgengi þriðju aðila að upplýsingum einstaklinga varðandi innlánareikninga þeirra hjá fjármálastofnunum.¹³⁷

5.4 Samantekt

Óskýr lagarammi er varðar skattlagningu fjártækifyrirtækja verður að teljast afar fráhrindandi fyrir nýja aðila sem hafa hug á því að ryðja sér til rúms á fjármálamarkaðnum. Aukinheldur þurfar nýir aðilar á fjármálamarkaði einnig að átta sig á því að þeir eru algjörlega á upphafsreit hvað varðar traust viðskiptavina.¹³⁸ Eitt meginmarkmið PSD2 tilskipunarinnar er að auðvelda

¹³³ sama heimild, kafli 1, mgr. 1.

¹³⁴ sama heimild, kafli 1, mgr. 1.

¹³⁵ Hjálmar Stefán Brynjólfsson (n. 122) 16.

¹³⁶ sama heimild.

¹³⁷ Diljá Helgadóttir, „The Interaction Between Directive 2015/2366 (EU) on Payment Services and Regulation (EU) 2016/679 on General Data Protection Concerning Third Party Players.“ (2020) 23 Trinity College Law Review 199, 223.

¹³⁸ Helena Pálsdóttir (n. 105) 3.

nýjum aðilum aðgengi að markaðnum, sem er talið vera forsenda fyrir samkeppnishæfum, skilvirkum og nýstárlegum greiðslumarkaði.¹³⁹ Í formála sínum segir PSD2 tilskipunin að:

Samsvarandi rekstrarskilyrði ættu að vera tryggð fyrir núverandi og nýja aðila á markaðnum, sem gerir nýjum greiðsluþjónustum kleift að ná til breiðari markaðar og tryggja ríkari neytendavernd við notkun þessara greiðsluþjónustu um allt Evrópusambandið.¹⁴⁰

Ómarkviss virðisaukaskattsmeðferð á milli mismunandi aðila í greiðslumiðlunariðnaðinum, í mismunandi löndum grefur undan meginmarkmiði PSD2 tilskipunarinnar. Í flestum löndum er greiðsluþjónusta, sem fjártækni fyrirtæki veita, í meginatriðum virðisaukaskattskyld. Aftur á móti eru bankarnir undanþegnir virðisaukaskatti af greiðsluþjónustu í flestum þessara landa.¹⁴¹ Ástæðan sem liggur að baki þessari mismunandi meðferð, þ.e. að gera greiðsluþjónustu sem fjártækni fyrirtæki veita virðisaukaskattskylda, er sú að þau fyrirtæki bera yfirleitt ekki sömu samningsábyrgð hvað varðar greiðsluþjónustu og viðskiptabankar gera. Þrátt fyrir að eiginlega greiðsluþjónustan lítur eins út í augum neytandans sama hver það er sem veitir hana.¹⁴² Einn meginmunur hvað þetta varðar er sá að bankar bjóða venjulega aðeins upp á greiðsluþjónustu fyrir viðskiptavinum sem þegar eru með bankareikning hjá sér. Hins vegar mætti halda því fram að rekstur bankareiknings sé tiltölulega óvirk starfsemi (e. *passive activity*) fyrir banka, þannig að hann réttlætir ekki mismunandi virðisaukaskattsmeðferð.¹⁴³ Af þessu verður að telja það nauðsynlegt, sérstaklega hvað varðar samkeppnissjónarmið og bann við mismunun, að innleiða þessar reglur í íslenskan rétt.

¹³⁹ Bas Breimer, Jeroen van der Kroft og Pieter Kuijsten, „European Union - How Can VAT Symmetry Drive Payments Innovation?“ (2019) 21 (1) *Derivatives & Financial Instruments* 1. <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/Derivatives-and-Financial-Instruments/collections/dfi/html/dfi_2019_01_e2_1.html> skoðað 6. apríl 2020.

¹⁴⁰ Council Directive (EU) 2015/2366 of 25 November 2015 on Payment Services in the Internal Market, Amending Directives 2002/65/EC, 2009/110/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010, and Repealing Directive 2007/64/EC [2015] OJ L337/35, aðfararorð 6. gr. „Equivalent operating conditions should be guaranteed, to existing and new players on the market, enabling new means of payment to reach a broader market, and ensuring a high level of consumer protection in the use of those payment services across the Union as a whole.“

¹⁴¹ Breimer, van der Kroft og Kuijsten (n. 139) 1.

¹⁴² sama heimild.

¹⁴³ sama heimild.

6. Evrópusambandið og virðisaukaskattur

6.1 Almennt um virðisaukaskatt innan Evrópusambandsins

Innan Evrópusambandsins hefur í gegnum árin átt sér stað mikil vinna og umræða um nauðsyn þess að gera regluverk sambandsins varðandi virðisaukaskatt skilvirkara og einfaldara. Ástæða þess er að koma í veg fyrir skattaundanskot og rýrnun skattstofna í aðildarríkjum sambandsins.¹⁴⁴ Þar að auki hefur Evrópusambandið lengi stefnt að því að gera innri markaðinn jafn skilvirkan og með jafn samræmdum reglum og þeir markaðir sem eru til staðar í hverju aðildarríki fyrir sig. Felur þetta í sér samræmingu á reglum er tengjast virðisaukaskatti.¹⁴⁵

Skattasamkeppni hefur verið talin leiða til röskunar á innri markaðnum, sökum fjárhagslegra drifkrafta við ákvarðanatöku í viðskiptum frekar en efnahagslegra. Engu að síður er skattasamkeppni í sjálfu sér talin góð að því marki sem hún veitir ríkisútgjöldum tiltekið aðhald. Hins vegar verður að koma í veg fyrir að skattasamkeppni innan ESB valdi umfangsmikilli veðrun á skattlagningu. Þess vegna var talin þörf á aðgerðum til að berjast gegn slíkri skattasamkeppni sem myndi leiða til óæskilegra efnahagslegra afleiðinga.¹⁴⁶ Enn fremur miðar skattastefna ESB að því að koma í veg fyrir mismunun gagnvart einstaklingum eða lögaðilum innan sambandsins og hindra óeðlilega samkeppni í viðskiptum.¹⁴⁷ Því var vinna þessi tímabær þar sem ekki hefur verið mikið um umbætur við beitingu virðisaukaskatts á fjármálafyrirtæki í gegnum tíðina. Forsendur þess að erfitt hefur verið að mynda sameiginlega virðisaukaskattslöggjöf innan ESB eru margþættar, en þær eru meðal annars pólitískar, tæknilegar og fjárhagslegar.¹⁴⁸ Jafnframt eru áskoranirnar í þessum efnum veldisbundnar í Evrópusambandinu þar sem umbætur á reglum varðandi virðisaukaskatt krefjast samkomulags allra aðildarríkja sambandsins. Þar að auki kemur til skoðunar að fjármálaþjónusta einkennist af beitingu nánast allra núverandi reglna sem í gildi eru um þjónustu samkvæmt virðisaukaskattskerfi ESB, andstætt því sem gildir um annars konar vörur og þjónustu sem háð er takmörkuðu og stöðugu mengi reglna.¹⁴⁹

¹⁴⁴ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 885 – 562. mál, kafli 2.1, mgr. 3.

¹⁴⁵ Ben JM Terra og Peter Jacob Wattèl, *European Tax Law* (4th edition, Kluwer Law International 2006) 226.

¹⁴⁶ Ben J Kiekebeld, *Harmful Tax Competition in the European Union: Code of Conduct, Countermeasures and EU Law* (Kluwer 2004) 34.

¹⁴⁷ Gunnar G. Schram, *Evrópubandalagið* (Háskólaútgáfan 1990) 99.

¹⁴⁸ Amand, Christian (n. 69) 193.

¹⁴⁹ sama heimild.

Má í þessu sambandi benda á að aðildarríki ESB hafa nýlega samþykkt reglugerð¹⁵⁰ frá Framkvæmdastjórninni varðandi ítarlegar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að einfalda virðisaukaskattsreglur vegna sölu á vörum á netinu og eiga þær einnig að tryggja að markaðstorg á netinu gegni hlutverki sínu í baráttunni gegn skattsvikum. Tilgangur reglugerðarinnar er því að stuðla að auknu upplýsingaflæði til skattyfirvalda innan ESB frá greiðsluþjónustufyrirækjum, varðandi milliríkjavíðskipti innan ESB. Með þessu er stefnt á að koma í veg fyrir sniðgöngu á greiðslum virðisaukaskatts innan Evrópusambandsins.

Í þessum kafla verður fjallað um sameiginlega virðisaukaskattslöggjöf innan Evrópusambandsins og jafnframt verða undanþágur frá virðisaukaskatti samkvæmt þeirri löggjöf kannaðar. Þar að auki verður vikið að framkvæmd Evrópudómstólsins í nokkrum málum er tengjast undanþágu frá virðisaukaskatti og verður áhersla lögð á þau mál er snúa að virðisaukaskatti á þjónustu milliliða.

6.1.1 Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/112/EC

Þann 28. nóvember 2006 var samþykkt ný virðisaukaskattstilskipun¹⁵¹ Evrópusambandsins nr. 2006/112/EC.¹⁵² Tilskipunin tók gildi þann 1. janúar 2007¹⁵³ og leysti af hólmi eldri tilskipun nr. 77/388/EEC.¹⁵⁴ Þessi nýja tilskipun var talin nauðsynleg til þess að ná fram því markmiði að koma á sameiginlegum innri markaði innan ESB. Forsenda þess að sameiginlegur innri markaður myndi vera hagsæll og skilvirkur var ný löggjöf varðandi virðisaukaskatt sem innleiða þurfti í Evrópusambandinu og þar af leiðandi aðildarríkjum þess.¹⁵⁵ Löggjöfin þurfti því að vera hlutlaus gagnvart atvinnulífínu, mátti ekki raska samkeppnisskilyrðum né hindra

¹⁵⁰ Commission Implementing Regulation (EU) 2020/194 of 12 February 2020 Laying down Detailed Rules for the Application of Council Regulation (EU) No 904/2010 as Regards the Special Schemes for Taxable Persons Supplying Services to Non-Taxable Persons, Making Distance Sales of Goods and Certain Domestic Supplies of Goods [2020] OJ L40/114 2020.

¹⁵¹ Hér eftir vísað til „vskt.“

¹⁵² Council Directive EC 2006/112 of 28 November 2006 on the Common System of Value Added Tax [2006] OJ L347/1.

¹⁵³ sama heimild 413 gr.

¹⁵⁴ Sixth Council Directive 77/388/EEC of 17 May 1977 on the harmonization of the laws of the Member States relating to turnover taxes - Common system of value added tax: uniform basis of assessment [1977] OJ L145/1.

¹⁵⁵ Council Directive EC 2006/112 of 28 November 2006 on the Common System of Value Added Tax [2006] OJ L347/1 aðfararorð 4. gr.

frjálsa flutninga vöru og þjónustu.¹⁵⁶ Talið er að virðisaukaskattskerfi nái hámarki hvað varðar skýrleika og hlutleysi þegar skatturinn er lagður á með eins almennum hætti og mögulegt er. Jafnframt þarf umfang virðisaukaskattsins að ná yfir öll stig framleiðsu og dreifingu sem og framboð á þjónustu og var því talið nauðsynlegt við upptöku sameiginlegs virðisaukaskattskerfis að skatturinn myndi einnig ná til smásölustigsins.¹⁵⁷

Tilskipunin er afar umfangsmikil og skiptist hún í fimmtán kafla. Hún er að mestu leyti byggð á fyrri tilskipuninni en jafnframt voru ný ákvæði innleidd í tilskipunina vegna kröfu um frekari skýrleika og samræmi.¹⁵⁸ Fyrstu kaflar tilskipunarinnar fjalla um gildissvið hennar, hverjir teljast vera skattskyldir aðilar, hvað telst til skattskyldrar veltu og önnur almenn atriði. Meginreglur um skattskylda þjónustu er að finna í ákvæðum 24. – 29. gr. tilskipunarinnar. Undanþágur frá þessum meginreglum um skattskyldu er síðan að finna í 131. – 166. gr. tilskipunarinnar. Verður nú fjallað nánar um undanþágur þessar.

6.1.2 Undanþágur samkvæmt tilskipuninni

Ákvæði 131. – 166. gr. vskt., sem kveða á um undantekningar frá virðisaukaskatti, má finna í níunda kafla tilskipunarinnar. Flestöll fjármála- og tryggingaþjónusta er undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt a – g-liðum 1. mgr. 135. gr. vskt. sem eru svohljóðandi:

1. Member States shall exempt the following transactions:

- (a) insurance and reinsurance transactions, including related services performed by insurance brokers and insurance agents;
- (b) the granting and the negotiation of credit and the management of credit by the person granting it;
- (c) the negotiation of or any dealings in credit guarantees or any other security for money and the management of credit guarantees by the person who is granting the credit;
- (d) transactions, including negotiation, concerning deposit and current accounts, payments, transfers, debts, cheques and other negotiable instruments, but excluding debt collection;
- (e) transactions, including negotiation, concerning currency, bank notes and coins used as legal tender, with the exception of collectors' items, that is to say, gold, silver or other metal coins or bank notes which are not normally used as legal tender or coins of numismatic interest;
- (f) transactions, including negotiation but not management or safekeeping, in shares, interests in companies or associations, debentures and other securities, but

¹⁵⁶ sama heimild aðfararorð 4. gr.

¹⁵⁷ sama heimild aðfararorð 4. gr.

¹⁵⁸ sama heimild aðfararorð 3. gr.

excluding documents establishing title to goods, and the rights or securities referred to in Article 15(2);
(g) the management of special investment funds as defined by Member States.¹⁵⁹

Skattskyldir einstaklingar, sem veita umrædda þjónustu, hafa ekki innskattsrétt sem felur það í sér að þeir hafa ekki möguleika á því að fá endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þeir hafa þurft að greiða við kaup á sínum aðfögnum.¹⁶⁰ Ákvæði 135. gr. vskt. er að ákveðnu leyti mun ýtarlegra heldur en ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., þar sem upptalningin er mun nákvæmari í staflaðum evrópulöggjafarinnar. Með þessu móti ætti að vera lítið svigrúm til túlkunar þar sem upptalningin er talin tæmandi. Liggur munurinn á evrópska regluverkinu og því íslenska einna helst í því að í evrópsku virðisaukaskattstilskipuninni er talin upp hvers konar þjónusta sé undanþegin á meðan í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. er kveðið á um það með mjög almennum hætti að þjónusta, sem ákveðnir aðilar veita, sé undanþegin.

6.2 Túlkun Evrópudómstólsins á undanþágum frá virðisaukaskatti

Dómstól Evrópusambandsins er falið það mikilvæga hlutverk að tryggja að lögum og reglum Evrópusambandsins sé framfylgt með dómum sínum og úrskurðum.¹⁶¹ Túlkun dómstólsins á málum, er varða Evrópurétt, er bindandi fyrir aðildarríkin og því eru fordæmi hans afar mikilvæg réttarheimild. Hefur CJEU talið að tilgangurinn með undanþágu virðisaukaskatts er varðar þjónustu fjármálafyrirtækja sé að draga úr erfiðleikum sem tengjast ákvörðun á skattstofni og fjárhæð frádráttarbærs virðisaukaskatts og enn fremur forðast hækkun á kostnaði er varðar neytendalán.¹⁶² Þar að auki hefur dómstóllinn áréttað að samkvæmt dómafordæmum hans eiga undanþágur frá virðisaukaskatti að vera túlkaðar þröngt þar sem þær fela í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að leggja skatt á alla þjónustu sem veitt er gegn endurgjaldi af skattskyldum aðila.¹⁶³ Verða nú fáeinir dómur CJEU er snúa að túlkun

¹⁵⁹ sama heimild.

¹⁶⁰ European Commission, „VAT treatment of financial and insurance services - update“ (European Commission 15. mars 2019) <<https://circabc.europa.eu/sd/a/8711fa44-e909-4d70-b9af-bdc831c526e9/GFV%20087%20-%20VAT%20treatment%20of%20financial%20and%20insurance%20services%20-%20update%20-%20EN.pdf>> skoðað 7. apríl 2020.

¹⁶¹ Gunnar G. Schram (n. 147) 46.

¹⁶² Mál C-455/05 *Velvet & Steel Immobilien* [2007] ECR I-03225.

¹⁶³ Mál C-348/87 *Stichting Uitvoering Financiële Acties g. Staatssecretaris van Financiën* [1989] ECR 1737, mgr. 13.

undanþáguákvæðis virðisaukaskattstilskipunarinnar skoðaðir og verður áhersla lögð á þau mál er tengjast greiðslumiðlun og hvers konar þjónustu milliliða.

6.2.1 *Sparekassernes Datacenter (SDC)*

Í þessu máli *C-2/95 Sparekassernes Datacenter (SDC)*¹⁶⁴ þurfti Evrópudómstólinn að segja til um það hvort að starfsemi SDC félli undir þágildandi undanþáguákvæði 3., 4. og 5. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar.¹⁶⁵ Höfðu dönsk skattayfirvöld úrskurðað að tiltekin þjónusta sem SDC veitti væri undanþegin virðisaukaskatti. Þessari ákvörðun var síðan hnekkt af dönskum virðisaukaskattsdómstóli. Í kjölfar beiðni um endurskoðun dómsins á ákvörðuninni vísaði Hæstiréttur Danmerkur (d. *Østre Landsret*) málinu til Evrópudómstólsins. Þar sem leitast var við að ganga úr skugga um það hvort að ofangreindar reglur um undanþágu frá virðisaukaskatti ættu við um þá þjónustu sem SDC veitti bönkunum og viðskiptavinum þeirra frá gagnaveri sínu. Var þetta talið mjög óljóst þar sem þessi þjónusta var framkvæmd að öllu leyti eða að hluta til með rafrænum hætti og var það þá í höndum SDC að framkvæma allar millifærslur og gerðir fyrir hönd bankana. Sú þjónusta sem SDC veitti hafði ekki í för með sér nein lagaleg né fjárhagsleg tengsl milli SDC og endanlegs viðskiptavinar. Þar af leiðandi voru réttarsamböndin sem mynduðust í rauninni á milli SDC og tiltekins banka annars vegar og svo bankans og viðskiptavinarins hins vegar.¹⁶⁶ Aftur á móti var ekki talið að undanþágan væri háð því skilyrði að þjónustan yrði veitt af stofnun sem hafði lagaleg tengsl við endanlegan viðskiptavin. Sú staðreynd að viðskipti sem falla undir undanþáguákvæðið væru framkvæmd af þriðja aðila en virtust í augu endanlegs viðskiptavinar vera þjónusta sem bankinn veitir, útilokaði ekki að viðskiptin gætu fallið undir undanþáguna.¹⁶⁷

Jafnframt hélt Evrópudómstólinn því fram að þrátt fyrir að þjónusta SDC væri veitt rafrænt yrði að gera greinarmun á þeirri þjónustu sem veitt er í tengslum við viðskipti sem eru undanþegin virðisaukaskatti og að sú þjónusta sé í heild sinni ein heildar eining sem sinnir sérstökum og nauðsynlegum þáttum í þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti og því að veita eingöngu tækniþjónustu, eins og til dæmis gagnavinnslukerfi.¹⁶⁸ Taldi Evrópudómstóllinn því að umrædd þjónusta SDC félli undir undanþáguna frá virðisaukaskatti

¹⁶⁴ Mál C-2/95 *Sparekassernes Datacenter (SDC)* g. *Skatteministeriet* [1997] ECR I-3017.

¹⁶⁵ Sixth Council Directive 77/388/EEC of 17 May 1977 on the harmonization of the laws of the Member States relating to turnover taxes - Common system of value added tax: uniform basis of assessment [1977] OJ L145/1.

¹⁶⁶ Mál C-2/95 *Sparekassernes Datacenter (SDC)* g. *Skatteministeriet* [1997] ECR I-3017, mgr. 46-48.

¹⁶⁷ sama heimild, mgr. 54-59.

¹⁶⁸ sama heimild, mgr. 37.

samkvæmt 3. og 5. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar. Taldi dómstóllinn ekki þörf á því að kanna hvort að 4. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar ætti við í þessu tilfalli.¹⁶⁹

6.2.2 AXA

Í máli *C-175/09 AXA, UK*¹⁷⁰ var um að ræða túlkun á undanþáguákvæði þágildandi 3. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar¹⁷¹, sem er í dag d-liður 1. mgr. 135. gr. vskt. Snérist ágreiningur þessa máls aðallega um það hvort að þjónusta fyrirtækisins Denplan, sem var hluti af sömu samstæðu og AXA, væri undanþegin virðisaukaskatti eða ekki. Fólst þjónusta Denplan meðal annars í því að reka hina ýmsu þjónustu fyrir tannlækna, þar á meðal að sjá um greiðsluáætlanir milli tannlækna og sjúklinga þeirra. Samkvæmt slíkum áætlunum veittu tannlæknar sjúklingum sínum ákveðið stig tannlæknaþjónustu, þar með talið reglulegt eftirlit og/eða nauðsynlega meðferð gegn greiðslu þessara sjúklinga af föstu mánaðarlegu gjaldi.¹⁷² Með þessu fyrirkomulagi var Denplan, á grundvelli skuldfærsluumboðs (e. *debit mandate*), milliliður í þessu samningssambandi tannlæknisins og sjúklingsins og tók fyrir þjónustu sína ákveðna þóknun. Í hverjum mánuði innheimti Denplan svo greiðslur frá sjúklingum. Til að gera það þurfti Denplan að útbúa rafrænt skjal til fyrir hvern sjúkling sem það notar til að senda upplýsingar til sjálfvirkis greiðslukerfi banka (e. Bankers' Automated Clearing System (BACS)), sem er í raun sjálfvirkt millibankauppgjörskerfi sem rekið er af fyrirtæki sem allir helstu bankar í Bretlandi eru aðilar að. Upplýsingarnar sem Denplan sendir til BACS innihéldu, með tilliti til hvers sjúklings, bankareikningsnúmer sjúklingsins og upphæðina sem Denplan átti að safna af reikningi hans. BACS sendi svo þessar upplýsingar til vinnslustöðvar viðkomandi banka.¹⁷³

Var það því álitamál hvort að þóknun þessi sem Denplan hlaut fyrir milligöngu sína, félli undir undanþáguna í 3. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar. Taldi Evrópudómstóllinn að túlka ætti ákvæði 3. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu

¹⁶⁹ sama heimild, mgr. 17.

¹⁷⁰ Mál *C-175/09 Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. AXA UK PLC* [2010] EU:C:2010:646.

¹⁷¹ Sixth Council Directive 77/388/EEC of 17 May 1977 on the harmonization of the laws of the Member States relating to turnover taxes - Common system of value added tax: uniform basis of assessment [1977] OJ L145/1.

¹⁷² Mál *C-175/09 Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. AXA UK PLC* [2010] EU:C:2010:646, mgr. 6.

¹⁷³ sama heimild, mgr. 9.

virðisaukaskattstilskipunarinnar þannig að undanþága frá virðisaukaskatti sem kveðið er á um í ákvæðinu nægði ekki til framboðs á þjónustu sem felst í meginatriðum í því að biðja banka þriðja aðila (sjúklingsins) um að millifæra á reikning Denplan, í gegnum beingreiðslukerfi, tiltekna upphæð sem Denplan færir svo til viðskiptavinar síns (tannlæknisins). Jafnframt þá þjónustu Denplan að senda viðskiptavini sínum yfirlýsingu um þær fjárhæðir sem berast, með því að hafa samband við þá þriðju aðila sem þjónustuveitandinn hefur ekki fengið greiðslu frá og að lokum, með því að gefa banka þjónustuveitunnar fyrirmæli um að millifæra greiðslur sem berast, að frádreginni þóknun sér til handa, á bankareikning viðskiptavinarins.¹⁷⁴

6.2.3 *Bookit*

Í máli *C-607/14 Bookit*¹⁷⁵ var CJEU beðinn um forúrskurð varðandi það álitamál hvort starfsemi breska fyrirtækisins Bookit Ltd. félli undir undanþáguna í d-lið 1. mgr. 135. gr. vskt. Starfsemi Bookit felst í því að vinna úr debet- og kreditkortagreiðslum viðskiptavina móðurfélags þess, Odeon Cinemas Holding Limited. Odeon félagið rekur kvikmyndahús víðsvegar um Bretland og koma allar tekjur Bookit frá þeim aðilum sem stunda viðskipti við Odeon keðjuna. Bookit hélt því fram að þrátt fyrir meginregluna í c-lið 1. mgr. 2. gr. vskt., um að þjónusta skattskyldra aðila gegn endurgjaldi beri virðisaukaskatt, félli starfsemi félagsins, kortaþjónusta og rekstur þjónustuvers, undir undanþágu d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. Undanþáguákvæðið undanskilur þau viðskipti er varða innlánsreikninga og viðskiptareikninga, greiðslur, millifærslur, skuldir, ávísanir o.fl.,¹⁷⁶ frá virðisaukaskatti. Máli sínu til stuðnings benti Bookit á að fyrirtækið sér um millifærslur fjármuna af kortum viðskiptavina til söluaðilans.

CJEU taldi að til þess að falla undir umrædda undanþágu varðandi tilfærslur fjármuna væri nauðsynlegt að veitta þjónustan yrði að vera skoðuð í hinu stóra samhengi og kannað hvort hún myndi í raun sérstaka heild sem uppfyllir það eðlilega og nauðsynlega hlutverk tilfærslu fjármuna (e. *the specific, essential aspects of the transactions*) að ábyrgðin færist á

¹⁷⁴ sama heimild, mgr. 36.

¹⁷⁵ Mál C-607/14 *Bookit, Ltd g. Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs* [2016] EU:C:2016:355.

¹⁷⁶ Þýðing höfundar á ákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt.: „transactions, including negotiation, concerning deposit and current accounts, payments, transfers, debts, cheques and other negotiable instruments, but excluding debt collection.“

milli aðila.¹⁷⁷ Þar að auki taldi dómstólinn að greinarmun þyrfti að gera á milli þeirrar þjónustu sem undanskilin væri virðisaukaskatti annars vegar og tækniþjónustu hins vegar. Því taldi CJEU að mikilvægt væri að skoða umfang ábyrgðar þjónustuveitandans og hvort sú ábyrgð sé með einhverjum hætti takmörkuð við tæknilega þætti eða hvort hún nái til eðlilegs og nauðsynlegs þáttar viðskiptanna.¹⁷⁸

Í ljósi mjög strangrar túlkunar á ákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. hélt dómstólinn því fram að þrátt fyrir að þjónusta teldist vera nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi leiddi það ekki endilega til þess að sú þjónusta félli undir ákvæðið og væri undanþegin virðisaukaskatti.¹⁷⁹ Taldi CJEU að þjónusta Bookit væri ekki eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfsemi sem fæli í sér tilfærslu á lagalegri og fjárhagslegri ábyrgð sem er afleiðing af eigendaskiptum á fjármunum. Eru þessir þættir einkenni þeirrar þjónustu sem fellur undir gildissvið d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. samkvæmt dómafordæmi CJEU.¹⁸⁰ Dómstóllinn taldi fremur að þjónusta Bookit væri einungis tækni- og stjórnunarleg aðstoð er varðar öflun upplýsinga og miðlun þeirra upplýsinga til söluaðilans og að fá á sama hátt upplýsingar sem gera þeim kleift að framkvæma sölu og fá samsvarandi fjármuni til sín fyrir sölu.¹⁸¹ Að endingu árétti dómstólinn það að ef undanþágan myndi ná til kortaþjónustu væri það andstætt markmiði ákvæðisins, sbr. 55. mgr. dómsniðurstöðunnar sem segir:

If the exemption provided for in Article 135(1)(d) of the VAT Directive were to be granted to a card handling service, such as that at issue in the main proceedings, that would be at odds with the purpose of the exemption for financial transactions, which is to alleviate the difficulties connected with determining the tax base and the amount of VAT deductible and to avoid an increase in the cost of consumer credit.¹⁸²

Tilgangur undanþágunnar er, eins og áður segir, að létta á þeim erfiðleikum sem tengjast ákvörðun skattstofna í fjármálaviðskiptum og að forðast hækkun á kostnaði varðandi neytendalán. Slíkir erfiðleikar voru ekki taldir vera til staðar í tilfalli Bookit þar sem auðvelt

¹⁷⁷ Mál C-607/14 *Bookit, Ltd g. Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs* [2016] EU:C:2016:355, mgr. 40.

¹⁷⁸ sama heimild, mgr. 40.

¹⁷⁹ sama heimild, mgr. 42.

¹⁸⁰ sama heimild, mgr. 51.

¹⁸¹ sama heimild, mgr. 51.

¹⁸² sama heimild, mgr. 55.

var að ákvarða þann skattstofn sem samsvaraði endurgjaldi sem fékkst í skiptum fyrir þá þjónustu sem félagið veitti.¹⁸³

6.2.4 National Exhibition Centre

Í máli *National Exhibition Centre, C-130/15*¹⁸⁴, var deilt um það hvort starfsemi fyrirtækisins félli undir undanþáguna í d-lið 1. mgr. 135. gr. vskt. (þágildandi 3. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar¹⁸⁵). National Exhibition Centre er í raun eins konar sýningarmiðstöð í Birmingham, Bretlandi sem er notuð til þess að halda alls kyns viðburði, eins og til dæmis íþróttaviðburði, tónleika, sýningar og þar fram eftir götunum. Sýningarmiðstöðin leigir út aðstöðu sína til þriðju aðila sem halda viðburðina og selur miða á þessa viðburði. Hægt er að kaupa miðana á heimasíðu NEC, þjónustuveri þess, með pósti eða á staðnum.¹⁸⁶

NEC rukkaði viðskiptavinum um ákveðið bókunargjald þegar þeir keyptu miða af þeim, í þeim tilfellum sem viðskiptavinirnir greiddu með annaðhvort debet- eða kreditkorti. Bókunargjald þetta hækkaði miðaverðið oftast um 10% eða jafnvel meira þegar um var að ræða sérstaka viðburði.¹⁸⁷ Ferlið við kaupin á miðunum var því með þeim hætti að eftir að NEC var búið að finna þann miða sem viðskiptavinurinn óskaði eftir sendi það upplýsingar um miðaverð ásamt bókunargjaldi og fleiri viðeigandi gjöldum. Því næst tók NEC við kortaupplýsingum frá viðskiptavininum, kortanúmer, gildistími og öryggisnúmer, og flutti þessar upplýsingar í gegnum tölvuforrit sitt til viðskiptabanka söluaðila miðans.¹⁸⁸ Sá viðskiptabanki sendi síðan þessar upplýsingar til viðskiptabanka korthafans. Ef sá viðskiptabanki samþykkti færsluna sendi hann svo heimildarkóða til baka og NEC fékk upplýsingar um að færslan væri heimiluð.¹⁸⁹

¹⁸³ sama heimild, mgr. 56.

¹⁸⁴ Mál C-130/15 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. National Exhibition Centre Limited* [2016] EU:C:2016:357.

¹⁸⁵ Sixth Council Directive 77/388/EEC of 17 May 1977 on the harmonization of the laws of the Member States relating to turnover taxes - Common system of value added tax: uniform basis of assessment [1977] OJ L145/1.

¹⁸⁶ Mál C-130/15 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. National Exhibition Centre Limited* [2016] EU:C:2016:357, mgr. 7.

¹⁸⁷ sama heimild, mgr. 8.

¹⁸⁸ sama heimild, mgr. 9.

¹⁸⁹ sama heimild, mgr. 9.

Ágreiningsmálið í þessu tilfelli var því hvort þessi starfsemi NEC taldist falla undir undanþáguna í d-lið 1. mgr. 135. gr. vskt., líkt og í máli Bookit.¹⁹⁰ CJEU taldi að undanþágan í ákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt., (þágildandi 3. tölul. d-liðar. B-hluta 13. gr. sjöttu virðisaukaskattstilskipunarinnar), tæki til þeirra viðskiptagjörninga (e. *transactions*) er varða greiðslur og millifærslur. Dómstóllinn hélt því fram að ákvæðið næði ekki yfir þjónustu NEC sem fól einungis í sér vinnslu greiðslna (e. *processing of payment*) með debet- eða kreditkortum sem framkvæmd var af skattskyldum aðila sem selur viðskiptavinum miða á viðburð, í nafni þriðja aðila, og viðskiptavinurinn borgar fyrir með debet- eða kreditkortum.¹⁹¹

Bæði í þessu máli NEC og í máli Bookit var um að ræða virðisaukaskattskyldu lögaðila varðandi gjöld til handa neytanda í formi færslugjalda (e. *card handling fees*) og bókunargjalda (e. *booking fees*). Þrátt fyrir að þjónusta þessa aðila teljist nauðsynleg til þess að framkvæma ákveðna þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti felur hún í raun aðeins í sér sendingu á svokölluðum uppgjörsskrám (e. *settlement files*) sem síðan kemur af stað því ferli sem fellur undir undanþáguna.¹⁹² Er niðurstaða CJEU skýr í báðum tilfellum varðandi það að þessi gjöld eru ekki talin falla undir undanþáguna í ákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. og eru þau því virðisaukaskattskyld. Var þessi túlkun því talin þrengja undanþáguna allverulega hvað varðar greiðsluþjónustu.

6.2.5 DPAS

Í máli *C-5/17 DPAS*¹⁹³ þurfti CJEU að skera úr um það hvort þjónusta DPAS, sem er skammstöfnun fyrir „Dental Plan Administration Services“, félli undir undanþáguákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. DPAS er fyrirtæki sem hannar, útfærir og stjórnar svokölluðum tannlæknaáætlunum (e. *dental plans*) í Bretlandi. Í þessu samhengi felur hugtakið tannlæknaáætlun í sér fyrirkomulag á milli sjúklings og tannlæknis þar sem tannlæknirinn samþykkir að veita sjúklingnum tannlæknaþjónustu og sjúklingurinn borgar fyrir þá þjónustu tiltekna upphæð í mánuði hverjum.¹⁹⁴ Tannlæknaáætlunin felur jafnframt í sér auka tryggingu

¹⁹⁰ Mál C-607/14 *Bookit, Ltd g. Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs* [2016] EU:C:2016:355.

¹⁹¹ Mál C-130/15 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. National Exhibition Centre Limited* [2016] EU:C:2016:357, mgr. 52.

¹⁹² sama heimild, mgr. 39 - 43.

¹⁹³ Mál C-5/17 *Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. DPAS Limited* [2018] EU:C:2018:592.

¹⁹⁴ sama heimild, mgr. 9.

til handa sjúklingsum ásamt greiðsluumsýsluþjónustu (e. *payment administration services*) sem veitt er af DPAS.¹⁹⁵

Því var dómstólnum falið að segja til um það hvort undanþágan nái yfir þjónustu DPAS sem felur í sér að fyrirtækið, á grundvelli skuldfærslumboðs (e. *debit mandate*), framkvæmir beingreiðslur af bankareikningi sjúklings, að frádreginni þóknun sér til handa, til tannlæknis og tryggingaraðila viðkomandi sjúklings.¹⁹⁶ Í þessu ljósi þurfti CJEU að kveða á um það hvort ákvarðanir dómstólsins í fyrrnefndum málum *Bookit* og *NEC* feli það í sér að undanþága d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. eigi ekki við þegar um er að ræða þjónustu þar sem skattaðilinn sjálfur skuld- og eignfærir ekki sína eigin reikninga.¹⁹⁷ CJEU taldi, með tilliti til einkennis þjónustu DPAS, að undanþága d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt. ætti ekki við um þessa milliliða þjónustu fyrirtækisins.

6.3 Samantekt

Af framangreindri umfjöllun má sjá að CJEU hefur túlkað undanþágur frá virðisaukaskatti fremur þröngt í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að þjónustan í máli *C-2/95 SDC* var talin undanþegin virðisaukaskatti, árið 1997, hefur dómstóllinn þrengt túlkun sína síðan þá. Hafa þar margir þættir áhrif, þar á meðal aukin tækniþróun á sviði fjármálaþjónustu o.fl. Enn fremur má sjá ákveðin skilyrði sem dómstóllinn telur þurfa að vera fyrir hendi til þess að þjónusta aðila teljist fyllilega sambærileg þeirri þjónustu sem fjármálafyrirtæki veita. Skilyrði þessi eru eftirfarandi: þjónustan þarf að vera eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi fjármálafyrirtækja, í heild þarf þjónustan að fela í sér ábyrgð á yfirfærslu réttinda, bæði í lagalegum og fjármálalegum skilningi, þjónustan þarf að vera afmörkuð frá almennri tækniþjónustu og enn fremur má ábyrgð á þjónustunni ekki eingöngu lúta að tækniþáttum hennar heldur þarf að vera um að ræða ábyrgð á færslunum sem slíkum gagnvart þjónustukaupa, þ.e. lánastofnun. Þar að telur dómstóllinn að virða þurfi tiltekna þjónustu sem umræðir í heild sinni. Verður nú vikið að túlkun íslenskra skattyfirvalda á undanþágu frá virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. og hún meðal annars borin saman við túlkun CJEU á ákvæði d-liðar 1. mgr. 135. gr. vskt.

¹⁹⁵ Sambærileg þjónusta og sú sem umræðir í ofangreindu máli *C-175/09 AXA UK*.

¹⁹⁶ Mál *C-5/17 Commissioners for Her Majesty's Revenue and Customs g. DPAS Limited* [2018] EU:C:2018:592, mgr. 26.

¹⁹⁷ sama heimild, mgr. 26.

7. Túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

7.1 Almennt

Svo hefur verið talið að ef um er að ræða skattaívilnanir virðast skattgreiðendur leitast við að heimfæra atvik og aðstæður sínar að þeim atvikum sem skattaívilnunin byggir á. Af þessum sökum virðist löggjafinn leitast við að hafa skattálagningarákvæði sín orðuð rúmt, en ívilnanir orðaðar þröngt og helst tæmandi taldar. Það þýðir þó ekki að skýra skuli ákvæði skattalaga þrengjandi skýringu eða að undantekningarreglur beri að skýra rúmt.¹⁹⁸ Eins og fram kom í kafla 3.2. er það ljóst af frumvarpi laga um virðisaukaskatt að undanþágunni í 10. tl. 3. mgr. 2. gr. vskl. er eingöngu ætlað að ná til eiginlegrar banka- og lánastarfsemi.¹⁹⁹ Í þessu felst að engu máli skiptir hver það er sem stundar þessa eiginlegu starfsemi. Er þetta í samræmi við núgildandi leiðbeiningar ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt.²⁰⁰ Túlkun ríkisskattstjóra, sem og skattyfirvalda í heild sinni, á þessu atriði hefur aftur á móti stangast á við þetta í gegnum tíðina og hefur verið talið að undanþágan nái aðeins til þeirra stofnana sem starfa samkvæmt starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Ekki er um auðugan garð að gresja þegar litið er til túlkunar skattyfirvalda á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. með sérstakri áherslu á greiðslumiðlun. Þykir því nauðsynlegt að rýna í þá framkvæmd sem hefur átt sér stað varðandi túlkun skattyfirvalda á ákvæðinu í gegnum árin og skoða hvaða þættir hafa þar skipt sköpum við ákvörðun á því hvort að ákveðin starfsemi teljist falla undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Mun höfundur því bera saman túlkun embættisins í gegnum árin og því næst draga ályktun hvað hana varðar í lok kaflans.

7.2 Ákvarðandi bréf

7.2.1 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 5/90

Kom til álita í *ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 5/90*²⁰¹ hvort að starfsemi lögfræðinga væri virðisaukaskattsskyld. Tók ríkisskattstjóri fram að almennt væri starfsemi lögfræðinga virðisaukaskattsskyld samkvæmt meginreglu 2. mgr. 2. gr. vskl. Því næst fjallar embættið um þá lögfræðisþjónustu sem telst vera undanþegin virðisaukaskatti. Tekur ríkisskattstjóri fram að

¹⁹⁸ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík ; JPV útgáfa 2008) 179.

¹⁹⁹ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, um 2. gr., mgr. 13.

²⁰⁰ Ríkisskattstjóri, „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (n. 38) 7.

²⁰¹ *Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 5/90, 17. janúar 1990.*

ýmis mattstörf fyrir lánastofnanir og váttryggingafélög kunna að vera undanþegin virðisaukaskatti. Því næst segir embættið í bréfi þessu að:

Samkvæmt 12. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er þjónusta banka og sparisjóða, svo og verðbréfamíðlun, undanþegin skattskyldu. Þá er váttryggingarstarfsemi undanþegin skattskyldu, sbr. 9. tölul. sömu greinar. Af þessu leiðir að vinna lögmanns sem telst fyllilega sambærileg við framangreinda starfsemi er skattfrjáls með sama hætti. Þóknun lögmanns fyrir fjárumýslu, þ.e. ávöxtun fjár viðskiptamanna sinna, sem væri sambærileg þeirri þjónustu sem verðbréfafyrirtæki veita, er samkvæmt framansögðu undanþegin skattskyldu. Jafnframt er þóknun fyrir mats- og virðingargerðir sem unnar eru fyrir lánastofnanir og váttryggingarfélög undanþegin skattskyldu þegar telja má gerðirnar eðlilegan og nauðsynlegan þátt í starfsemi þessara aðila, þ. e. þegar um er að ræða mat á tjóni vegna ákvörðunar bótaffárhæðar eða mat á veðhæfni eignar.²⁰² (áherslubl. höf.)

Samkvæmt þessari túlkun ríkisskattstjóra taldi hann þessa þjónustu lögfræðinga undanþegna virðisaukaskatti. Byggði embættið túlkun sína á þeim grundvelli að umrædd þjónusta fæli í sér þjónustu sem telja mátti fyllilega sambærilega undanþeginni fjármálaþjónustu og í þessu tilfalli einnig váttryggingarstarfsemi. Enn fremur taldi ríkisskattstjóri að þjónusta þessi væri eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi fjármálafyrirtækja. Í þessari túlkun sinni hefur ríkisskattstjóri raunar gengið lengra í því að fella aðkeypta þjónustu fjármálafyrirtækja undir 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. en ætla mátti miðað við þann skýringarkost er varðar samspil ákvæðis 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. og ákvæðis 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Þar sem hann telur að undanþegin virðisaukaskatti sé þóknun lögmanns fyrir mats- eða virðingargerðir unnar fyrir lánastofnanir, svo sem mat á veðhæfni eignar.

7.2.2 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 480/93

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 480/93²⁰³ var óskað eftir áliti embættisins á því hvort að fjármálafyrirtæki sem taka að sér rekstur lífeyrissjóða, sem verktakar, gegn fyrirframákveðinni þóknun, teljast vera í starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Árétti ríkisskattstjóri að skattskyldan í 2. mgr. 2. gr. vskl. nær yfir alla vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, nema hún sé sérstaklega undanþegin, sbr. 3. mgr. 2. gr. vskl. Jafnframt tiltekur embættið að það sé meginregla að skýra undanþágur í skattamálum þröngt og að undanþáguákvæði eru því ekki látin ná yfir fleiri atvik en tvímælalaust felst í þeim. Túlkur

²⁰² sama heimild.

²⁰³ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 480/93, 4. júní 1993.

ríkisskattstjóri í bréfi þessu því ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. á þann veg, í samræmi við ofangreint *ákvarðandi bréf nr. 5/90*, að vinna tiltekinna aðila sem telja má fyllilega sambærilega við starfsemi lánastofnana sé undanþegin virðisaukaskatti. Það sama gildir um þá þóknun sem fæst fyrir þá vinnu sem unnin er fyrir lánastofnanir, að því gefnu að vinna sú teljist eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi lánastofnunarinnar. Kveður ríkisskattstjóri því næst í bréfi þessu á um að:

Það er því aðeins hin eiginlega bankastarfsemi og verðbréfamiðlun eða fyllilega sambærileg starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti, þ.e. ávöxtun fjár viðskiptamanna eða *milliganga um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf á þessum sviðum*. Önnur þjónusta, s.s. „rekstur“ lífeyrissjóða með tilheyrandi bókhaldsvinnu o.þ.u.l. er ekki undanþegin virðisaukaskatti skv. framansögðu, heldur telst sú þjónusta til aðfanga skv. 4. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga.²⁰⁴ (áherslubr. höf.)

Var því ekki fallist á að umrædd þjónusta varðandi rekstur lífeyrissjóða félli undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Aftur á móti tekur ríkisskattstjóri fram að milliganga um kaup eða sölu sé starfsemi sem telst fyllilega sambærileg starfsemi og starfsemi þeirra aðila sem undanþegnir eru frá virðisaukaskattsskyldu samkvæmt. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

7.2.3 *Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 712/96*

Til álita kom í *ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 712/96*²⁰⁵, hvort að aðgangur að svokölluðum beinlínuviðskiptum banka og sparissjóða teldist falla undir eiginlega bankastarfsemi og því vera undanþeginn virðisaukaskatti, sbr. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Í bréfinu er tilgreind þessi ákveðna breyting á greiðslumiðlun með aðgangi að beinlínuviðskiptum, sem er nánar lýst á eftirfarandi hátt:

Í beinlínuviðskiptum felst sú þjónusta að hægt er að kanna hvort innistæða sé á viðskiptareikningi fyrir tékka eða ekki. Þjónustan er veitt í gegnum símalínu. Ljóst er að móttakandi tékka getur fengið upplýsingar hjá viðkomandi banka eða sparissjóði í gegnum síma hvort innistæða er fyrir hendi eða ekki.²⁰⁶

Var talið að þessi þjónusta fæli í raun í sér framlengingu á eiginlegri bankaþjónustu. Kom einnig fram að helsti munurinn væri að þjónustan væri ekki veitt af starfsmönnum bankans

²⁰⁴ sama heimild.

²⁰⁵ *Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 712/96, 12. janúar 1996.*

²⁰⁶ sama heimild.

heldur í gegnum beinlínutenginguna sem er tölvutenging við banka. Því var það álit ríkisskattstjóra að þessi greiðslumiðlunarþjónusta var talin vera undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. þar sem hún væri í raun eiginleg bankaþjónusta, þótt hún færi fram í gegnum gagnaflytningarnet, enda væri hvort sem er hægt að fá umrædda þjónustu með öðrum hætti hjá sama banka eða sparisjóði.

7.2.4 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 937/00

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 937/00²⁰⁷ var fyrirspurn beint til ríkisskattstjóra varðandi virðisaukaskattsskyldu greiðslumiðlunarfyrirtækis sem fyrirspyrjendur höfðu hug á að stofna. Fólst fyrirhuguð starfsemi fyrirtækisins aðallega í eftirfarandi þremur þáttum:

- 1) Að veita aðgengi að greiðslujöfnun innlánsstofnana, sem felst í því að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein krafa eða skuldbinding myndist um greiðsluskyldu þátttakanda.
- 2) Að annast svonefnda RÁS þjónustu (rafrænar greiðslur á sölustað), sem felst í: a) Að byggja upp greiðslurás þar sem safnað er saman færslum sem berast frá kortalesurum á sölustað eða öðrum jaðartækjum, beina færslum á viðeigandi staði og veita tengda þjónustu. b) Að votta posa, kassakerfi og hvers konar rafrænan búnað sem notaður er á sölustað til að skila færslum inn í rásina. c) Að starfrækja notendaþjónustu sem kortamóttakendur geta leitað til þurfi þeir á aðstoð að halda.
- 3) Að selja aðgang að ýmsum greiðslumiðlunarsamningum sem bankar hér á landi hafa þróað, en þar er um að ræða skjalalaus viðskipti, gíróþjónustu, innlausn tékka o.fl.²⁰⁸

Taldi ríkisskattstjóri í bréfi þessu að umrædd þjónusta félli undir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana samkvæmt þágildandi 44. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og einnig undir 8. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í dag er í gildi ein sameiginleg löggjöf um fjármálafyrirtæki, sbr. umfjöllun í kafla 4.2. Á þessum grundvelli taldi ríkisskattstjóri svo að þessa starfsemi mætti heimfæra undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

²⁰⁷ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 937/00, 15. mars 2000.

²⁰⁸ sama heimild.

7.2.5 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 943/00

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 943/00²⁰⁹ var embættið beðið um álit varðandi það hvort að sala félags á gjafakortum, sem áttu að gilda hjá öllum rekstraraðilum annars félags, myndi falla undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Leit fyrirspyrjandi svo á að sala hans á gjafakortum væri í raun greiðslumiðlunarþjónusta og að gjafakortin væru í raun ávísun á greiðslu. Fram kemur að enga eiginlega skilgreiningu á hugtakinu greiðslumiðlun var að finna í þágildandi lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði. Var því leitað til viðskiptaráðuneytisins eftir almennri skilgreiningu á hugtakinu. Taldi ráðuneytið að með greiðslumiðlun í 44. gr. laga nr. 113/1996 væri átt við flutning á fjármagni á milli tveggja eða fleiri aðila. Kom einnig fram í svari ráðuneytisins að umræddur flutningur á fjármagni þyrfti að fara fram í tilteknu greiðslukerfi sem samræmist skilyrðum laga nr. 113/1996. Taldi ríkisskattstjóri að umrædd starfsemi fæli ekki í sér greiðslumiðlun samkvæmt þágildandi 4. tölul. 44. gr. laga nr. 113/1996 og gæti þar af leiðandi ekki talist sem eiginleg þjónusta banka og sparisjóða.

7.2.6 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1095/2015²¹⁰, er varðaði virðisaukaskatt af starfsemi fjármálafyrirtækja, leitar ríkisskattstjóri eftir því að árétta og skýra þau meginsjónarmið sem fram hafa komið í álitum embættisins á síðastliðnum árum varðandi undanþágu banka og annarra fjármálastofnana frá innheimtu og greiðslu virðisaukaskatts. Taldi ríkisskattstjóri þetta þarft á grundvelli samræmingar og leiðbeiningarhlutverks síns.²¹¹ Kemur fram í áliti þessu að vegna þess að um undanþáguákvæði sé að ræða beri samkvæmt lögskýringarvenju að túlka ákvæðið með þröngum hætti og aldrei með rýmri hætti en orðalag þess gefur tilefni til.²¹²

Enn fremur kemur fram í bréfinu að við túlkun sína í gegnum árin á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. hefur ríkisskattstjóri sótt frekari skilgreiningu á því hvaða stofnanir falli þar undir til viðeigandi laga sem um þær gilda hverju sinni. Þar að auki kemur fram að undanþágan í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. taki aðeins til eiginlegrar, skilgreindrar þjónustu banka, sparisjóða

²⁰⁹ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 943/00, 10. maí 2000.

²¹⁰ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

²¹¹ Sjá til hliðsjónar nánari umfjöllun um hlutverk ríkisskattstjóra í kafla 2.2.3.

²¹² Sbr. *Hrd.* 19. desember 1996 í máli nr. 432/1995 og *Hrd.* 25. janúar 2001 í máli nr. 202/2000 þar sem áréttað er að allar undanþágur frá meginreglum skattaréttarins beri að túlka þröngt.

og annarra lánastofnana eða fjármálafyrirtækja sem starfa samkvæmt leyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. eftirfarandi:

Undanþágan tekur þannig aðeins til *eiginlegrar, skilgreindrar þjónustu banka, sparisjóða og annarra lánastofnana eða fjármálafyrirtækja sem starfa samkvæmt leyfi fjármálaeftirlitsins. Undanþágan tekur ekki til annarrar þjónustu sem þessar stofnanir kunna að veita, sbr. athugasemdir við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988.*²¹³ (áherslubr. höf.)

Þykir áhugavert í þessu ljósi að skoða nógildandi leiðbeiningar ríkisskattsjóra um virðisaukaskatt sem og umfjöllun í álitu þessu þar sem tekið er fram í umfjöllun um 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. að undir undanþáguna falli aðeins eiginleg banka- og lánastarfsemi, en ekki skipti máli hver það sé sem stundar hana.²¹⁴ Í álitinu kveður ríkisskattstjóri á um nokkur skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að þjónusta teljist falla undir undanþáguna. Ber þar fyrst að nefna að embættið hefur túlkað undanþáguna þannig að sú vinna, sem telst *fullilega sambærileg* við starfsemi lánastofnanna, sbr. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., sé undanþegin skattskyldunni ef hún er talin vera eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi viðeigandi aðila. Við þetta skilyrði bætti ríkisskattstjóri eftirfarandi skilyrðum við:

[...] við mat á því hvort þóknun fyrir þjónustu sem innt er af hendi fyrir lánastofnanir teljist undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli ákvæðisins verði að leggja til grundvallar að þjónustan sé *eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi þessara aðila og að í heild feli hún í sér ábyrgð á yfirfærslu réttinda, bæði í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Jafnframt verði þjónustan að vera afmörkuð frá almennri tækniþjónustu og ganga þurfi úr skugga um að ábyrgðin á þjónustunni lúti ekki eingöngu að tækniþáttum hennar heldur sé um að ræða raunverulega ábyrgð á færslunum sem slíkum gagnvart þjónustukaupa, þ.e. lánastofnun.*²¹⁵ (áherslubr. höf)

Er þarna um að ræða fimm skilyrði samtals sem ríkisskattstjóri telur þurfa að vera til staðar svo að þjónusta falli undir ákvæðið. Aftur á móti eru þessi skilyrði ekki útskýrð með neinum nánari hætti í umræddu bréfi. Hafa erlend skattayfirvöld, til að mynda norsk, einnig túlkað ákvæðið á sambærilega vegu. Ríkisskattstjóri tekur einnig fram að samkvæmt 4. mgr. 2. gr. vskl. eru kaup

²¹³ Ákvarðandi bréf ríkisskattsjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

²¹⁴ Ríkisskattstjóri, „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (n. 38) 7.

²¹⁵ Ákvarðandi bréf ríkisskattsjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015. Þessi skilyrði eru í samræmi við þau skilyrði sem CJEU hefur talið þurfa að vera til staðar svo að þjónusta teljist undanþegin virðisaukaskatti, sbr. ofangreind mál C-607/14 Bookit, C-130/15 National Exhibition Centre og C-5/17 DPAS.

umræddra fjármálafyrirtækja á aðföngum til starfsemi sinnar skattskyld. Sem dæmi um slíkt voru taldir upp eftirfarandi þættir í bréfinu:

- 1) Daglegur rekstur stoðkerfa, svo sem stýrikerfa, gagnagrunna, öryggiskerfa, skrifstofukerfa og verkbókhalds.
- 2) Afritun gagna og gagnageymsla og viðhald hugbúnaðar.
- 3) Almenn hýsing vélbúnaðar, tölvu- og upplýsingakerfa fyrir banka- og fjármálastofnanir er starfa á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálastarfsemi.
- 4) Uppsetning vélbúnaðar, til að mynda net-, prent- og gagnagrunnsþjóna, svo sem í þágu viðskiptavina, og viðhald slíks búnaðar.²¹⁶

Telur ríkisskattstjóri því kaup fjármálafyrirtækja á ofangreindum aðföngum til starfsemi sinnar vera skattskyld. Telja verður að með þessu álitni hafi ríkisskattstjóri verið að gefa út ákveðin viðmið fyrir komandi framkvæmd er varðar 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Annað mál er svo hvort að embættið fari í raun eftir umræddum viðmiðum í framkvæmd sinni.

7.2.7 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1096/2015

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1096/2015²¹⁷ var óskað eftir upplýsingum varðandi virðisaukaskatt af þjónustu er varðaði útleigu á posum og þjónustu þeim tengdum. Tengda þjónustan fól meðal annars í sér það fyrirkomulag að í hvert sinn sem leigður posi var notaður tengdist hann ákveðnu kerfi álitsbeiðanda sem sendi því næst fyrirspurn um heimild til viðkomandi færsluhirðis og síðan svar hans til baka. Enn fremur var það í verkahring álitsbeiðanda að flokka þær færslur sem geymdar voru í posanum í lok hvers dags og senda þær til viðeigandi færsluhirðis. Felur slíkt fyrirkomulag í raun í sér þríhliða samningssamband, þ.e. á milli kaupmannsins sem notar posann, milliliðsins sem leigir út posann og þjónustu honum tengdum og síðan færsluhirðisins.

Í svari sínu vísar ríkisskattstjóri til hins almenna rökstuðnings og þeirra skilyrða sem fram komu í ofangreindu ákvarðandi bréfi nr. 1095/2015. Í ljósi eðlis þeirrar þjónustu sem var til skoðunar í þessu tilfelli kom til álita hvort að hún kynni að falla undir lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Ríkisskattstjóri vísar þar í 10. tölul. 2. gr. laga um greiðsluþjónustu sem tilgreinir þá þjónustu sem löggin taka ekki til. Samkvæmt ákvæðinu gilda löggin ekki um stoðþjónustu tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustu sem felur ekki í sér að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skuli, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla

²¹⁶ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.

²¹⁷ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1096/2015, 1. september 2015.

gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og eininga, þjónustuveitu upplýsingatækni- og samskiptanets og útvegum og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu.

Ríkisskattstjóri taldi að umrædd þjónusta í bréfi þessu fæli í sér svokallaða milligöngu. Milligangan fæli í sér eins og áður segir að félagið flytur fyrirspurn frá posa kaupmannsins til færsluhirðis og flytur síðan svar frá færsluhirði aftur til baka til kaupmannsins. Segir ríkisskattstjóri í niðurstöðu sinni:

Þjónustan virðist því ekki fela í sér að félagið taki ábyrgð á svarinu sem slíku. Að áliti ríkisskattstjóra og með vísan til framangreinds verður þessi þjónusta ekki felld undir framangreint undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. nefndra laga nr. 50/1988 heldur teljist hún til aðfanga viðskiptavina félagsins í skilningi 4. mgr. 2. gr. sömu laga og er því virðisaukaskattsskyld samkvæmt almennum ákvæðum þeirra.²¹⁸ (áherslubr. höf)

Féllst embættið því ekki á það að milliganga álitsbeiðanda félli undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. og í raun væri um aðföng að ræða. Er þessi túlkun ríkisskattstjóra í samræmi við þá niðurstöðu sem dómstóll Evrópusambandsins komst að í þeim málum sem farið var yfir í kafla 5.3.

7.2.8 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2017

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 2/2017²¹⁹ var óskað eftir áliti ríkisskattstjóra á því hvort að þjónusta erlends einkaumboðsmanns, sbr. 20. gr. vvl., teldist falla undir undanþáguna frá virðisaukaksatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Álitsbeiðandi í þessu tilfelli var verðbréfafyrirtæki sem starfaði á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Meðal starfa félagsins var ákveðin milliganga um viðskipti með bæði innlend og erlend verðbréf. Til þess að sinna þessari fjármálaþjónustu á erlendri grundu þurfti að koma til milligöngu erlends félags sem myndi starfa sem einkaumboðsmaður félagsins. Taldi ríkisskattstjóri að félaginu bæri ekki að greiða virðisaukaskatt af umboðspókun til einkaumboðsmannsins samkvæmt áðurgildandi ákvæði 1. mgr. 35. gr. vskl. Hins vegar væri um virðisaukaskattskyldu að ræða ef að:

[...] í þóknuninni felist þjónusta sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. sömu laga (vskl.), þ.m.t. ráðgjafarþjónusta, sem veitt er án beinna tengsla við kaup eða sölu undanþeginnar fjármálaþjónustu þannig að slík þjónusta hafi sjálfstætt gildi

²¹⁸ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1096/2015, 1. september 2015, 11. mgr.

²¹⁹ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2017, 5. desember 2017.

*fyrir félagið og/eða viðskiptavini þess og þjónustan er nýtt hér á landi að hluta eða öllu leyti.*²²⁰ (áherslubr. höf.)

Áréttar ríkisskattstjóri með þessu að ráðgjafarþjónusta geti mögulega verið undanþegin virðisaukaskatti sé hún í beinum tengslum við sölu á undanþeginni fjármálaþjónustu sem og að hún hafi ekki sjálfstætt gildi fyrir tilskilið félag. Í þessu ljósi er vert að benda á umfjöllun í kafla 3.3.1 um skattskylda starfsemi fjármálafyrirtækja og er þar meðal annars fjármálaráðgjöf, bókhaldsþjónusta, rekstrarleiga, leiga lausafjármuna og sala á seðlaveskjum talin falla þar undir.²²¹

7.2.9 Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2017

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 3/17²²² var óskað eftir álitni embættisins varðandi það hvort að starfsemi er sneri að verðmætaflutningum fyrir fjármálafyrirtæki myndi teljast falla undir gildissvið 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. og af þeim sökum vera undanþegin virðisaukaskatti. Var um að ræða félag sem sérhæfði sig í heildarlausnum í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hafði félagið ávallt gefið út reikninga með virðisaukaskatti vegna þjónustu sinnar fyrir fjármálafyrirtæki. Taldi félagið að með tilkomu ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra nr. 1095/2015 væri kominn upp vafi varðandi það hvort að starfsemi félagsins væri virðisaukaskattsskyld eða ekki, á grundvelli 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Þar að auki hélt félagið því fram að þrátt fyrir að verðmætaflutningur væri ekki sérstaklega talinn upp á meðal þeirrar starfsemi sem lánastofnunum er ætlað að sinna væri hann engu að síður hluti af eðlilegri og nauðsynlegri starfsemi fjármálafyrirtækja með tilliti til eðlis þeirrar þjónustu sem bankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir veita. Enn fremur benti félagið á það að vandasant væri fyrir þessa aðila að stunda starfsemi sína án þess að hægt væri að flytja fjármagn á milli staða með skilvirkum og fljótlegum hætti. Segir ríkisskattstjóri í álitni sínu meðal annars að:

²²⁰ Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 2/2017, 5. desember 2017. Samkvæmt ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1095/2015 tekur undanþága 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. einungis til eiginlegrar, skilgreindrar þjónustu fjármálafyrirtækja, sbr. lög sem um þau gilda. Því tekur undanþágan ekki til annarrar starfsemi sem þessi fyrirtæki veita, enda er það ekki markmið ákvæðisins að undanskilja ákveðna starfsemi fjármálafyrirtækja sem er skattskyld hjá samkeppnisaðilum.

²²¹ Nánari upptalningu á skattskyldri starfsemi fjármálastofnana má meðal annars finna í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 1095/2015.

²²² Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2017, 5. desember 2017.

Af þessu tilefni skal tekið fram að tiltekin þjónusta verður ekki felld undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 með þeim rökum einum að hún sé nauðsynleg starfsemi fjármálafyrirtækja til þess að tryggja það að þau geti sinnt þeirri starfsemi sem þeim er ætlað að sinna lögum samkvæmt. Þvert á móti ber samkvæmt framansögðu að líta sérstaklega til eðlis starfseminnar og leggja sjálfstætt mat á það hvort hún falli innan marka ákvæðisins. Hvorki verðmætaflutningar og aðrir vöruflutningar né akstur sendi- og vöruflutningabifreiða falla innan leyfisskyldrar starfsemi fjármálafyrirtækja samkvæmt IV. kafla laga nr. 161/2002 heldur telst slík starfsemi til aðfanga þeirra og samkvæmt 4. mgr. 2. gr. njóta fjármálafyrirtæki ekki frádráttarheimildar í formi innskatts af kostnaði við slík aðföng.²²³ (áherslubr. höf.)

Var það því álit ríkisskattstjóra að starfsemi félagsins teldist ekki falla undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., enda var ekki séð að hægt væri að heimfæra umrædda þjónustu félagsins undir skilgreinda þjónustu banka, sparisjóða og annarra lánastofnana eða fjármálafyrirtækja sem starfa á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Verður þessi niðurstaða ríkisskattstjóra að teljast áhugaverð í samræmi við túlkun embættisins á undanþáguákvæðinu í eftirfarandi óbirtu *bindandi álit* þess nr. 05/17.

7.3 Bindandi álit

7.3.1 Óbirt bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 05/17

Í þessu óbirta *bindandi álit* ríkisskattstjóra nr. 05/17²²⁴ þurfti ríkisskattstjóri að gefa upp álit sitt varðandi það hvort að fyrirhuguð starfsemi nokkurra fjármálafyrirtækja, er sneri að rekstri seðlavers væri starfsemi sem væri undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Starfsemi seðlaversins fælist aðallega í því að meðhöndla og móttaka reiðufé, útdeila reiðufé og umsjá með hraðbönkum.

Í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu er kveðið á um að þau lög gildi ekki um „*Flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun, flutningur, umsýsla og afhending*“. Slík starfsemi fellur því ekki undir hugtakið greiðsluþjónusta og er ekki háð leyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Flutningur í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun, flutningur, umsýsla og afhending, er ekki undanþegin virðisaukaskatti á þeim grundvelli að slík þjónusta teljist vera greiðsluþjónusta. Bentu álitsbeiðendur á þá forsendu að þjónusta fyrirhugaðs seðlavers mundi felast í: flutningi, talningu, flokkun, þakningu og varðveislu reiðufjár,

²²³ sama heimild.

²²⁴ *Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 05/17, 15. mars 2017*

útskiptingu skemmdra seðla, viðtöku og afgreiðslu beiðna um reiðufé, seðlaáfyllingu hraðbanka og eftirliti með búnaði þeirra. Miðað við þá forsendu yrði að telja að þjónustan félli ekki undir hugtakið peningasending í skilningi laga nr. 120/2011, en fremur að hún samsvari þjónustunni „Flutningur í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun, flutningur, umsýsla og afhending. Enn fremur var talið að hin fyrirhugaða þjónusta í heild mundi mynda efnisþátt í undanþeginni þjónustu sem aðilarnir, er standa mundu að seðlaverinu, veita viðskiptavinum sínum. Ekki verður séð annað en að þjónustan mundi fela í sér fullnustu fjárhagslegrar athafnar og því síður að rekstrarfélag seðlavers mundi ábyrgjast slíka yfirfærslu. Þá verður ekki annað séð en að þjónustuþættir seðlaversins mundu mynda sjálfstæða þjónustuheild. Ekki er um það að ræða að þjónusta þessi sé auka- eða viðbótarþjónusta við undanþegna aðalþjónustu seðlaversins enda verður slíkri aðalþjónustu ekki fyrir að fara.

Af þessu mætti álykta að umrædd þjónusta við starfrækslu seðlavers félli ekki undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Aftur á móti komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að þessi starfsemi væri eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni stafsemi fjármálafyrirtækjanna sem og að ljóst væri að tiltekið seðlaver myndi ábyrgjast innlagnir og úttektir af reikningum, og þar af leiðandi fæli það í sér yfirfærslu réttinda. Taldi ríkisskattstjóri því að þessi fyrirhugaða starfsemi yrði undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

7.3.2 Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/17

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra nr. 06/17²²⁵ höfðu álitsbeiðendur í hyggju að stofna fagfjárfestastjóð sem rekinn væri af tveimur félögum A og B. Fram kom að B væri með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki en A, sem yrði dótturfélag B, væri sjálft ekki með slíkt starfsleyfi en hefði heimild til að veita móðurfélagi sínu leyfisskyldaþjónustu sbr. 5. tölul. 3. mgr. 3. gr. ffl. Var jafnframt áætlað að A yrði ábyrgðaraðili fagfjárfestastjóðsins.

Var því óskað eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra varðandi það hvort að áform félags B og A varðandi starfsemi á grundvelli samnings um eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf o.fl. og samnings um útvistun myndi teljast undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Fjallar ríkisskattstjóri mjög ítarlega um afmörkun undanþáguákvæðis 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. sem og starfsemi hvers félags fyrir sig. Kemur meðal annars fram í forsendum ríkisskattstjóra að:

²²⁵ Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/17, 31. mars 2017.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 er kveðið á um að *ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina haldist óbreytt þó að það feli öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr., sbr. einnig 8. mgr. 62. gr.* Samkvæmt fyrirbyggjandi samningsdrögum um útvistun verkefna mun A annast *eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf fyrir sjóðinn og tiltekna umsýslu sem rúmast innan framangreindra ákvæða 17. gr. laga nr. 128/2011.* Sem fyrr greinir eru eignastýring og fjárfestingarráðgjöf leyfisskyldar samkvæmt lögum nr. 161/2002, sbr. lög nr. 111/2007, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl., þar sem innleidd var svo nefnd MiFID-tilskipun Evrópusambandsins en með henni var fjárfestingarráðgjöf gerð leyfisskyld.²²⁶ (áherslubr. höf.)

Af þessu er ekki að sjá að það sé skilyrði fyrir því að þjónusta falli undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. að tilskilinn milliliður hafi borið ábyrgð á yfirfærslu réttinda í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Fremur er umrædd úthýst þjónusta, sem alla jafna væri talin virðisaukaskattskyld, ekki talin hafa sjálfstætt gildi ef hún stæði ein og sér og af þeim sökum falli hún undir undanþáguna. Taldi ríkisskattstjóri að tillit þyrfti að taka til tengsla félaganna og segir í álitsorðum embættisins:

Álitsbeiðendur teljast undanþegnir virðisaukaskatti á grundvelli 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, af fyrirhugaðri starfsemi sinni á grundvelli samningsdraga um eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf o.fl. og samningsdraga um útvistun verkefna þeirra sem beint falla undir undanþegna starfsemi móðurfélagsins.²²⁷

Er það álit höfundar að með þessu sé ríkisskattstjóri að túlka undanþágu frá virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. afskaplega rúmt og fylgir ekki eigin skilyrðum hvað túlkun á ákvæðinu varðar.

7.4 Úrskurðir yfirskattanefndar

7.4.1 Úrskurður yfirskattanefndar nr. 321/2009

Í þessum *úrskurði yfirskattanefndar nr. 321/2009*²²⁸ kærði skattaðili ákvörðun skattstjóra um að fella niður tilfærða undanþegna veltu í virðisaukaskattskilum hans. Starfsemi skattaðila fólst í því að koma á viðskiptum á milli erlends félags og greiðslukortafyrirtækja hér á landi, sem og að taka á móti greiðslum frá greiðslukortafyrirtækjum. Þar af leiðandi hlaut skattaðilinn þóknun fyrir milligöngu sína um innheimtu á netsölu í gegnum greiðslukortafyrirtæki á Íslandi.

²²⁶ sama heimild.

²²⁷ sama heimild.

²²⁸ *Úrskurður yfirskattanefndar nr. 321/2009.*

Taldi skattstjóri að þessi þjónusta væri að mestu eða að öllu leyti nýtt hér á landi og félli þar af leiðandi ekki undir þágildandi ákvæði 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl. Enn fremur taldi skattstjóri að sú þjónusta sem skattaðilinn veitti myndi ekki falla undir ákvæði c-d-liða 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. vskl.

Hins vegar taldi yfirskattanevnd að þjónusta skattaðilans einskorðaðist við það að taka við greiðslum og upplýsingum um greiðendur frá íslenskum greiðslufyrirtækjum fyrir hönd erlends aðila. Jafnframt var talið að ekki væri um að ræða sölu á tæknilegri þjónustu. Af þessum sökum taldi yfirskattanevnd að þjónusta skattaðilans væri fyllilega sambærileg við hliðstæðan þátt í starfsemi fjármálastofnana. Ekki er að sjá af úrskurðinum að yfirskattanevnd fari í frekari skilyrði hvað undanþáguna varðar, eins og til dæmis ábyrgð á yfirfærslu réttinda í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Var engu að síður starfsemi skattaðilans talin að öllu leyti undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

7.4.2 Úrskurður yfirskattanevndar nr. 153/2016

Í þessum úrskurði yfirskattanevndar nr. 153/2016²²⁹ var deilt um það hvort að skattaðili, sem kærði niðurstöðu ríkisskattstjóra, bæri að greiða virðisaukaskatt af kaupum á lögfræði- og fjármálaþjónustu af erlendum aðilum. Voru nokkur ágreiningsefni tekin fyrir í úrskurði þessum og verður því aðeins fjallað um þau er sneru að undanþágu virðisaukaskatts samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.

Áréttar yfirskattanevnd það meginviðhorf að gildissvið undanþágunnar í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. verði ekki talið rýmra en það sem svarar til starfsleyfisskyldrar starfsemi fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002. Því næst segir í úrskurðinum varðandi ráðgjafarþjónustu að:

Allt að einu verður að telja að fjármálaleg ráðgjafarþjónusta, sem viðskiptabankar og aðrar lánastofnanir veita í *nánum tengslum* við venjulega innláns- og útlánaþjónustu, viðskipti með fjármálagerninga eða aðra hliðstæða fjármálaþjónustu, þ.e. sem viðbótar- eða aukarþjónusta gagnvart slíkri þjónustu, geti fallið undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 á sama hátt og hin eiginlega banka- og lánastarfsemi (aðalþjónustan). Ráðgjafarþjónusta fjármálafyrirtækja sem veitt er *án slíkra tengsla, þannig að þjónustan hafi sjálfstætt*

²²⁹ Úrskurður yfirskattanevndar nr. 153/2016.

gildi fyrir kaupandann, verður á hinn bóginn að teljast falla utan undanþáguákvæðisins.²³⁰ (áherslubr. höf)

Féllst yfirskattanefnd því ekki á það með skattaðila að þjónustu erlends ráðgjafa, sem felst í öflun upplýsinga um erlent eignasafn og greiningu á því, mætti heimfæra undir gildissvið 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Var ekki farið nánar í frekari skilyrði varðandi undanþáguna eins og til að mynda ábyrgð á yfirfærslu réttinda í lagalegum og fjármálalegum skilningi.

7.5 Hæstaréttardómar

7.5.1 Hrd. 16. október 2008 í máli nr.106/2008

Í máli þessu²³¹ krafðist skattaðili að úrskurður yfirskattanefndar og úrskurður skattstjórans í Reykjavík yrðu felldir úr gildi. Laut ágreiningur málsins að því hvort að skattaðilanum, sem var bílaleiga, hefði verið heimilt að halda utan skattverðs sölu sinni á viðbótartryggingum til viðskiptavina sinna. Viðbótartryggingu þessa gátu viðskiptavinir bílaleigunnar keypt samhliða því að leigja hjá bílaleigunni bifreið til afnota. Því kom til álita hvort að bílaleigunni væri heimilt að selja umræddar tryggingar án þess að innheimta af slíkri sölu virðisaukaskatt. Hvað varðar undanþáguna frá virðisaukaskatti er váttryggingastarfsemi undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 9. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Í þessari undanþágu felst meðal annars sala á tryggingum í umboðssölu fyrir váttryggingafélag og væri sú þjónusta því undanþegin virðisaukaskatti þar sem hún væri í raun eiginleg váttryggingastarfsemi. Taldi Hæstiréttur hins vegar að þar sem að um undanþáguákvæði væri að ræða og að bílaleigan væri ekki tryggingafélag né með umboðssamning við slíkt félag, bæri að túlka undanþáguna þröngt. Jafnframt tók dómurinn fram að þar sem um undanþágu væri að ræða tæki ákvæðið ekki til fleiri tilvika en ætlast hefði verið til. Var svo talið að bílaleigan hefði með réttu átt að innheimta virðisaukaskatt af slíkri sölu viðbótartrygginga og hún því ekki undanþegin virðisaukaskatti.

7.6 Samantekt

Af þessum bréfum, úrskurðum og dómi má sjá að skattyfirvöld hafa verið að móta regluverk varðandi undanþáguákvæði virðisaukaskattslaga í gegnum árin. Einnig er ljóst að túlkun

²³⁰ *Úrskurður yfirskattanefndar nr. 153/2016. Má í þessu samhengi einnig benda á úrskurð yfirskattanefndar nr. 230/2006 sem og Hrd. 16. október 2008 í máli nr. 106/2008 hvað varðar sjónarmið um aðal-og aukapjónustu fjármálafyrirtækja.*

²³¹ *Hrd. 16. október 2008 í máli nr.106/2008*

varðandi greiðslumiðlun var mun rýmri á fyrri árum, sbr. *ákvarðandi bréf nr. 712/96* og *ákvarðandi bréf nr. 937/00*. Spilar þar jafnframt inn í tilkoma laga um greiðsluþjónustu og sú tækniþróun sem hefur átt sér stað síðan þau voru gefin út.

Túlkun ríkisskattstjóra í *ákvarðandi bréfi nr. 1096/2015* verður að teljast vera í samræmi við núverandi túlkun Evrópudómstólsins á undanþágu ákvæði 135. gr. vskt. Samkvæmt ofangreindum skilningi ríkisskattstjóra í *ákvarðandi bréfi nr. 1095/2015* þurfa öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt til að þjónusta veitt fjármálafyrirtæki falli undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.:

- 1) Að þjónustan sé eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í undanþeginni starfsemi fjármálafyrirtækja.
- 2) Að í heild feli þjónustan í sér ábyrgð á yfirfærslu réttinda, bæði í lagalegum og fjármálalegum skilningi.
- 3) Að þjónustan sé afmörkuð frá almennri tækniþjónustu.
- 4) Að ábyrgð á þjónustunni lúti ekki eingöngu að tækniþáttum hennar heldur sé um að ræða ábyrgð á færslunum sem slíkum gagnvart þjónustukaupa, þ.e. lánastofnun.²³²

Voru þessi skilyrði ekki útskýrð nánar á bréfinu og mun höfundur því reyna að leita leiða til að útskýra hvaða þættir skipta máli hvað þessi skilyrði varðar. Hvað fyrsta skilyrðið varðar verður að telja að í „eðlilegum og nauðsynlegum þætti“ í undanþeginni starfsemi felst að hin aðkeypta þjónusta fjármálafyrirtækisins þurfi að mynda efnisþátt í undanþeginni þjónustu sem fjármálafyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum. Endanlegir aðnjótendur hinnar aðkeyptu þjónustu verða því viðskiptavinir fjármálafyrirtækisins en ekki fjármálafyrirtækið sjálft. Greinir þar á milli „eðlilegs og nauðsynlegs þáttar“ og aðfanga til starfseminnar sem greiða ber virðisaukaskatt af við kaup, sbr. ákvæði 4. mgr. 2. gr. vskl. Hvað varðar annað skilyrðið um „yfirfærslu réttinda“ segir ríkisskattstjóri í óbirtu *bindandi álitinu nr. 06/08*²³³ að skilyrðið sé túlkað á þann veg að þjónustan verði að fela í sér breytingu á lagalegri og fjárhagslegri stöðu. Mætti líklegast lýsa þessu skilyrði á þann hátt að þjónustan verði að fela í sér fullnustu fjármálalegrar athafnar, í lagalegum og fjármálalegum skilningi, svo sem móttöku innlána,

²³² *Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1095/2015, 16. febrúar 2015.*

²³³ Óbirt *Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 06/08, 26. september 2008* þar sem ríkisskattstjóri fjallaði um dóm Evrópudómstólsins í máli *C-2/95 SDC* en til dómsins hafði álitseiddandi vísað í álitseiddni sinni. Túlkaði ríkisskattstjóri dóminn svo að dómstóllinn setji það skilyrði fyrir undanþágu „að þjónustan verði að fela í sér breytingu á lagalegri og fjárhagslegri stöðu, undanþegna þjónustan verði að vera afmörkuð frá almennri tækniþjónustu og ganga þurfi úr skugga um að ábyrgðin á þjónustunni lúti ekki eingöngu að tækniþáttum hennar heldur sé um að ræða raunverulega ábyrgð á færslunum sem slíkum.“

millifærslu fjár, greiðslumiðlun, útgáfu greiðslumiðla eða yfirfærslu réttinda samkvæmt verðbréfi.²³⁴ Enn fremur gerir annað skilyrðið kröfu um að „eðli þjónustunnar í heild“ feli í sér yfirfærslu réttinda. Með þessum orðum sínum um að þjónusta í heild feli í sér yfirfærslu réttinda vísar ríkisskattstjóri til þess að þjónusta kunni að vera samsett úr tveimur eða fleiri þáttum, sem gætu ýmist verið virðisaukaskattsskyldir eða undanþegnir virðisaukaskatti stæðu þeir einir sér. Hins vegar getur samtvinnun þáttanna verið slík að aðalþátturinn (aðalþjónustan) ráði því hvort þjónustan í heild sé virðisaukaskattsskyld eða undanþegin, þar með talin auka- eða viðbótarþjónusta. Ef aðalþjónusta er undanþegin virðisaukaskatti er viðbótar- eða aukapjónustan það einnig þótt sjálfstæð slík þjónusta væri virðisaukaskattsskyld. Kemur skýrt fram í *úrskurði yfirskattanevndar nr. 153/2016* að auka- eða viðbótarþjónusta er undanþegin virðisaukaskatti ef aðalþjónustan, sem hún tengist, er undanþegin virðisaukaskatti.²³⁵ Þótt afstaða þessi hafi ekki áður komið skýrt fram í úrskurðum yfirskattanevndar er um vel þekkt sjónarmið að ræða úr framkvæmd annarra ríkja á sambærilegu undanþáguákvæði. Ber því næst að líta til þess skilyrðis er varðar aðgreiningu undanþeginnar þjónustu við fjármálafyrirtæki frá almennri tækniþjónustu. Endurspeglar þetta skilyrði viðhorf ríkisskattstjóra sem fram kom í *bindandi álit hans nr. 06/08*, þar sem ganga þarf úr skugga um að þjónustan sem veitt er snúi ekki eingöngu að tækniþáttum fjármálastarfseminnar. Eru þessi sjónarmið í samræmi við þau sjónarmið sem Evrópuþingur lítur til í máli *C-2/95 SDC*, en af orðum dómsins má ráða að við mat á því, hvort að þjónusta upplýsingaþjónustufyrirtækis við fjármálafyrirtæki er undanþegin virðisaukaskatti, verði að gera greinarmun á þjónustu sem virt heildstætt hefur þá virkni að yfirfæra fjármuni með breytingu á réttar- og fjárhagsstöðu og þjónustu sem einungis

²³⁴ Höfundur er kunnugt um að slíkt orðalag hafi á árinu 2011 verið borið undir ríkisskattstjóra sem svaraði á eftirfarandi hátt: „Ríkisskattstjóri getur fallist á þessa afmörkun enda felur hún ekki í sér útvíkkun á þeirri skilgreiningu sem embættið hefur sett fram í skrifum sínum á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl.“

²³⁵ Sjá nánar *úrskurð yfirskattanevndar nr. 153/2016* þar sem yfirskattanevnd kemst þannig að orði: „Hvað snertir ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi, þar á meðal fjármálalega ráðgjöf, er til þess að líta að um er að ræða virðisaukaskattsskylda þjónustu, svo sem ákvæði c-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 ber með sér, sbr. og úrskurðaf framkvæmd sem rakin er hér að framan, enda tekur ekkert undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laganna til slíkrar þjónustu sérstaklega. Allt að einu verður að telja að fjármálaleg ráðgjafarþjónusta, sem viðskiptabankar og aðrar lánastofnanir veita í nánnum tengslum við venjulega innláns- og útlánþjónustu, viðskipti með fjármálagerminga eða aðra hliðstæða fjármálaþjónustu, þ.e. sem viðbótar- eða aukapjónustu gagnvart slíkri þjónustu, geti fallið undir undanþáguákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 á sama hátt og hin eiginlega banka- og lánastarfsemi (aðalþjónustan). Ráðgjafarþjónusta fjármálafyrirtækja sem veitt er án slíkra tengsla, þannig að þjónustan hafi sjálfstætt gildi fyrir kaupandann, verður á hinn bóginn að teljast falla utan undanþáguákvæðisins.“

felst í aðgengi að gagnavinnslukerfi. Hvað varðar fjórða og síðasta skilyrðið þarf þjónustan að „fela í sér breytingu á lagalegri og fjárhagslegri stöðu“, eins og ríkisskattstjóri kaus að orða það í óbirtu *bindandi álitinu nr. 6/08*, en hann fjallar um „ábyrgð á færslunum sem slíkum gagnvart þjónustukaupa“ í *ákvarðandi bréfi sínu nr. 1095/2015*.

Í máli *C-607/14 Bookit*, árétti Evrópudómstólinn að tilgangurinn með því að undanþiggja fjármálafyrirtæki frá virðisaukaskatti væri sá að erfitt eða jafnvel ómögulegt væri að finna út þann skattstofn sem leggja ætti virðisaukaskatt á í tengslum við þjónustu þeirra. Aftur á móti komst yfirskattanefnd að því í úrskurði sínum *nr. 321/2009*, nokkrum árum áður, að starfsemi fyrirtækis, sem telja verður afar svipaða og starfsemi fyrirtækisins sem umræddi í *ákvarðandi bréfi nr. 1096/2015*, félli undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Því næst ber að nefna *bindandi álit nr. 06/17* þar sem úthýsing á þjónustu við rekstur verðbréfasjóðs er talin falla undir undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. Í þeim rekstri felst eins og áður segir úthýst eignastýring, fjárfestingarráðgjöf o.fl. Hefur sú þjónusta alla jafna verið talin til skattskyldrar starfsemi fjármálafyrirækja, standi hún ein og sér sbr. *ákv. bréf ríkisskattsjóra nr. 1095/2015*. Í *ákvarðandi bréfi nr. 02/17* taldi ríkisskattstjóri að undanþágur 3. mgr. 2. gr. vskl. næðu yfir umboðssölu undanþeginnar þjónustu vskl., þar sem kveðið er á um að „*Vátryggingastarfsemi*“ sé undanþegin virðisaukaskatti. Þrátt fyrir að í því ákvæði sé ekkert vikið að milligöngu túlkaði ríkisskattstjóri ákvæðið svo að það næði til sölu á tryggingum í umboðssölu fyrir vátryggingafélög. Sömu niðurstöðu er að finna í *Hrd. 16. október 2008 í máli nr. 106/2008* og *úrskurði yfirskattanefndar nr. 230/2006*. Er þessi túlkun einnig í samræmi við danskan rétt.

Við samanburð á framangreindum álitum og úrskurðum virðist framkvæmdin ekki beint vera skýr. Svo virðist sem fyrrnefnd skilyrði í *ákvarðandi bréfi ríkisskattsjóra nr. 1095/2015* þurfi stundum að vera uppfyllt og stundum ekki, til þess að þjónusta teljist undanþegin virðisaukaskatti. Þetta á sérstaklega við um skilyrðið varðandi ábyrgð á yfirfærslu réttinda í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Til að mynda var það skilyrði ekki talið vera til staðar í *ákv. bréfi nr. 1096/2015* og þjónustan því ekki talin undanþegin virðisaukaskatti. Hins vegar var ekki sérstaklega tekið á þessu skilyrði í *ákv. bréfi 2/2017, bindandi álitinu nr. 06/17* né *úrskurði yfirskattanefndar nr. 321/2009*. Þykja því túlkanir skattyfirvalda á umræddu undanþáguákvæði, 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., hafa þrengst talsvert á undanförunum árum.

Af *ákvarðandi bréfi nr. 1095/2015* og *ákvarðandi bréfi nr. 1096/2015* má ætla að ríkisskattstjóri telji miðlun greiðsluþjónustu vera virðisaukaskattsskylda, nema tilkomi ábyrgð miðlara á yfirfærslu réttinda, bæði í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Með þessu telst það vera ljóst að íslensk fjármálafyrirtæki sem veita greiðsluþjónustu á grundvelli laga nr. 120/2011, standa höllum fæti í samkeppni við veitendur greiðsluþjónustu sem heimilisfastir

eru í nágrannaríkjum. Þar að auki verður að telja að slíkt fyrirkomulag hafi samkeppnishamlandi áhrif sem er andstætt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að líta til í þessum málum, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.2. Þykir þessi framkvæmd því veita óskýra mynd af því hvort að ákveðin þjónusta aðila teljist undanþegin virðisaukaskatti eða ekki. Af þessum sökum og sér í lagi í ljósi þess að ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. hefur ekki breyst síðan 1988, þykir nauðsynlegt að breyta umræddu lagaákvæði.

8. Samanburður á réttarreglum í nágrannaríkjum

8.1 Almennt

Allt frá síðari hluta 19. aldar hefur ákveðin norræn löggjafarsamvinna átt sér stað á milli Norðurlandanna.²³⁶ Hafa íslensk stjórnvöld því litið mikið til Danmerkur og Noregs við lagasetningu hér á landi í gegnum tíðina. Við setningu laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 var tekið sérstakt tillit til lagareglna og reynslu nágrannaþjóða okkar, þá einkum Dana. Var fyrri frumvarpi til laga um virðisaukaskatt breytt allmikið og var það aðlagð í ríkari mæli að þeirri uppsetningu og efnisskipan sem finna mátti í dönsku lögunum um virðisaukaskatt, og úr varð það frumvarp sem varð að lögum nr. 50/1988.²³⁷ Kemur einnig fram í frumvarpi til laga um virðisaukaskatt að:

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að um nokkurt skeið hafa verið viðræður milli annarra Norðurlandaþjóða um samræmingu á löggjöf þeirra um virðisaukaskatt. Líklegt er að dönsku löggin verði einkum höfð til hliðsjónar við þá samræmingu ef af verður.²³⁸

Þróun íslenskrar skattalöggjafar hefur á liðnum árum verið í átt til samræmis við rétt nágrannaríkja, ekki síst vegna aðildar að EES og þátttöku í starfi OECD. Ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt hafa haft slíkt samræmi að markmiði. Þykir því vel við hæfi að bera saman sambærilegt lagaákvæði um undanþágu frá virðisaukaskatti í lögum um virðisaukaskatt í Danmörku. Þar að auki verða sambærilegar réttarreglur í Noregi skoðaðar til samanburðar.

²³⁶ Berglind Ýr Karlsdóttir, „Norrænt lagasamstarf: þátttaka Íslands frá upphafi“ (2007) 4 (1) Tímarit Lögréttu 63, 65.

²³⁷ Alþt. 1987-1988, A-deild, þskj. 781 – 431. mál, kafli 1, mgr. 5.

²³⁸ sama heimild, kafli 1, mgr. 5.

8.2 Réttarreglur í Danmörku

Eins og áður er kveðið á um var höfð hliðsjón af dönskum rétti við setningu laga um virðisaukaskatt hér á landi. Samt sem áður er ákvæði dönsku virðisaukaskattslaganna (d. *Momsloven nr. 1021 af 26.09.2019*) er varðar undanþágu fjármálaþjónustu frá virðisaukaskatti afar frábrugðið íslenska ákvæðinu í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. Hefur þar tiltekin áhrif að Danmörk er hluti af Evrópusambandinu og er því undanþáguákvæði þeirra virðisaukaskattslaga í samræmi við virðisaukaskattstilskipun ESB og er það svohljóðandi:

§ 13. Følgende varer og ydelser er fritaget for afgift:

...

11) Følgende finansielle aktiviteter:

- a) Långivning og formidling af lån samt långivers forvaltning af egne udlån.
- b) Sikkerheds- og garantistillelse, herunder forhandlinger herom, samt forvaltning af kreditgarantier ved den, der har ydet kreditten.
- c) Transaktioner, herunder forhandlinger, vedrørende anbringelse af midler, kontokurantkonti, betalinger, overførsler, fordringer, checks og andre handelsdokumenter, dog ikke inddrivelse af fordringer.
- d) Transaktioner, herunder forhandlinger, vedrørende valuta, pengesedler og mønter, der anvendes som lovligt betalingsmiddel, bortset fra samlerobjekter.
- e) Transaktioner, herunder forhandlinger, med undtagelse af forvaring og forvaltning, i forbindelse med værdipapirer, bortset fra varerepræsentativer og dokumenter, der giver bestemte rettigheder, herunder brugsrettigheder, over fast ejendom, samt andele og aktier, når besiddelsen heraf retligt eller faktisk sikrer rettigheder som ejer eller bruger over en fast ejendom eller en del af en fast ejendom.
- f) Forvaltning af investeringsforeninger.²³⁹

Eins og sjá má er með mun ítarlegri hætti talin upp sú þjónusta sem undanþegin er virðisaukaskatti. Er því um að ræða sambærilegt ákvæði og 135. gr. vskt., sbr. umfjöllun í kafla 6.1.2. Þar sem talin er upp nákvæmlega sú þjónusta, sem undanþegin er, með tæmandi hætti gefur ákvæðið því mun minni möguleika á sveigjanleika við túlkun þess. Þykir vert að benda á að í íslenskri skattframkvæmd hefur jafnan verið litið til danska ákvæðisins hvað varðar undanþágu frá virðisaukaskatti. Því fæli nýtt ákvæði í íslenskri löggjöf, sem myndi byggja á því danska, í sér að fjölmörg fordæmi úr danskri dóma- og úrskurðarframkvæmd myndi fylgja með sem fengur er að.

²³⁹ Momsloven nr. 1021 af 26.09.2019, 13. gr.

8.3 Réttarreglur í Noregi

Í norsku virðisaukaskattslögunum (n. *Lov om merverdiavgift (merverdiavgiftsloven) 19. juni 2009 nr. 58*) er kveðið á um undanþágu virðisaukaskatts varðandi fjármálaþjónustu og er ákvæðið svohljóðandi:

§ 3-6. Finansielle tjenester

Omsetning og formidling av finansielle tjenester er unntatt fra loven, herunder

- a) omsetning av forsikringstjenester
- b) omsetning av finansieringstjenester, likevel ikke finansiell leasing
- c) utføring av betalingsoppdrag
- d) omsetning av gyldige betalingsmidler
- e) omsetning av finansielle instrumenter og lignende
- f) forvaltning av verdipapirfond
- g) forvaltning av investeringsselskap²⁴⁰

Tiltekur þetta undanþáguákvæði með aðeins nánari hætti en það íslenska, hvaða þjónusta er undanþegin. Jafnframt er kveðið á um ákveðna þjónustu en ekki þær stofnanir sem hana veita. Hafa norsk skattyfirvöld leitast við að túlka umrætt ákvæði í samræmi við undanþáguákvæði virðisaukaskattstilskipunar Evrópusambandsins, sbr. umfjöllun í kafla 6.1.1. Túlka því Norðmenn ákvæðið með hliðsjón af framkvæmd innan Evrópuréttarins.²⁴¹ Í seinni tíð hafa íslensk stjórnvöld bæði við gerð lagafrumvarpa og við túlkun skattalaga í auknum mæli verið horft til norsks réttar, að virtri sambærilegri stöðu Noregs og Íslands gagnvart ESB rétti.

8.4 Samantekt

Meðal þeirra annmarka sem finna má á íslenska undanþáguákvæðinu í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., er að í því er ekkert vikið að miðlun þriðja aðila á þjónustu fjármálaþjónustakjara, gagnstætt því sem gert er bæði í danska og norska ákvæðinu, þar sem kveðið er á um að slík þjónusta sé undanþegin virðisaukaskatti. Svo hefur verið talið að ef um er að ræða skattaívilnanir, virðast skattgreiðendur leitast við að heimfæra atvik og aðstæður sínar að þeim atvikum sem skattaívilnunin byggir á. Af þessum sökum virðist löggjafinn, leitast við að hafa skattálagningarákvæði sín orðuð rúmt, en ívilnanir orðaðar þröngt og helst tæmandi taldar. Það þýðir þó ekki að skýra skuli ákvæði skattalaga þrengjandi skýringu eða að undantekningareglur

²⁴⁰ Lov om merverdiavgift (merverdiavgiftsloven) 19. juni 2009 nr. 58, gr. 3-6.

²⁴¹ The Norwegian Tax Administration, „Merverdiavgiftshandboken 2020“ 239-240. <<https://www.skatteetaten.no/globalassets/rettskilder/handboker/mva/merverdiavgiftshandboken2020---16.utgave.pdf>> skoðað 19. apríl 2020.

beri að skýra rúmt.²⁴² Í þessu samhengi er vert að benda á að varhugavert getur verið að hafa tæmandi upptalningu í undanþáguákvæði þegar það kemur að tæknilegri þjónustu sem þróast og breytist hratt. Þar að auki er nauðsynlegt að skýra ákvæðið nánar með einhverju móti, þar sem það þykir verulega óljóst sem stendur. Þar að auki ber íslenskum stjórnvöldum að samræma löggjöf að vissu marki, innan EES, svo að hún mismuni ekki aðilum á því svæði.

Telja verður líklegt að íslensk stjórnvöld muni líta annaðhvort til danska eða norska ákvæðisins til viðmiðunar við breytingu á lögum um virðisaukaskatt á komandi haustþingi, sbr. umfjöllun í kafla 4.4. Eins og fram kom í kafla 8.1 hefur gjarnan verið litið til nágrannaríkja Íslands við setningu laga hér á landi og var það einnig gert við setningu laga um virðisaukaskatt. Ekki liggur ljóst fyrir hvort farið verði eftir hinu danska eða norska ákvæði við endurskoðun virðisaukaskattslagana, en telja verður líklegt að litið verði til annars hvors þeirra við gerð frumvarps til laga um breytingar á virðisaukaskattslögunum í haust.

9. Lokaorð

Meginmarkmið ritgerðarinnar var að varpa ljósi á það hvernig túlkun skattyfirvalda á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., hefur þróast í gegnum árin og var sérstök áhersla lögð á samburð á túlkun skattyfirvalda á ákvæðinu er varðar greiðslumiðlun. Enn fremur var stefnt að því að fjalla um þau vandamál sem núverandi lagaákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. hefur í för með sér. Eins og af framangreindri umfjöllun má sjá hefur það verið í höndum skattyfirvalda, þá aðallega ríkisskattstjóra, að túlka ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. í gegnum árin. Hefur skapast mikil óvissa í kringum túlkun ákvæðisins þar sem engin breyting hefur átt sér stað á því síðan að virðisaukaskattslögin voru sett árið 1988. Verður nú farið yfir helstu niðurstöður hvað ofangreind álitæfni varðar.

Í samræmi við fyrri umfjöllun ritgerðarinnar varðandi skattframkvæmd á Íslandi þarf lagaheimild að vera fyrir hendi til þess að leggja megi skatta á aðila og það sama gildir um breytingu og afnám skatta, sbr. 77. gr. stjkskr. Reynir jafnframt á réttarvernd einstaklinga og lögaðila í skattamálum þar sem þeir standa einir gegn hinu opinbera. Af þessum sökum verður það að teljast nauðsynlegt að stjórnskipuleg skilyrði skattlagningar standist skoðun. Þar að auki þykir vert að ítreka það að lagasetningarvaldið er í höndum löggjafans sem og forseta Íslands, sbr. 2. gr. stjkskr. Þykir því afkáralegt að það hefur verið í höndum skattyfirvalda einum, í gegnum öll þessi ár, að taka ákvörðun um það hvort að tiltekin starfsemi falli undir

²⁴² Davíð Þór Björgvinsson (n. 198) 179.

undanþáguna í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. eða ekki. Eðlilegt er að skattyfirvöld túlki ákvæði skattalaga en verður að telja að strangari reglur þurfi að gilda þegar umræðir undanþáguákvæði skattalaga sem orðuð eru með mjög almennum hætti. Þykir viðleitni íslenskra skattyfirvalda því skiljanleg til að skýra ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl., um að undanþegin sé „þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamíðlun“, til samræmis við hin mun ítarlegri og skýrari ákvæði evrópsku virðisaukaskattstilskipunarinnar sem og ákvæði nágrannaríkja. Aftur á móti geta slíkar skýringar þó reynt á þanþol viðurkenndra lögskýringaaðferða meira en góðu hófi gegnir. Því fer fjarri að túlkanir stjórnvalda á ákvæðinu hafi alltaf komið til móts við rétt nágrannaríkja eða allar verið á einn veg. Hið ofurknappa orðalag ákvæðisins hefur í ríkum mæli knúið á um túlkun þess. Mismunandi túlkanir frá einum tíma til annars hafa því aukið á óvissu um efnisinntak ákvæðisins.

Jafnframt fellur það í hlut ríkisskattstjóra að tryggja samræmi í skattákvörðunum almennt. Þykir framkvæmd embættisins hvað varðar túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. ekki nægilega skýr og verður það að teljast vandasamt. Í þessu sambandi má meðal annars benda á mismunandi túlkun ríkisskattstjóra í *ákvarðandi bréfi hans nr. 1095/2015* og *ákvarðandi bréfi nr. 1096/215* annars vegar og túlkun hans í *ákvarðandi bréfi nr. 2/17* og *bindandi álit nr. 06/17* hins vegar. Þar að auki má sjá afar misvísandi túlkun á ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. eftir tilkomu *ákvarðandi bréfs nr. 1095/2015*, þrátt fyrir að markmið ríkisskattstjóra með því bréfi var að skýra það út fyrir aðilum hvaða skilyrði það eru sem þurfa að vera uppfyllt til þess að starfsemi teljist vera undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðinu. Má í þessu samhengi nefna það skilyrði er varðar ábyrgð á yfirfærslu réttinda í lagalegum og fjármálalegum skilningi, sem embættið telur að þurfi að vera til staðar svo að undanþága 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. eigi við. Samt sem áður verður ekki séð að það skilyrði sé uppfyllt í *bindandi álit nr. 06/17* og því fer embættið á skjön við eigin leiðbeiningar.

Er það einnig í höndum skattyfirvalda að sjá til þess að jafnræðis sé gætt innan stjórnsýslunnar í skattamálum. Enn fremur er vert að benda á í þessu samhengi að Ísland er aðili að EES-samningnum og er með þeirri aðild búið að skuldbinda sig til þess að fylgja ákveðnum reglum þegar kemur að réttindum og skyldum aðila. Samkvæmt *ákvarðandi bréfi nr. 1095/2015* og *ákvarðandi bréfi nr. 1096/2015* má líta svo á að ríkisskattstjóri telji að miðlun greiðsluþjónustu sé virðisaukaskattskyld starfsemi, nema að tilkomi ábyrgð miðlara á yfirfærslu réttinda, bæði í lagalegum og fjármálalegum skilningi. Ef þannig er í pottinn búið má ljóst vera að íslensk fjármála fyrirtæki sem veita greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011, standa höllum fæti í samkeppni við veitendur greiðsluþjónustu sem heimilisfastir eru í nágrannaríkjum. Enn fremur hefur slíkt samkeppnishamlandi áhrif sem er andstætt

ofangreindum alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda. Stangast þessi túlkun einnig á við þær þrjár meginreglur sem í gildi eru um fjármálastarfsemi innan EES. Fyrsta meginreglan felur í sér að fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi í aðildarríki, hefur heimild til þess að opna útibú í hverju aðildarríki sem er, án sérstaks leyfis stjórnvalda í því ríki. Í öðru lagi er eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækis í höndum eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækisins. Í þriðja lagi skal samræma reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja í aðildarríkjunum svo að starfsumhverfi þeirra verði sambærilegt. Með þessu fyrirkomulagi verður að telja, eins og áður segir, að ákveðin mismunun hvað varðar íslensk fjármálafyrirtæki eigi sér stað þar sem aðrar reglur gilda um þau en sambærileg fyrirtæki í nágrannaríkjum okkar. Þer að nefna í þessu samhengi að það sem hefur gert fjártæknifyrirtækjum hvað erfiðast fyrir undanfarin ár er strangt regluverk sem gildir um veitingu fjármálaþjónustu. Því hefur mismunandi virðisaukaskattsmeðferð varðandi fjártæknifyrirtæki annars vegar og viðskiptabanka og lánastofnanir gríðarlega mikil áhrif á þessi nýju fyrirtæki. Mun þetta teljast einstaklega fráhrindandi fyrir nýja markaðsaðila. Með tilkomu nýrra reglna PSD2-tilskipunarinnar, sem verður að öllum líkindum innleidd í íslenskan rétt á komandi árum, er aftur á móti stefnt að því að bæta úr þessu misræmi.

Telja verður að núverandi ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. nái ekki yfir þann raunveruleika sem er að eiga sér stað í viðskiptalífínu í dag. Upptalning ákvæðisins endurspeglar engan veginn þá tækniþróun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum, sbr. ofangreind umfjöllun, og skapar þessi staða því gríðarlegt misræmi á milli aðila sem teljast falla undir ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. og þeirra sem falla utan þess. Þar að auki verður ávallt erfiðara og erfiðara, sérstaklega með tilkomu tækninýjuna, að aðgreina undanþegna þjónustu við fjármálafyrirtæki frá almennri tækniþjónustu. Þykir í þessu samhengi vert að nefna það að grundvallaratriðið í löggjöf um virðisaukaskatt er að hún sé skilvirk, hlutlaus og sanngjörn og hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni milli aðila í sambærilegri stöðu. Þykir jafnan athyglisvert að líta til þess að lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um fjársýsluskatt, lögum um tekjuskatt og fleiri lögum hefur verið breytt í gegnum tíðina til að bregðast við nýrri tækniþróun og fleiri samfélagslegum breytingum sem hafa átt sér stað í heiminum. Engu að síður hefur ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. ekki verið breytt síðan lögin voru sett og þar að auki hefur engin reglugerð verið sett til frekari fyllingar á grundvelli heimildarákvæðis í 7. mgr. 2. gr. vskl.

Eins og fram kemur í ritgerð þessari er ljóst að lagabreyting er áætluð hvað undanþáguákvæði virðisaukaskattslögin varðar. Aftur á móti er ekki ljóst nákvæmlega hvenær sú breyting mun eiga sér stað en stjórnvöld reikna með því að leggja fram frumvarp til laga um

breytingu á lögum um virðisaukaskatt á komandi haustþingi, árið 2020. Er ljóst að óvissu um efni ákvæðisins verður ekki eytt nema það verði stórlega aukið og endurbætt, eða að lágmarki að ákvæðinu til fyllingar verði sett reglugerð eins og áður segir, á grundvelli heimildar í 7. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Því verður að telja að núverandi ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. sé óunandi í ljós alls framanritaðs.

Heimildaskrá

Aðalsteinn Egill Jónasson, *Viðskipti með fjármálagerninga* (Codex 2009)

Amand, Christian, „EU VAT and Financial Services: Which Rules, What Consequences and Which Possible Solutions?“ (2019) 30 (5) International VAT Monitor <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/International-VAT-Monitor/collections/ivm/html/ivm_2019_05_e2_3.html> skoðað 18. febrúar 2020

Andrés Magnússon, „Bankar Framtíðar“ *Viðskiptablaðið* (Reykjavík, 3. september 2017) <<http://www.vb.is/frettir/bankar-framtidar/141013/>> skoðað 31. mars 2020

Arnar Þór Jónsson, *Lög og samfélag* (Háskólinn í Reykjavík 2016)

Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Bókaútgáfa Orators 1989)

Ásmundur G. Vilhjálmsson, *Skattaréttur 4* (Ásmundur G Vilhjálmsson 1996)

——, *EES-samningurinn og íslenskur skattaréttur* (SkattVís 2014)

Benedikt Egill Árnason og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, „Staða á Innleiðingu PSD2“ (*LOGOS lögmannsþjónusta*) <<http://www.logos.is/frettir/frett/stada-a-innleiðingu-psd2>> skoðað 6. apríl 2020

Beretta G, „VAT on Financial and Insurance Services at the Dawn of the Fourth Industrial Revolution“ (2018) 29 (4) International VAT Monitor 142

Berglind Ýr Karlsdóttir, „Norrænt lagasamstarf: þátttaka Íslands frá upphafi“ (2007) 4 (1) Tímarit Lögréttu 63

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: undirstöður og handhafar ríkisvalds* (Codex 2015)

Breimer B, van der Kroft J og Kuijsten P, „European Union - How Can VAT Symmetry Drive Payments Innovation?“ (2019) 21 (1) Derivatives & Financial Instruments <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/Derivatives-and-Financial-Instruments/collections/dfi/html/dfi_2019_01_e2_1.html> skoðað 6. apríl 2020

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík ; JPV útgáfa 2008)

Diljá Helgadóttir, „The Interaction Between Directive 2015/2366 (EU) on Payment Services and Regulation (EU) 2016/679 on General Data Protection Concerning Third Party Players.“ (2020) 23 Trinity College Law Review 199

Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir, „Spurningar og svör um skattkerfið“ (Alþýðusamband Íslands 1999) <<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/5465/skattar.pdf?sequence=1>> skoðað 6. febrúar 2020

Einarsdóttir M og Helgadóttir D, „Þáttaskil í löggjöf á greiðsluþjónustumarkaði: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/2366/EB (PSD II)“ <https://www.ru.is/media/logretta/Thattaski_i_loggjof_a_greiðsluthjonustumarkadi.pdf> skoðað 7. mars 2020

European Commission, „VAT treatment of financial and insurance services - update“ (European Commission 15. mars 2019) <<https://circabc.europa.eu/sd/a/8711fa44-e909-4d70-b9af-bdc831c526e9/GFV%20087%20-%20VAT%20treatment%20of%20financial%20and%20insurance%20services%20-%20update%20-%20EN.pdf>> skoðað 7. apríl 2020

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.)“ <[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2577](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2577)> skoðað 14. apríl 2020

Fjármálaeftirlitið, „Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2018“ (13. júní 2019) <<https://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/lanastofnanir/>> skoðað 18. apríl 2020

Forsætisráðuneytið, „Starfsskilyrði stjórnvalda: skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stórnýslu.“ (Forsætisráðuneytið 1999)

Friðrik Þór Snorrason, „Ísland - Ekki Lengur Eyland á Fjármálamarkaði“ (*rb.is*, 29. ágúst 2017) <<http://www.rb.is/frett/island-ekki-lengur-eyland-a-fjarmalamarkadi>> skoðað 15. mars 2020

—, „Fjármálamarkaðurinn Fyrir Og Eftir Ný Lög Um Greiðsluþjónustu“ (*rb.is*) <<http://www.rb.is/frett/fjarmalamarkadurinn-fyrir-og-eftir-ny-log-um-greidsluthjonustu>> skoðað 16. mars 2020

Gunnar G. Schram, *Evrópubandalagið* (Háskólaútgáfan 1990)

Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon, „Kaflar í Réttarheimspeki“ (2016) 12 (1) Stjórnmal og Stjórnýsla 1

Helena Pálsdóttir, „Tæknin, internetið og fjármálaþjónusta“ (2017) 2 Fjármál 2

Hellerstein, Walter, „An Introduction to the OECD’s International VAT/GST Guidelines“ (2016) 125 (6) *Journal of Taxation*; New York 256

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, „FinTech - framtíð fjármálagerninga“ (2017) 1 Fjármál 5

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, „Hvenær öðlast PSD2 gildi hér á landi?“ (2018) 1 Fjármál 15

Holmes OW, *The Common Law* (Echo Library 2007)

Kiekebeld BJ, *Harmful Tax Competition in the European Union: Code of Conduct, Countermeasures and EU Law* (Kluwer 2004)

Kristján Gunnar Valdimarsson, „Skattasniðganga“ (1999) 49 (3) *Tímarit Lögfræðinga* 219

Matthías Johannessen, Halldór Laxness, *Skeggraður gegnum tíðina* (Helgafell 1972)

Páll Hreinsson, *Málsmeðferð stjórnvalda* (Fons Juris 2019)

Ríkisskattstjóri, *Handbók um virðisaukaskatt 1998* (Ríkisskattstjóri 1998)

——, „Annáll nútíma skattasögu“ (*Skatturinn - skattar og gjöld*) <<https://www.rsk.is/um-rsk/saga-skatta/annall/1841-fyrirsogn>> skoðað 12. mars 2020

——, „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ Ríkisskattstjóri janúar 2019 <https://www.rsk.is/media/baeklingar/rsk_1119.is.pdf> skoðað 15. febrúar 2020

Rohatgi, Roy, *Basic International Taxation* (Kluwer Law International 2002)

Rose, Charlotte, „Single Euro Payment Area - Are You Ready?“ (*Credit Management*, maí 2013)

<<https://hrproxy.hir.is:2125/docview/1371848664/12F41172BA2F4401PQ/2?accountid=28419>> skoðað 7. mars 2020

Samtök Fjármálafyrirtækja, „Bankastarfsemi“ <<https://www.sff.is/malaflokkar/bankastarfsemi>> skoðað 21. apríl 2020

——, „Verðbréfastarfsemi“ <<https://www.sff.is/malaflokkar/verdbrefastarfsemi>> skoðað 21. apríl 2020

Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir“ (Seðlabanki Íslands 2013) <<https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir%202013%20ritid%20%C3%AD%20heild.pdf>> skoðað 1. mars 2020

Terra BJM og Wattèl PJ, *European Tax Law* (4th edition, Kluwer Law International 2006)

The Norwegian Tax Administration, „Merverdiavgiftshandboken 2020“ <<https://www.skatteetaten.no/globalassets/rettskilder/handboker/mva/merverdiavgiftshandboken2020---16.utgave.pdf>> skoðað 19. apríl 2020

van Brederode RF og Krever RE, „Current and Recurring Issues with Taxing Financial Services under VAT“ (2019) 73 (6/7) *Bulletin for International Taxation* <https://www.ibfd.org/IBFD-Products/Journal-Articles/Bulletin-for-International-Taxation/collections/bit/html/bit_2019_06_int_3.html> skoðað 17. febrúar 2020

Vasiljeva, Tatjana, „Commercial Banks and FinTech Companies in the digital transformation: Challenges for the future“ (2016) 11 *Journal of Business Management* 25